

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 9. febrúar 2013 | 34. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefni Ólafsson, C. og Cent. Gellur, janúar - mars 2012



700 SPRAUTUFÍKLAR

Sprautufíklahópurinn á Íslandi hefur elst mikið undanfarin ár. Talið er að hér séu á bilinu 500 til 700 virkir fíklar, þar af um 300 sem sprauta sig daglega með fíkniefnum í æð. Meginþorri hópsins er á aldrinum 35 til 45 ára og segja forsvarsmenn heilbrigðiskerfisins það alvarlegt mál þar sem hærri aldri fylgi fleiri sýkingar, alvarlegri sjúkdómar og félagsleg vandamál. ► 22 og 24

552-2440
TAXI **BBS** TAXI
Ágætu viðskiptavinir
Bjóðum Öryrkjum og
ellilífeyrisþegum
20% afslátt
af öllum akstri.
Miðað við staðgreiðslu DEBIT
BORGARBÍLASTÖÐIN
552 - 2440

**ROKKARINN OG
FAÐIRINN 28**

**HINN
DÆMIGERÐI
ÍSLENDINGUR 30**

2 SÉRBLÖÐ
Fólk | Atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Aukablað Konfúsíusar-
stofnunarinnar fylgir
Fréttablaðinu í dag.



4 dagar
til öskudags
PARTÝBÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11, Reykjavík • Amarahúsinu, Akureyri
partybudin.is • s. 534 0534



**NÝR BÆKLINGUR
KOMINN ÚT!**



SKANNAÐU
QR KÓÐANN
OG SKOÐAÐU
BÆKLINGINN

ÚRVAL-ÚTSÝN

KOLGRAFAFJÖRÐUR
SETTUR Í GJÖRGÆSLU 4LOFAR AÐ FRAMSÓKN
MUNI EKKI BREGÐAST 6

„Ég er að verða sjötugur svo það er alveg kominn tími til að aðrir taki við keflinu.“ 6

Sigurður H. Richter
vísindamaður.

HANNA BIRNA
TEKUR AF SKARIÐ 8

SKOÐUN 12→16

NÝR FORMAÐUR HELDUR
Á TÍMASPRENGJU 12

Porsteinn Pálsson um Samfylkinguna.

LÝÐRÆÐIÐ Í ÖNDVEGI 16

Jóhanna Sigurðardóttir um
jafnaðarstjórn.

HELGIN 18→54

HINN DÆMIGERÐI ÍSLENDINGUR 30

Hvað eiga flestir Íslendingar sameiginlegt?

GLÍMAN ER LÍFSSTÍLL 32

John Kavanagh, aðalþjálfari íþróttafélagsins Mjónis, segir blandaða bardagalist eiga framtíðina fyrir sér á Íslandi.

KVOSIN KVARTÖLD
SÍÐAR 36

Guðmundur Ingólfsson sýnir myndir úr Kvosinni sem teknar voru á árunum 1986 og 2011.

HÆ ÁRNI 38

Árni Pétur Guðjónsson leikari er á flugi og segist vera á seinna blómgunartímabili.

ELDAÐ TIL SÍÐASTA
OLÍUDROPA 50

Jenný Rúnarsdóttir og Gunnar Helgi Guðjónsson standa tvö eftir í MasterChef.

KRAKKAÞÍÐA 52
KROSSGÁTA 54

MENNING 64→82



INNLIÐ Í GLIT 64

Munir úr leirbrenslunni Gliti eru í öndvegi á sýningu í Hönnunarsafni Íslands.

GOTT AÐ DÝFA Í 70

Uppskriftir að þremur ídýfum.

HVERJUM KLUKKAN
GLYMUR 82

Ólafur Darri Ólafsson verður rödd klukkunnar og Símans.

SPORT 76→77

EKKI MEIRA MED 76

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, landsliðskona í handbolta, er ólétt og spilar ekki meira með Val í vetur.



FIMM Í FRÉTTUM FÍKNIEFNAPRÓF OG MORÐTILRÆÐI



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Binni í Vinnslustöðinni, hefur litla þolinmæði fyrir ólífnaði. Hann lét starfsfólk sitt taka fíkniefnapróf og rak svo ellefu sjómenn.



Aníta Hinriksdóttir er bara sextán ára en slær samt hvert hlaupametíð á fætur öðru. Nú síðast sló hún eigið Íslandsmet í 800 metra hlaupi.



Skúli Eggert Sigurz, framkvæmdastjóri Lagastöðar, hefur ekki látið bugast þótt hann hafi orðið fyrir hrottalegu morðtilræði í fyrra. Hann sagði Kastljósi sögu sína í vikunni.



Sagnfræðingurinn Gunnar F. Guðmundsson er handhafi íslensku bókmenntaverðlaunanna 2013 fyrir rit sitt um Jón Sveinsson, eða Nonna.



→ Ragnheiður Bragadóttir, prófessor í refsirétti, kvaddi sér hljóðs í vikunni og sagði Hæstarétt hafa gert alvarleg mistök með dómi sínum í kynferðisbrotamáli. Ragnheiður samdi einmitt þann kafla hegningarlaga.

Pallbíllinn er of stór
fyrir bílastæði í 101

Íbúi í Þingholtunum fær ekki íbúakort frá Bílastæðasjóði þar sem pallbíll hans er of stór fyrir bílastæðin samkvæmt reglugerð um bílastæði og hámarkslengd bíla. Verið að passa upp á lífsgæði íbúa, segir framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.

NEYTENDAMÁL „Kaupi íbúar í pósthúsi 101 pallbíl þurfa þeir að gjalda fyrir það dýru stöðumælaverði, sem er mun dýrara en kaup á íbúakorti,“ segir Egill Þórðarson, íbúi í Þingholtunum. Hann fær ekki íbúakort frá Bílastæðasjóði þar sem pallbíll hans er of stór fyrir stæðin samkvæmt reglugerð sjóðsins.

Egill segist hafa ætlað að endurnýja íbúakort sitt þegar hann keypti pallbíllinn, sem er af gerðinni Ford Explorer Sport Track. Þá hafi hins vegar komið í ljós að nýi bíllinn væri sex sentímetrum of langur, miðað við hámarkslengdina sem leyfileg er samkvæmt reglum Bílastæðasjóðs. Lengd bíls má mest vera 5,2 metrar og breiddin 1,9 metrar.

„Það er ekki verið að banna mér að leggja í stæðin við heimili mitt en ég þarf hins vegar að borga í stöðumæli í stað þess að greiða árgjald fyrir íbúakort sem er mun ódýrara.“

Í bréfi sem Egill hefur sent borgarstjóra segir meðal annars að það komi honum undarlega fyrir sjónir að borgarstjóri skuli skipta sér af því hvers konar ökutæki íbúar eins hverfis megi aka.

Reglurnar ná aðeins yfir hverfi 101 í Reykjavík og segir Egill að sér þyki það gróf mismunur. „Íbúar í hverfi 101 eru einu íbúar Reykjavíkurborgar sem mega ekki ráða bílakaupum sínum sjálfir.“

Útivist og ferðalög eru meðal áhugamála Egils og til þess að geta sinnt þeim segist hann þurfa að eiga vel útbúinn bíl, með góðu geymsluplássi. „Ég bæði bý og starfa í miðbænum en þykir gott að komast út fyrir borgarmörkin af og til,“ segir Egill.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, kannast



DÝRIR SENTÍMETRAR Egill Þórðarson, íbúi í Þingholtunum, fær ekki íbúakort frá Bílastæðasjóði. Ástæðan er sú að bíllinn er sex sentímetrum yfir hámarkslengd sem kveðið er á um í reglum sjóðsins.

MYND/STEINN ÞORKELL

við kvartanir vegna þessara reglna um hámarkslengd og -breidd en að það sé þó ekki mikið um að slíkar kvartanir berist inn á borð til þeirra. Drengslin í miðbænum séu vissulega meiri og stæðin minni en allir óbreyttir, venjulegir bílar rúmast vel innan þeirra. „Sumar tegundir bandarískra pallbíla eru einfaldlega það stórar að bílarnir rúmast ekki innan stæðanna,“ segir Kolbrún.

Þessum stóru bílum megi hins vegar leggja í stöðumælasterði þar sem ekki er búið að setja reglur um þau og hámarkslengd og -breidd bíla í lög.

„Með reglum er verið að passa upp á lífsgæði íbúa sem búa þarna,“ segir Kolbrún, en einnig hafi reglurnar verið hugsaðar út frá umhverfissjónarmiðum. Það sé æskilegt að fólk sé á minni bílum því það þýði minni mengun.

-göj

5,2 m

er hámarkslengd bíla íbúa í hverfi 101 vilji þeir nota íbúakort sín til að greiða fyrir stæði, annars þurfa þeir að borga í mæli.

Leiða leitað til að auðvelda fótgangandi að komast yfir á umferðarljósum:

Ná ekki yfir á græna kallinum

UMFERÐARMÁL Borgaryfirvöld endurskoða nú svokallaðan græntíma fyrir fótgangandi á umferðarljósum.

Í samantekt Vinnustofunnar Þverár kemur fram að á 34 af 118 ljósaatnamótum komast fótgangandi ekki alla leið yfir götuna á meðan græni kallinn logar. Einfalt sé að gera úrbætur á sumum stöðum en annars staðar þyrfti að gera kostnaðarsamar breytingar á gatnamótunum.

Samantekt Þverár var lögð fram í umhverfis- og skipulagsráði sem íhugar nú næstu skref. Fram kemur að héraðsgræni er fylgt þýskum staðli um umferðarljós. Þar sé mælt fyrir um gönguhræða fótgangandi og lágmarkslengd á græntíma fyrir þá.

„Hægt er að lengja græntíma fyrir fótgangendur með því að stytta græntíma fyrir bíla,“ bendir Þverá á. Einnig megi breikka miðeyjar á götum og vera með sérlyós fyrir gangandi út í eyjuna.

„Ókosturinn við þessa aðferð er að venjulega lengir þetta tímamál sem tekur að þvera götuna því fótgangendur þurfa þá að þvera götuna í tveimur áföngum,“ útskýrir Þverá. „Einnig er hætt á því að þeir sem eru lokaðir út á eyju verði óþolinmóðir og gangi yfir á rauðu ljósi með tilheyrandi slyshættu.“

-gar



RAUTT LJÓS Græni kallinn logar sums staðar ekki nógu lengi til að fótgangandi nái yfir götuna áður en rauða ljósið byrjar að loga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rjómbolla



einfaldlega betri kostur

laugardag, sunnudag og mánudag

verð 250,-/stk.



ILVA Korputorgi, 112 Reykjavík
sími 522 4500 www.ILVA.is



3JA SÆTA
FULLT VERÐ: 99.950
49.950

**SPARIÐ
45.000**

2JA SÆTA
FULLT VERÐ: 89.950
44.950

ASHLEY 3+2 SÓFASETT
Sófasett á fráberu tilboði!
Stærð á 2ja sæta sófa: B204 x H96 x D90 sm.
Stærð á 3ja sæta sófa: B162 x H96 x D90 sm.



**SPARIÐ
50.000**



FÁANLEGUR Í 3 LITUM

PARIS BORDSTOFUSTÓLL
FULLT VERÐ: 9.995
5.995

SÍÐUSTU DAGAR

ÚTSÖLUNNAR



50%
HANSKAR
FULLT VERÐ: 1.495
747



50%
SKÍÐAGLERAUGU
FULLT VERÐ: 1.995
995



50%
SKÍÐAHJÁLMUR
FULLT VERÐ: 3.995
1.995



53%
VETTLINGAR
FULLT VERÐ: 1.495
695



46%
HÚFA
FULLT VERÐ: 1.295
695



66%
SKÓR
FULLT VERÐ: 2.995
995



60%
SÁPUSKAMMTARI
FULLT VERÐ: 499
199



50%
FULLT VERÐ: 1.995
995

SKRAUTRÚLLUR
Flottar skrautrúllur á veisluborðið!



66%
5 STK. SKÁLAR SAMAN Í PAKKA
FULLT VERÐ: 1.495
499



50%
GOLD
EINSTÖK
GÆÐI
FULLT VERÐ: 5.995
2.995



37%
SKRAUTFLASKA
FULLT VERÐ: 159
99



**HERÐATRÉ
VERÐ FRÁ:
299**



66%
1 STK. GLERVASI
FULLT VERÐ: 299
99

SKY COVERS SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómull. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.



60%
3JA HLUTA VEGGKLUKKA
FULLT VERÐ: 999
399

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
TILBOÐIN GILDA 09.02 til 10.02



75%
DIZA BORDDÚKUR
FULLT VERÐ: 1.995
500

03.02.2013 → 09.02.2013

91%
hjúkrunarfræðinga hafnaði tilboði Landspítalans um launa-hækkun á fjölmennum fundi á Grand Hótelu.

JAFNMÍKIÐ kostaði að reka stóru bankana þrjú í fyrra og **2 LANDSPÍTALA**.

11 sjómenn


Vinnlustöðvarinnar í Vestmannaeyjum voru reknir eftir fíkniefnapróf.

5 þátttakendur

í Eurovision fyrir Íslands hönd eiga rætur að rekja til Dalvíkur eða hafa búið þar.

FULLTRÚAR FBI voru hér á landi í 5 daga og ræddu við Íslenskan pilt án eftirlits Íslenskra yfirvalda.

52.000 TONN af síld hafa drepist í **Kolgrafafirði** síðan í desember.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON hefur verið dæmdur til að greiða 62 milljónir í sekt vegna skattsvika.

EGILL EINARSSON krefur þrjú ungmenni um samtals 3 milljónir í bætur fyrir meiðryrði.

Vísir.is hlaut vefverðlaun:
Valinn besti fréttavefurinn

FJÖLMIDLAR Vísir.is hlaut íslensku vefverðlaunin sem besti afþreyingar- og fréttavefur landsins. Besti íslenski vefurinn þótti hins vegar vera bluelagoon.com Þá var lemurinn.is valinn besti bloggvefurinn, skattrann.is aðgengilegasti vefurinn, reykjavíkrunn.is frumlegasti vefurinn og hugsmiðjan.is athyglisverðasti vefurinn, svo nokkur helstu verðlaunin séu nefnd. Það eru Samtök vefiðnaðarinnar, SVEF, sem standa að verðlaununum.

„Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að,“ segir um Vísir í rökstuðningi dómnefndar, sem skipuð var fagfólki í vefmálum.

Málalok hjá Kaupþingi:
Heildaruppgjör við Al Thani

VIÐSKIPTI Kaupþing hættir mála-rekstri gegn Sheikh Mohammed Bin Khalifa Bin Hamad Al Thani fyrir íslenskum dómstólum, samkvæmt samkomulagi sem tilkynnt var um á vef Kaupþings í gær.

Kaupþing ætlaði að stefna Al Thani til að fá endurgreidda þá tugi milljarða sem hann fékk að láni haustið 2008. Ekkert verður af því en þrjár fyrrverandi forsvarsmenn Kaupþings hafa verið ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í tengdum málum.

LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í undirfyrirsögn fréttar um fíkniefnapróf í Fréttablaðinu í gær að Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, óttaðist útkomu bæjarstarfsmanna úr prófunum. Hið rétta er, eins og kom fram síðar í fréttinni, að Elliði óttaðist ekki útkomuna. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Kolgrafafjörður í gjörgæslu

Víðtækri eftirlitsáætlun vegna síldardauðans í Kolgrafafirði verður hrint í framkvæmd á næstu dögum. Ríkið leggur sex milljónir króna til verkefnisins. Þverun fjarðarinnar verður sérstaklega skoðuð í leit að skýringum.

UMHVERFISMÁL Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun og Náttúrustofu Vesturlands hefur verið falið að framfylgja þríþættri eftirlitsáætlun í Kolgrafafirði á næstu vikum og mánuðum. Eftirlitsáætlunin snýst um að fylgjast með afdrifum dauðu síldarinnar í firðinum og áhrifum hennar á umhverfið, auk þess að vera grunnur ákvarðana um mót-vægisáðgerðir.

Áætlunin er sett á fót í ljósi þeirra aðstæðna sem hafa skapast í Kolgrafafirði, en nú er ljóst að rúmlega 50.000 tonn af síld hafa

drepist þar. Þúsundir tonna af grút eru í firðinum og Hafró útilokar ekki frekari fiskdauða á komandi mánuðum.

Ríkisstjórnin samþykkti í vikunni að veita sex milljónum króna til eftirlitsverkefnisins.

Í áætluninni kemur fram að skýringar á fiskdauðanum eru aðkallandi, en fulltrúar atvinnu- og sérköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis hafa fundað nær daglega frá því á þriðjudag með forstjórum og sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnun-

ar. Þá hefur Hafrannsóknastofnun þegar fundað með Vegagerðinni vegna athugunar á mögulegum áhrifum þverunar fjarðarinnar á hegðun síldarinnar. Munu sérfræðingar í framhaldinu fara yfir þær forsendur sem lágu að baki umhverfismati framkvæmdarinnar á sínum tíma.

Þá hafa sérfræðingar rætt um hugsanlegar áðgerðir til hreinsunar í firðinum sem gripið verður til ef þörf krefur en ljóst er að möguleikar til slíkra áðgerða eru takmarkaðir.

Sérfræðingar munu meta hvort

6 milljónir settar í eftirlitsáætlun vegna síldardauðans í Kolgrafafirði.

hægt sé að grípa til forvarnaáðgerða til að koma í veg fyrir að atburðir sem þessir endurtaki sig en langur tími getur liðið þangað til lausn hvað það varðar liggur fyrir, segir í tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

svavar@frettabladid.is

UMHVERFISSTOFNUN




FJARAN Á litlum kafla í fjörunni vestan megin liggja þúsundir tonna af rotnandi síld.

NÁTTÚRUSTOFA VESTURLANDS



FUGLAGER Matarkistan í Kolgrafafirði dregur til sín fugla í tugþúsunda vís.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN



NEDANSJÁVAR Dauð síld á botni Kolgrafafjarðar 18. desember 2012.

→ Grútur og niðurbrot síldar í fjöru

- **Útbreiðsla:** Kanna útbreiðslu grútar/dauðrar síldar í fjörunni á tveggja vikna fresti næstu tvo mánuði. Kanna ástandið vel frá brú að vestanverðu vel inn fyrir bæinn Eiði. Skrá hvort grútarblautur fugl sjáist; grípa til ráðstafana um hreinsun eða aflifun.
- **Niðurbrot síldar í fjöru:** Fara í fjöruna vestanmegin í firðinum vikulega, skoða ástandið og taka ljósmyndir á sama stað (og sjávarstaða er sem líkust) til að fylgjast með breytingum. Skrá ástand fjörunnar og niðurbrot síldar. Fylgst með lykt daglega á sama tíma og sama stað ásamt vindátt og veðurstyrk. Þetta verði gert fram á vor og þá þörf endurmetin.

→ Fuglar

- Eftirlit með fjölda, dreifingu og tegundasetningu.
 - Eftirlit með grútarblautum fuglum og hand-sömun eða aflifun þeirra.
- Kanna á fimm daga fresti hvort, og þá í hve miklu magni, vart verður við grútarblautu fugla. Tíðni ferða verði endurskoðuð m.t.t. niðurstaðna úr grútarathugunum og fjölda blautra fugla sem sjást. Reiknað er með að skoðað verði allt í kringum fjörðinn þar sem vegur liggur nærri sjó en að jafnframt verði valdir fjórir staðir sem gefa góða yfirsýn yfir fjörðinn og umhverfið skoðað með kík frá þeim og niðurstöður skráðar, þ.e. hvort og þá hvar og hversu margir grútarblautir fuglar sjást.

→ Botn og ástand sjávar

- Farið verður hálfsmánaðarlega á svæðið til myndatöku við sjávarbotn og til mælinga á vatnsgæðum. Gert ráð fyrir að í hverri ferð verði eftirfarandi athugað:
- Botninn kannaður með myndavélum, m.a. til að kanna hvort um frekari afföll sé að ræða og afdrif dauðrar síldar.
- Mat á magni lifandi síldar innan og utan brúar. Mælingar á hita, seltu, súrefni og næringarefnum innan brúar og í völdum ferðum einnig utan brúar. Þegar líður á vorið verður jafnframt metið magn og samsetning svifþörungna.

KMS

Sjálfsöryggi og sátt
 Sjálfstyrkingarnámskeið

Sjálfsöryggi og sátt er 10 skipta (20 klst.) námskeið á vegum Kvíðamedferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru aðferðir til að bæta sjálfstraust. Lítið sjálfstraust getur hamlad fólki í daglegu lífi, haft veruleg áhrif á lífsgæði og valdið þrálátri vanlíðan.

Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismedferðar, jafnframt því sem lögð er áhersla á árvekni (*mindfulness*) og sátt (*acceptance*). Á námskeiðinu læra þátttakendur jafnframt leiðir til að bæta öryggi í samskiptum og leikari kemur í heimsókn og fjallar um framkomu og líkamstjáningu.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 19. febrúar kl. 15 og munu sálfræðingar Kvíðamedferðarstöðvarinnar stýra námskeiðinu.

Nánari upplýsingar og skráning:
 Sími 534-0110
 kms@kms.is
 kms.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

ÚRKOMULÍTIÐ N-TIL í dag má búast við SA- og A-átt, víða 3-8 m/s en hversir heldur sunnan- og austantil er líður á daginn. Á morgun verður úrkomu í fyrramálið S- og V-til en dregur úr úrkomunni síðdegis. Á mánudag litur út fyrir ágætisveður ef spáin rætist.

| | | | | | |
|--------------|--------------|---------------------|----------------|--------------|-------------------|
| Alicante 13° | Berlín 2° | Friedrichshafen -2° | Las Palmas 19° | New York -1° | París 5° |
| Apena 15° | Billund -1° | Gautaborg -1° | London 5° | Orlando 24° | San Francisco 13° |
| Basel 6° | Frankfurt 1° | Kaupmannahöfn -1° | Mallorca 10° | Ósló -7° | Stokkhólmur 0 |

Á morgun
 Víða 3-8 m/s en strekkingur syðst.

Mánudagur
 Fremur hæg SA-átt.

Soffía Sveinsdóttir
 veðurfréttamaður

Lægri vextir á óverðtryggðum íbúðalánum

Nú lækjum við vexti á óverðtryggðum íbúðalánum.

Hægt er að blanda fjármögnunarleiðum, verðtryggðum og óverðtryggðum, með föstum vöxtum og breytilegum.

Óverðtryggð íbúðalán

- » Fastir 7,5% vextir til 3 ára eða 7,6% til 5 ára*
- » Lánshlutfall allt að 70% af markaðsvirði eða verðmæti eignar
- » Lánstími allt að 40 ár
- » Viðbótarlán á hagstæðum kjörum til að hámarki 15 ára fyrir allt að 85% af markaðsvirði eða verðmæti eignar
- » Mun hraðari eignamyndun en á verðtryggðum lánum

7,5%

Skilmála, vexti og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða í næsta útibúi Landsbankans.

*Fyrir lok fastvaxtatímabils gefst lántökum val um að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í verðtryggt lán. Ekkert uppgreiðslugjald verður tekið ákveði viðskiptavinur að breyta lánum. Ef ekkert er valið færast lán yfir á breytilega óverðtryggða vexti.



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

NÝR HYUNDAI KEMUR Á ÓVART



Sparneytinn
dísilbíll!

Hyundai i20
1,1 dísil, beinskiptur. Verð: 2.790 þús. kr.

Eyðsla 3,8 l/100 km.*



Sparneytinn
dísilbíll!

Hyundai i30 Classic
1,4 dísil, beinskiptur. Verð: 3.550 þús. kr.

Eyðsla 4,1 l/100 km.*



Sparneytinn
dísiljeppi!

Hyundai Santa Fe Comfort - Jeppi ársins 2013
Comfort 2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.650 þús. kr.

Eyðsla 6,6 l/100 km.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

Opnunartími Hyundai Kaupúni 1 (Beint á móti IKEA)

Opnið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.



Kaupúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

www.facebook.com/hyundai.is

Leiðtogar ESB náðu saman um fjárlagaramma fyrir árin 2014 til 2020: Fyrsti niðurskurður frá upphafi

BRUSSEL Leiðtogar ESB-ríkjanna 27 náðu í gær samkomulagi um fjárlagaramma sambandsins fyrir árin 2014 til 2020, en samkvæmt honum verður sett útgjaldaþak við rúma 900 milljarða evra á tímabilinu. Samkomulagið felur í sér þriggja prósentu niðurskurð frá yfirstandandi tímabili, en þetta er fyrsti niðurskurðurinn í framlögum til ESB í 56 ára sögu sambandsins.

Niðurstaða fékkst ekki fyrr en eftir rúmlega sólarhrings

samningatörn. Skiptar skoðanir voru milli ríkjanna, en farið var bil beggja með því að draga úr útgjöldum, um leið og staðinn var vörður um niðurgreiðslur til landbúnaðar og uppbyggingu innviða.

Samkomulagið á þó eftir að fara fyrir Evrópuþingið, en þar er óánægja með niðurskurðinn. Herman Van Rompuy, forseti leiðtoga ESB, hvatti þó þingmenn til að íhuga vandlega mögulegar afleiðingar þess að samkomulaginu yrði hafnað.



VÍGREIFUR Hermann Van Rompuy fagnaði vel eftir að leiðtogar ESB-ríkja náðu saman um útgjöld sambandsins.

NORDICPHOTOS/IAFP

Lofar að Framsókn muni ekki bregðast

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir að núverandi ríkisstjórn ætti að þakka Framsóknarflokknum og öðrum fyrir að hafa komið í veg fyrir samninga um Icesave. Mikilvægasta verkefni næsta kjörtímabils sé að leysa skuldavandann.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að meginverkefni flokksins á næsta kjörtímabili verði að „leggja fram raunhæfar tillögur um hvernig leysa megi, eða létta mjög, vanda þeirra sem eru í fjötrum skulda og vonleysis.“

Hann segir að núverandi ríkisstjórn hafi brugðist þessu fólki, en það muni framsoðnarmenn ekki gera.

Í ræðu sinni á flokksþingi flokksins, sem hófst í gær og stendur fram á sunnudag, ræddi Sigmundur meðal annars um Icesave-málið og úrskurð EFTA-dómstólsins í því máli.

„Í raun ætti ríkisstjórnin að þakka þeim sem komu í veg fyrir að henni tækist að gera hin afdrifaríku mistök,“ sagði hann. „Og nú þurfum við að læra það af reynslunni að þegar kemur að því að verja hagsmuni Íslands, þá verða allir að standa saman og hvergi að hvika.“

Hann sagði það enga tilviljun að Framsóknarflokkurinn hafi haft forgöngu í baráttunni gegn Icesave-samningunum, og taldi jafnframt upp ýmis önnur mál þar sem flokkurinn hefur staðið fast á andstöðu sinni gegn áformum stjórnarinnar:

„Allt þetta kjörtímabil hefur það verið hlutverk okkar framsoðnarmanna að verja almanna-hagsmuni fyrir ríkisstjórn sem hvað eftir annað hefur reynt að troða lögum í gegn um Alþingi í beinni andstöðu við álit sérfræðinga og jafnvel í andstöðu við þjóðina sjálfa.“


Í dag verður kosið í stöðu formanns, varaformanns og fleiri



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Fjölmenni hlýddi á ræðu formannsins á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framsókn styrkist í könnunum



Framsóknarflokkurinn hefur bætt við sig fylgi í skoðanakönnunum frá því EFTA-dómstóllinn kvað upp úrskurð sinn í Icesave-málinu. Samkvæmt nýrri könnun MMR, sem gerð var á tímabilinu 31. janúar til 6. febrúar, sögðu 19,5 prósent þeirra, sem tóku afstöðu, að þau myndu kjósa Framsóknarflokkinn ef gengið yrði til kosninga í dag.

HEIMILD: MMR

embætta flokksins. Sigmundur Davíð er einn í framboði til formanns og Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður er einn í fram-

boði til varaformanns. Kosning hefst klukkan 13 og um leið rennur út framboðsfrestur.

gudsteinn@frettabladid.is

Sigurður H. Richter hefur fjallað um Hönnunarkeppni verkfræðinema í 20 ár: Kominn tími til að aðrir taki við

VÍSINDI „Ég er að verða sjötugur svo það er alveg kominn tími til að aðrir taki við keflinu,“ segir Sigurður H. Richter. Hann stóð á tímamótum í gær þegar hann lét af störfum sem umsjónarmaður sjónvarpsmynda um árlega Hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands.




Sigurður þarf vart að kynna en hann er fyrir löngu orðinn þjóðþekktur fyrir sjónvarpsþætti sína Nýjasta tækni og vísindi, sem voru á dagskrá Sjónvarpsins í þrjátíu ár. Sigurður segist hafa frétt af

Hönnunarkeppninni eftir að fyrsta keppnin var haldin árið 1991. Honum hafi fundist þetta áhugavert viðfangsefni og fengið leyfi til að fjalla um næstu keppni í Sjónvarpinu.

Sigurður segir að margt sé eftirminnilegt frá keppni liðinna ára en það sé eitt að tína eitthvað sérstakt til. „Á hverju ári er ný þraut lögð fyrir keppendur og mér hefur alltaf fundist jafn merkilegt hvað þeim hefur gengið vel að leysa úr verkefnum.“

Margir hafa komið að vinnunni við sjónvarpsmyndirnar og segir Sigurður samstarfið hafa verið farsælt. „Verkefndin eiga heildur skilinn fyrir að hafa komið Hönnunarkeppninni á laggirnar. Keppendur hafa komið með skemmtilegar og frjófar hugmynd-



SKÖPUNARGLÆÐI Fjöldmörg lið tóku þátt í Hönnunarkeppni verkfræðinema í Háskólabíói í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ir og furðulegustu tæki orðið til.“ Sigurður ætlar að halda áfram að fylgjast með Hönnunarkeppninni þótt það verði úr fjarlægð. „Þetta er svo skemmtilegt að ég mun halda áfram að mæta og fylgjast með.“

-gói

Bolla bolla...



BOLLUVENDIR
599 kr/stk



SALA Á RJÓMABOLLUM HEFST:
Laugardag kl. 9 Skeifu, Garðabæ og
Eiðistorgi en kl. 10 í öðrum verslunum.
Sunnudag kl. 9 Skeifu, Garðabæ og
Eiðistorgi en kl. 12 í öðrum verslunum.

TILBÚNAR BOLLUR

Rjómbollur (ger) með súkkulaði
Rjómbollur (ger) með púnsi
Vatnsdeigsbollur:
Irish coffie og karamella
Rjómbollur með súkkulaði
Bananafylling og karamella
Daim með kaffi og karamellu

NÝTT Piparmyntubolla



50% AFSLÁTTUR AF RJÓMABOLLUM UM HELGINA

Rjómbollur 199 kr. fullt verð 399 kr.



**KÖTLU
VATNSDEIGSMIX**
auðveldar bollubaksturinn



SULTUR
mikið úrval



**MYLLU
BOLLUGLASSÚR**
gotterí ofan á



MYLLU BOLLUR
gerbollur, vatnsdeigsbollur
litlar og stórar

MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



**FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI**
M.v. blandaðan akstur

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla:
4,2 l/100 km*

**VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN**
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla:
4,6 l/100 km*

**SPARNEYTINN
SUBARU**
Ný vek, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla:
6,6 l/100 km*

**Velkomin í laugardagskaffi!
Reynsluakstur í dag frá kl. 12–16.**

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu úr salnum. **Allt að 80% fjármögnun til 84 mánaða frá Ergo.**

Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.



Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

B|L

Fyrirverandi starfsmaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna ákærður:

Veðjaði með og gegn krónunni

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Gunnlaugi Briem, fyrirverandi starfsmanni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, fyrir að telja ekki fram til skatts tæplega 600 milljóna hagnað sinn af framvirkum gjaldeyris-samningum og svíkja þannig undan tæplega sextíu milljóna króna fjármagnstekjuskatt.

Langflestir samningarnir, sem alls voru 584, voru með krónur, en nokkrir með evrur. Þeir voru gerðir við Glitni og Landsbank-

Litið mjög alvarlegum augum

Lífeyrissjóður verzlunarmanna sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna málsins, þar sem segir að sjóðurinn, stjórnendur hans eða starfsmenn eigi enga aðild að málinu, Gunnlaugur hafi ekki notað eignir sjóðsins sér til fjárhagslegs ábata og athæfi hans hafi ekki rýrt eignir sjóðsins. Hins vegar hafi viðskiptunum verið haldið leyndum frá stjórnendum og öðrum starfsmönnum, þau séu brot á verklagsreglum, litin mjög alvarlegum augum og hefðu leitt til uppsagnar hans hefðu þau uppgötvast. Gunnlaugur hætti hjá sjóðnum sumarið 2009.

ann. Samningarnir voru yfirleitt til skamms tíma – nokkurra daga í einu – og Gunnlaugur veðjaði sitt á hvað á styrkingu og veikingu krónunnar.

Ákæran, sem gefin var út af Ólafi Þór Haukssyni var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.



FORYSTA FLOKKSINS Hanna Birna Kristjánsdóttir tók í gær af öll tvímæli um fyrirætlanir sínar þegar hún lýsti því yfir að hún hygðist sækjast eftir embætti varaformanns á komandi landsfundi Sjálfstæðisflokksins.



Þykir varla styrkja stöðu formannsins

Könnun sýnir mikinn stuðning við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í formanns-embætti Sjálfstæðisflokksins. Hún stefnir þó á varaformannsembættið. Stjórn málafræðingur segir stöðu Bjarna Benediktssonar varla hafa styrkst við þessa könnun.

FRÉTTASKÝRING

Hver er staða Bjarna Benediktssonar fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins?

Flest bendir til þess að Bjarni Benediktsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir muni standa í fylkingarbrjósti Sjálfstæðisflokksins í komandi alþingiskosningum, en Hanna Birna tilkynnti í gær að hún hygðist bjóða sig fram til embættis varaformanns flokksins á landsfundinum sem verður haldinn í lok mánaðarins.

Tilkynning Hönnu Birnu kom sama dag og fjölmiðlar greindu frá skoðanakönnun sem sýndi að rúm 80 prósent svarenda telja Hönnu Birnu sterkari formann fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en tæp tíu prósent nefndu Bjarna. Capacent Gallup gerði könnunina fyrir félagsskap að nafni Samtök áhugafólks um stjórnsmál, en ekki er vitað hverjir standa að honum.

Sérstaka athygli vekur að þrír af hverjum fjórum svarendum sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eru á því að Hanna Birna yrði sterkari formaður fyrir flokkinn en sautján prósent þeirra töldu Bjarna verða sterkari formann.

Bjarni og Hanna Birna buðu sig bæði fram til formanns á lands-

Í þágu flokksins og almennings

Hanna Birna tilkynnti í gær að hún gæfi kost á sér í embætti varaformanns Sjálfstæðisflokksins á komandi landsfundi.

„Með framboði mínu vil ég styrkja þá öfluglu forystusveit sem Sjálfstæðisflokkurinn býr að um land allt, fá tækifæri til að vinna frekar að þeim breytingum sem þurfa að verða í stjórnsmálum og leggja góðum verkum lið – í þágu hugsjóna Sjálfstæðisflokksins og hag alls almennings á Íslandi.“

Í komandi kosningum skiptir miklu að Sjálfstæðisflokkurinn nái góðum árangri og stuðli að nauðsynlegum breytingum til að binda enda á þá kyrrstöðu sem hér hefur hamlað uppbyggingu, framförum og lífskjörum á síðustu árum. Aðeins með því að koma núverandi ríkisstjórn frá getum við vænst þess að skattar og skuldir lækki, atvinna aukist og Ísland verði land tækifæra, lífsgæða og farsælla lausna.“

fundi flokksins haustið 2011, og hlaut Bjarni þar um 55 prósent atkvæða.

Eftir sterka útkomu í prófkjöri flokksins í haust, þar sem hún hlaut örugga kosningu í leiðtogasæti í Reykjavík fyrir þingkosningarnar, tók Hanna Birna nokkuð afdráttarlaust fyrir að hún myndi bjóða sig fram til formanns á næsta landsfundi.

Staða Bjarna þykir þó hafa veikst eftir niðurstöðu Icesave-málsins, sökum stuðnings hans við Buchheit-samninginn í þinginu, en ólíklegt má þó telja úr þessu að hann fái mótframboð sem ögni stöðu hans.

Gunnar Helgi Kristinsson,

prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að könnunin sé varla til þess að styrkja stöðu Bjarna í formannsstóli.

„Eðlilegast er að lesa þessa könnun sem tilraun einhvers hóps til að stefna Hönnu Birnu í formannsframboð. Könnuninni er beint gegn Bjarna að einhverju leyti og styrkir allavega ekki hans stöðu. Þarna hljóta að vera að verki einhverjir sem vilja sjá formannsskipti, en Hanna Birna hefur nú, með framboði til varaformanns, stöðvað þá atburðarás og umræðu sem hefði annars getað farið af stað.“

thorgils@frettabladid.is

Pútín Rússlandsforseti vill hverfa frá því að hafa sumartíma allt árið:

Rússar hringla með tímann

RÚSSLAND. AP Dmitrí Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, er andvígur áformum Vladímírs Pútín forseta um að hætta við að hafa sumartíma allt árið, en það var Medvedev sem tók ákvörðun um það árið 2011 meðan hann var forseti.

Harðar deilur hafa verið í Rússlandi undanfarið um sumartímann. Fjöl margar óánægjuraddir segja ófært að láta þjóðina búa við myrkur langt fram eftir morgni á veturna.

Í desember sagði Pútín að með því að halda fast í sumartímann

gerðu Rússar sjónvarpsáhorfendum í Evrópuríkjum það erfitt að fylgjast með Vetrarólympíuleikum í Rússlandi árið 2014.

Pútín segir að ríkisstjórnin hafi þegar tekið ákvörðun um að breyta klukkunni aftur, þannig að sumartími verði aðeins á sumrin. Tilskipun um það verði gefin út innan tíðar.

Pútín tók við forsetaembættinu á ný í maí síðastliðnum eftir að hafa verið forsætisráðherra í eitt kjörtímabil. Medvedev gegndi forsetaembættinu á meðan.



DMITRÍ MEDVEDEV Breytti klukkunni fyrir tveimur árum og stendur gegn því að breyta aftur.

-gb

NORDICPHOTOS/AFP



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



nýr verso

betri fjölskyldubíll

fyrir besta pabba í heimi

↑
pabbi



NÝR VERSO

Frábær fjölskylda á skilið að eiga frábæran fjölskyldubíl. Þess vegna bjóðum við nýjan sjö sæta Verso með framúrskarandi tæknibúnaði, „Easy Flat“ kerfinu - leikur einn að leggja niður aftursætin og stækka farangursrýmið - frábæra aksturseiginleika og Touch kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma. Nýr Verso sameinar glæsilega hönnun og öruggan akstur og fékk 5 stjörnur í Euro NCAP öryggisprófunum.

Nýr Verso er bíll sem er sniðinn fyrir barnafjölskyldur og fólk sem þarf rúmgóðan bíl fyrir áhugamálin og útivistina.

Verso 7 sæta - verð frá 5.180.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

MAGNÚS JÓHANNESSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NORÐURSKAUTSRÁÐSINS

Mikilvægi norðurslóða eykst sífellt

Áhugi alþjóðasamfélagsins á norðurslóðum eykst ár frá ári. Norðurskautsráðið er í miðri hringiðunni en nýstofnaðri fastaskrifstofu ráðsins verður stýrt næstu árin af Magnúsi Jóhannessyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Hann kannast ekki við kapphlaup þjóða um auðlindir eða spennu landa á milli á hinu pólitíska sviði. Staða Íslands innan ráðsins er sterk.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Magnús Jóhannesson hefur sagt skilið við umhverfisráðuneytið sem hefur verið starfsvettvangur hans í tvo áratugi, en hann tekur við framkvæmdastjórnastöðu fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins á næstu dögum. Skrifstofan verður formlega opnuð eftir ráðherra fund ráðsins í vor og er henni ætlað að styrkja starf ráðsins og upplýsingagjöf um málefni norðurslóða.

„Ég er fyrsti starfsmaður skrifstofunnar og á næstu vikum mun ég vinna að því að setja skrifstofuna á fót, ráða starfsfólk. Það þarf að hafa hraðar hendur því skrifstofan þarf að vera orðin starfshæf um miðjan maí þegar Kanadamenn taka við formennsku í ráðinu af Svíum,“ segir Magnús.

Magnús útskýrir að verkefni næstu missera og ára sé að styðja við starfsemi ráðsins sem er best lýst sem þrískiptu. Efsta lagið eru ráðherra fundirnir sem haldnir eru á tveggja ára fresti, en þar eiga aðild utanríkisráðherra landanna átta. Sendiherrar ríkjanna, auk fulltrúa frumbyggja, skipa embættismannanefnd sem undirbýr ráðherra fundina. Síðan fjalla sex vinnunefndir um hin ýmsu mál og koma sínum niðurstöðum til embættismannanefndarinnar og endanlegar ákvarðanir eru teknar á fundum ráðherra nefndarinnar.

Aukið mikilvægið

Á ráðstefnu um málefni norðurslóða í Tromsø á dögnum, Arctic Frontiers 2013, kom skýrt fram að mikilvægi svæðisins í alþjóðlegu tilliti hefur snarvaxið á undanförunum árum. Þungavigtarmenn í heimi stjórnmála og vísinda undirstrikuðu þetta og mikilvægi fastaskrifstofunnar í því tilliti. Undir þetta tekur Magnús. „Norðurskautsráðið fjallar um umhverfismál, sjálfbæra þróun og þróunarmál almennt. Allt er þetta að taka á sig skýrari mynd vegna vaxandi athafna manna á svæðinu, og er rétt að nefna siglingar og vaxandi ferðamennsku á svæðinu með opnun siglingaleiða. Það er mikið að gerast og umræður um nýtingu auðlinda og breytingar vegna síminnkandi íshellu eru áberandi,“ segir Magnús og bætir við að stór þáttur í starfi skrifstofunnar verði að upplýsa almenning á norðurskautssvæðinu; hvaða breytingar eru að verða og hvað ráðið er að gera til að bregðast við þessum breytingum. „Eins mun starfið snúast um að upplýsa heiminn því þetta er ekki einkamál þeirra sem búa á norðurslóðum,“ segir Magnús.

Fjórar milljónir manna

Svæðið sem Norðurskautsráðið tekur til er mjög stórt. Þar búa um fjórar milljónir manna og miklir hagsmunir eru þar fyrir marga; siglingar, námavinnsla, olía og gas, svo fátt eitt sé nefnt. Þessir hagsmunir ná til landa sem eiga landamæri langt frá norðurslóðum og því er áhugi mikill á að öðlast áheyrnaradild að ráðinu. Spurður um þetta tekur Magnús dæmi. „Siglingar eru alþjóðleg starfsemi og Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) setur reglur um öryggi siglinga. Norðurskautsríkin leggja mikla áherslu á að IMO setji sérstakar reglur um

„Nú í vor er væntanleg ný skýrsla, sem kynnt verður á ráðherra fundinum í Kiruna í Svíþjóð, frá einum af undirhópum Norðurskautsráðsins þar sem staðfest er að breytingarnar hafa orðið enn meiri en menn gerðu ráð fyrir í skýrslunni 2004, sem þá þótti nokkuð brött.“

byggingu og búnað skipa sem sigla um norðurslóðir. Vilji er til þess að í gildi verði sérstakar norðurskautsreglur um siglingar um svæðið og þá er mikilvægt að hafa stuðning annarra ríkja, og margir eru þeirrar skoðunar að það muni styrkja ráðið að löndum fjölgi sem hafa áheyrnaradild að ráðinu, enda styðji þau við starfsemi og markmið ráðsins.“

Stakkaskipti

Þegar Magnús er spurður um helstu álitæfni á vettvangi Norðurskautsráðsins segir hann að hafa beri hugfast að á síðustu fimmtán árum hafi vitneskja um norðurslóðir tekið stakkaskiptum. „Það er búið að byggja upp mikinn þekkingargrunn. Við stofnun ráðsins þekktu menn lítið til náttúru svæðisins, svo tekið sé nærtækt dæmi. Nú er þetta gjörbreytt og að tryggja sjálfbæra þróun er eitt af meginmarkmiðum ráðsins. Ríkin eru því í mun betri aðstöðu til að taka ákvarðanir til framtíðar, og tryggja betur sjálfbærni í þróun svæðisins.“

Magnús segir að norðurslóðir




MAGNÚS JÓHANNESSON hefur starfað sem ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins frá árinu 1992 og var áður siglingamálastjóri frá árinu 1985. Næstu fjögur árin, hið minnsta, mun hann gegna stöðu framkvæmdastjóra fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsø.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norðurskautsráðið (Arctic Council)

Norðurskautsráðið (Arctic Council) er alþjóðleg stofnun og á upphaf sitt að rekja til Ottawa-yfirlýsingarinnar frá 1996, en Kanadamenn fóru með formennsku ráðsins í byrjun. Ráðið er samstarfsvettvangur þeirra ríkja sem liggja að norðurheimskautssvæðinu. Stofnríkin eru sjö auk Íslands; Bandaríkin (Alaska), Danmörk (Færeyjar og Grænland), Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Í ráðinu sitja einnig fastafulltrúar sex frumbyggjasamtaka á svæðinu og áheyrnarfulltrúar nokkurra ríkja utan norðurslóða (Bretlands, Frakklands, Hollands, Póllands, Spáanar og Þýskalands), auk fulltrúa ýmissa samtaka. Aðildarríki ráðsins skiptast á að gegna formennsku.



Í GEGNUM ÍSINN Siglingar á norðurslóðum eru sífellt að aukast, skipin eru stór og aðstæður hættulegar. MYND/RANNIS

Merkilegt samstarf

Að ráðinu standa átta ólíkar þjóðir, en Magnús telur enga ástæðu til að halda að það valdi árekstrum í framtíðinni frekar en á undanförunum árum. „Ég tel samstarf ríkjanna innan Norðurskautsráðsins afar merkilegt. Fyrir ekki svo löngu ríkti kalda stríðið, meðal annars á þessu svæði og þá var samstarf af þessu tagi óhugsandi. Auðvitað eru ríkin mismunandi og hafa eitthvað mismunandi áherslur, en þetta er samstarfsvettvangur og mér finnst mjög merkilegt hvernig starf ráðsins hefur þróast og hversu vel það hefur gengið. Ég lít á það sem meginverkefni skrifstofunnar að styrkja þetta samstarf enn frekar. Ég hef ekki áhyggjur af þessum þætti og held að starfið verði vanda laust áfram.“

Kapphlaup – eða ekki

Kapphlaup um auðlindir ber oft á góma í umræðu um norðurslóðir. Haldið er fram að áhuga stórra þjóða, og er Kína oft nefnt í þeirri

andrá, megi skýra með ávinningi af nýtingu náttúruauðlinda sem svæðið hefur að geyma. „Ég hef ekki orðið var við þessa meintu spennu. Hagsmunir ríkjanna fara saman. Umhverfisvernd hefur borið hæst í þessu starfi og það liggur fyrir býsna góð kortlagning af náttúru svæðisins og þeim auðlindum sem þar kunna að leynast. En auðvitað má auka við þá þekkingu með auknum rannsóknum og kortlagningu.“

Sterk staða Íslands

Almennt eru málsmetandi menn sammála um að mikilvægi norðurslóða eigi eftir að aukast; stofnun fastaskrifstofunnar er höfð til marks um það. Spurður um hlutverk Íslands og hagsmuni Íslendinga, svarar Magnús að Ísland hafi verið virkt í starfi ráðsins frá upphafi og hafi sett sér metnaðarfulla stefnu í norðurskautsmálum. „Það er undir íslenskum stjórnvöldum komið hvernig því verður fylgt eftir, en í dag met ég stöðu landsins í samstarfinu sterka. Ég held að svo verði áfram og að Ísland standi jafnfætis öðrum þjóðum innan ráðsins.“



beri oft á góma í sambandi við loftslagsbreytingar. Skýrsla sem var unnin á vegum ráðsins 2004 um loftslagsbreytingar á svæðinu vakti mikla athygli. Þar var dregið fram að breytingarnar væru mun meiri en almennt var talið. Niðurstöðu skýrsluhöfundarinnar var tekið með nokkrum efa, enda var þar reiknað með að breytingarnar væru

meiri en vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði spáð fyrir um. „Í vor er væntanleg ný skýrsla, sem kynnt verður á ráðherra fundinum í Kiruna í Svíþjóð, frá einum af undirhópum Norðurskautsráðsins þar sem staðfest er að breytingarnar hafa orðið enn meiri en menn gerðu ráð fyrir í skýrslunni 2004, sem þá þótti nokkuð brött,“ segir Magnús.

Vnr. 17851072
IMEX handlaug á
vegg, 36,6x32 cm.
4.990 kr.

Vnr. 15400042
ARMATURA handlaugar-
tæki með lyftitappa.
2.995 kr.

Vnr. 0113452
Plastparket, eik, þriggja
stafa, 193x1380/6 mm.
990 kr./m²

kronosspann

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.



Vnr. 52240000
WOFI kastari á vegg
eða loft, GU10, 50W.
895 kr.



Vnr. 52237224-5
RONDO loftljós,
30 cm, E27, 60W,
hvítt eða svart.
3.990 kr.



38 CM



Vnr. 68393973
LUX PROMO
verkfærabox, 38 cm.
890 kr.



Vnr. 38910030
SMARTY
járnhillur,
138x70x30 cm.
2.995 kr.

VÖRUR FRÁ EUROPRIS Í BYKO

4 LÍTRAR

Vnr. 42301980
Rúðuvökvi, 4 l.
589 kr.



4 KG

Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
590 kr.



2.390 kr. KLÚBB verð



Vnr. 40056590
LEIFHEIT PICOSPRAY
moppa, 26 cm.
5.090 kr.

2.990 kr. KLÚBB verð



Vnr. 42266100
SOEHNLE PAGE
eldhúsvog.
7.190 kr.

**NÝTT BYKO-BLAÐ
ER KOMIÐ ÚT!**

Stútfullt af vörum fyrir geymsluna og heimilið



BOLLUR
Í BYKO BREIDD

Rjómabolla og kaffi eða
safi um helgina á aðeins

149 kr.

LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 11:30 -16:00

Tvær bollur á mann á meðan birgðir endast.



Röng viðbrögð við opnun umræðunnar um kynferðisbrot gegn börnum:

Að beizla reiðina

Sú vitundarvakning um kynferðisbrot gegn börnum, sem átt hefur sér stað undanfarnar vikur, er tvímælalaust af hinu góða og stuðlar væntanlega að því að í framtíðinni verði slík brot ekki látin liggja í þagnargildi eins og svo oft hefur gerzt í fortíðinni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu, var sagt frá um það bil einu kynferðisbrotamáli á dag í fjölmiðlum landsins á þriggja vikna tímabili í janúar. Holskefla af nýjum kærnum hefur komið inn til lögreglunnar. Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og fleiri lögreglu-

embætti eru í gífurlegum öllum vegna rannsókna þessara mála og sama má segja um embætti ríkissaksóknara. RÚV greindi frá því í gærkvöldi að hátt í hundrað kynferðisbrotamál hefðu verið kærð það sem af er ári.

Að þögnin um gömlu kynferðisbrotamál skuli hafa verið rofin á sér þó einnig sína neikvæðu hlið. Reiðin í samfélaginu hefur sums staðar brotizt fram með dapurlegum afleiðingum. Ráðizt hefur verið á grunaða kynferðisbrotamenn og á fólk sem sagði frá kynferðisbrotum. Ásökunum um kynferðisbrot, á hendur mönnum sem hafa hvorki verið kærðir né dæmdir, hefur verið dreift á vefsíðum og með öðrum hætti.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þetta eru viðbrögð sem eiga engan rétt á sér og stuðla ekki að því að réttlætinu verði fullnægt. Sérfræðingar hafa bent á að ofbeldisfullar árásir á kynferðisbrotamenn geti til dæmis orðið til þess að börn veigri sér við að segja frá brotum ættingja eða fjölskylduvina, vegna þess að þau vilji ekki að þeim verði unnið mein.

Helgi Gunnlaugsson afbrotufræðingur sagði hér í blaðinu á miðvikudaginn að umræðan um kynferðisbrot gegn börnum hefði losað um eitthvað í þjóðarsálinni og viðbrögðin væru oft hömlulaus. „Þar er fólk að fara fram úr sér og gerir einungis illt verra með því að svara harmleik með öðrum harmleik og það er dapurlegt að horfa upp á,“ segir Helgi.

Allir sem bera velferð barna fyrir brjósti verða að átta sig á að eina rétta leiðin til að ná fram réttlæti í málum sem varða kynferðisofbeldi gegn börnum er hin friðsama leið sem liggur um opinbert réttarkerfi. Enginn á rétt á að taka lögin í sínar hendur í þessum málum frekar en öðrum.

Á næstunni er ekki útilokað að fólk fái á tilfinninguna að kerfið vinni hægt, enda er álagið á því mikið. En þá eiga menn sízt af öllu að sóa tíma lögreglu, saksóknara og dómstóla með öðrum ofbeldisverkum sem þurfa líka sína meðferð í kerfinu.

Helgi Gunnlaugsson sagði hér í blaðinu að beizla yrði reiðina og beina henni í eðlilegan farveg. „Kerfið er kannski illa búið eins og er en þá verðum við, sem samfélag, að taka á því. Samfélaginu verður að vera ljóst að kerfið megni að sjá um þessi mál.“

Þetta er allt rétt. Það væri raunar ekki úr vegi að þar til bær stjórnvöld kvæðu fastar að orði en þau hafa gert hingað til um að hið opinbera réttarkerfi verði í stakk búið að taka á kynferðisbrotamálum og að það sé aldrei réttlætlanlegt að leita annarra leiða til að ná réttlætinu fram.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Komdu í yoga
Góð slökun, Rétt öndun

Yoga I

- Ertu með stíðan kropp
- Ertu í yfirþyngd
- Ertu að ná þér eftir veikindi
- Ertu með vefjagigt
- Ertu komin á efri árin

Yoga II

- Krefjandi yogaæfingar
- Aukin liðleiki
- Aukin styrku

Kennt í Sjúkrahjálfanum Hafnarfirði 691 0381 Kristin Björg

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Nýr formaður heldur á tímasprengju

Ymsum þótti Árni Páll Arnason, nýr leiðtogi Samfylkingarinnar, leggja nokkuð skarpt á brattann þegar hann notaði þakkarræðuna á landsfundinum fyrir viku til að gera upp sakir við arfleifð forvera síns. En í ljósi aðstæðna var þetta eðlilegt. Þar kemur tvennt til.

Annað er að leiðtogakjör í stjórnmálaflokki hefur ekki í annan tíma ráðist meir af pólitískum viðhorfum og minna af persónulegum eiginleikum. Þess hlýtur að sjást stað. Hitt er að nýr leiðtogi mun sitja uppi með kosningaúrslitin í vor. Hann má því engan tíma missa



eigi að takast að losa flokkinn af því málefnalega skeri sem hann hefur steytt á. Vandinn er sá að ekki er víst að meirihluti þingflokksins líti á það sem mistök að hafa fært flokkinn til vinstri þó að almennir flokksmenn geri það eins og formanskjórið staðfestir. Reyni þingmennirnir að handjarna formanninn gæti það svo dregið enn úr trúverðuleikanum og fækkað þingsætunum.

Fyrir ári síðan talaði enginn flokkur til miðjunnar í stjórnmálunum. Á þeirri stöðu hefur orðið grundvallarbreyting. Þjórt framtíð hefur tekið til sín frjálslynda kjósendur frá Samfylkingu og Framsóknarflokki sem Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki keppa um. Leiðtogakjórið í Samfylkingunni þýðir að flokksmenn vilji gera flokkinn að jafnaðarmannaflokki á ný og horfa meir til miðjunnar.

Stóra spurningin er svo hvort landsfundur Sjálfstæðisflokksins heimilar forystunni að blanda sér af þunga í baráttuna um miðju- atkvæðin.

Verðbólgan ræðst fyrir kosningar

Ymsir hafa réttilega bent á að formaður Samfylkingarinnar verði að fylgja yfirlýsingum sínum eftir með nýrri nálgun á því hvernig ljúka eigi umfjöllun um stjórnarskrármálið og fiskveiðifrumvarpið. Í því sambandi verður að hafa í huga að ríkisstjórnin hefði afgreitt þessi mál á fyrsta og öðru þingi kjörtímabilsins ef hún hefði vitað hvað hún vildi og haft meirihluta fyrir því í eigin röðum.

Metnaður forsætisráðherra virðist ekki hafa verið meiri að því er þessi tvö mál varðar en að halda þannig á hlutunum að unnt yrði að kenna Sjálfstæðisflokknum um að þau næðu ekki fram að ganga. Það hefur tekist. Friðsamleg málalok eru því ekki nein málefnaleg fórn. Þau eru miklu fremur lausn því bæði málin eru farin að hrinda jaðarfylginu frá í ríku mæli.

Launamálin á Landspítalanum eru stóra málið sem formaður Samfylkingarinnar fékk í fangið á fyrsta degi. Þau eru tifandi tímasprengja. Verði hún ekki aftengd er ódaverðbólga óhjákvæmileg afleiðing. Þegar búið er að gera tímasprengjur virkar þarf snör handtök ef koma á í veg fyrir

skaða. Spurningunni um verðbólgu eða stöðugleika á næsta kjörtímabili verður því svarað fyrir kosningar.

Velferðarráðherra gerði þessa tímasprengju virka með alveg einstöku pólitísku axarskafti, sem verður eins og myllusteinn um hálsinn á ríkisstjórninni meðan hann vikir ekki. En ábyrgðin hvílir nú á nýjum formanni. Landspítalinn getur ekki keppt um starfsfólk við grannlöndin. Það er staðreynd sem endurspeglar lélega samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og verður ekki breytt án þess að bæta hana.

Evrupólitíkin í uppnámi

Hér eru miklir hagsmunir í húfi fyrir launafólk. Losi tímasprengja velferðarráðherra nýja skriðu launahækkana sem ekki byggjast á aukinni framleiðni ber launafólki sjálft kostnaðinn í gegnum verðbólguna. Aðilar vinnuarkaðarins hyggjast horfa til Norðurlandanna við næstu endurnýjun kjarasamninga. Þar ræður samkeppnishæfni þjóðarbúskaðarins mestu um möguleika á kjarabótum. Verði tímasprengjan á Landspítalanum ekki aftengd fer sá góði ásetningur fyrir lítið.

Það sem meira er: Fari verðbólgan af stað er útséð um að Ísland eigi kost á því á næsta kjörtímabili að taka ákvörðun um stöðugan gjaldmiðil. Fyrir Samfylkinguna myndi þetta þýða að allur trúverðuleiki varðandi áformin um inngöngu í evrópska myntbandalagið hyrfi.

Þegar þjóðarsáttin var gerð 1990 kröfðust aðilar vinnuarkaðarins þess að fjármálaráðherrann, Ólafur Ragnar Grímsson, tæki úr sambandi verðbólguásetningu við opinbera starfsmenn sem hann hafði sjálfur undirritað skömmu áður.

Fyrir dómi reyndist sú aðgerð að hluta vera brot á stjórnarskrá. Sá leikur verður því ekki endurtekinn. Nú þarf því að stemma á að ósi. En þetta gamla dæmi sýnir hversu alvarleg hættan er.

Formaður Samfylkingarinnar vill ekki taka sæti í núverandi ríkisstjórn. Það er skynsamlegt mat. En verði tímasprengjan hins vegar ekki aftengd með öðru móti þarf hann að endurskoða þá ákvörðun. Þetta er mikill prófsteinn. Fyrir fram er þó ekki ástæða til að ætla annað en nýi formaðurinn ráði við hann.



Vilt þú hafa frelsi til að ferðast um landið og njóta útivistar í íslenskri náttúru?

Nú hafa 13.000 einstaklingar skrifað undir áskorun til alþingismanna þess efnis að samþykkja ekki frumvarp til náttúruverndarlaga eins og það liggur nú fyrir þinginu.

Er þitt nafn á listanum?

Kynntu þér málið og skrifaðu undir mótmæli á www.ferdafrelsi.is

Áhugafólk um ferðafrelsi

Undirskriftirnar verða afhentar forseta Alþingis við þinghúsið á Austurvelli, þriðjudaginn 12. febrúar, kl.12.30 og allir eru velkomnir. Sýnum samstöðu!

Heimurinn opnast

Borgarlíf

Páskaferð



28. mars – 1. apríl

BILBAO
SPÁNN

Lífsgleði og list

Upplifðu borgina

Borgin hefur aðdráttaraft sem enginn fær staðist. Ógandi mannlíf, ys, sköpunargleði, stórfenglegar byggingar, minjar, fortíð og kraftur og spenna samtímans. Hvað getur verið meira hressand?

25. - 29. apríl



RÓM
ÍTALÍA

Sagan býr í hverjum steini



1. – 5. maí

MADRID
SPÁNN

Nótt sem dag, dag sem nótt

Páskaferð

28. mars – 1. apríl



DUBLIN
ÍRLAND

Hið ljúfa líf



SIGLINGAR

KARÍBAHAFIÐ MEÐ ALLURE OF THE SEAS

3. maí – 14. maí

ISTANBÚL, MIÐJARÐAR- OG SVARTAHAF

23. september – 7. október

FRÁ KANADA TIL KALIFORNÍU

23. september – 10. október

KARÍBAHAFIÐ, PANAMA OG KYRRAHAFIÐ

4. – 22. október



SÉRFERÐIR

KÍNA PÁSKAFERÐ 20. mars - 3. apríl

BOSTON, CAPE COD OG RHODE ISLAND

25. maí – 1. júní og 31. ágúst – 7. september

SVISS, INTERLAKEN 1. – 8. júní og 7. – 14. september

INDLAND OG „LITLA TÍBET“ 24. ágúst – 11. september

APENA, KRÍT OG SANTORINI 5. – 20. september

Þér með VITA

Frábært úrval
sólarferða, sérferða,
siglinga og borgarferða

Við bjóðum í ár einstaklega fjölbreytta ferðamöguleika til allra átta, endurnæringu og upplifun fyrir fólk á öllum aldri. Láttu ekki árið líða án þess að lyfta þér upp. Kynntu þér málið á vefsíðu okkar, **VITA.is**, eða líttu inn á söluskrifstofuna á Suðurlandsbraut 2.

Sólarlíf

2. - 12 apríl



MADEIRA
PORTÚGAL

Spennandi golfferð einnig í boði!

Sól og náttúrufegurð

á mann m.v. 2 í tvíbýli á Raga hotel í 10 nætur. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Verð frá **159.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 169.900 kr.

Upplifðu sumarið

Sólarglóð, ástriðuhiti, svalandi öldur, kitlandi sandstrendur, fjölskyldugaman, kyrrð og ró eða dynjandi fjör í gylvolgu næturmyrki. Hvort viltu heldur njóta þín á Spáni eða eða í Massachusetts?

Ferðatímabil 7. júní – 5. september



CAPE COD
MASSACHUSETTS - USA

Strandlíf og góður matur

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn 7. júní. Gist á Heritage House í 5 nætur og Hilton Back Bay Boston í 2 nætur.

Verð frá **139.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug flugvallarskattar og gisting. Verð mv. 2 í tvíbýli 169.900 kr.
*Verð án Vildarpunkta 149.900 kr.

Ferðatímabil 9. júlí - 20. ágúst



SALOU OG TOSSA DE MAR
KATALÓNÍA SPÁNI

Sól og strönd

á man m.v. 2 fullorðna og tvö börn á Les Dalies - Salou 9. júlí í viku.

Verð frá **94.600 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

Verð m.v. 2 í tvíbýli 131.700 kr.

*Verð án Vildarpunkta 104.600 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - **VITA.is**

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

Skodun visir.is

2.482

MÁNUDAGUR 4. FEBRÚAR
Opið bréf til hreppsnefndar Ölfushrepps

Anna Jóhannsdóttir og Áskell Bjarnason, eldri borgarar

2.021

PRÍÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR
Illa launað draumastarf

Fríða Margrét E. Þorsteinsdóttir, grunn-skólakennari

1.899

MÍÐVIKUDAGUR 6. FEBRÚAR
Hvað er nauðgun?

Ragnheiður Bragadóttir, lagaprófessor

679

FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR
Af meintu einelti og ofbeldi íbúa í Grafarvogi

Emil Örn Kristjánsson, formaður Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi

294

MÁNUDAGUR 4. FEBRÚAR
Ekki einelti

Guðmundur Kjerúlf, deildarstjóri Vinnueftirlitsins

258

MÁNUDAGUR 4. FEBRÚAR
Aldrei aftur Icesave

Guðmundur Andri Thorsson, pistla-höfundur

244

LAUGARDAGUR 2. FEBRÚAR
Óraunsaer Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra

ORÐ VIKUNNAR
02.02.2013 → 08.02.2013

Sjálfstæðis- flokkurinn
fólk kynlíf N-Kórea kynferðismök
Ís í lög
Ísland forysta
stjórnvöld konur frumvarp Hæstiréttur
Íslendingar einelti kynfrelsi
gerandi fyrirtæki leggöng

UMMÆLI VIKUNNAR

„Það er ekki hægt að meta neinar forsendur eða möguleika á ríkisstjórnarsamstarfi út frá þeirri fljótandi stöðu sem fylgismælingar dagsins sýna. Þjóðin velur við kjörborðið.“

Árni Páll Arnason, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, spurður um óskastöðu varðandi stjórnarsamstarf eftir kosningar. Hann sagði vinstri stjórn þó verða fyrsta valkost, en óljóst sé þó hvað er til vinstri og hvað ekki.

„Þegar kemur að öryggi á sjó og í landi er klárt að allir þurfa að vera allsgáðir.“

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, um uppsögn ellefu sjómanna af þremur skuttogurum fyrirtækisins eftir að þeir féllu á lyfjaprófi.



Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Lýðræðið í öndvegi

Þegar ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG tók við stjórn landsins 1. febrúar 2009 þótti brýnt að huga vel að mannréttindum, lýðræðisumbótum og umbótum á sjálfru stjórnkerfinu. Í kjölfar bankahrunsins varð meðal annars að komast til botns í því hvort og þá hvers vegna opinberar eftirlitsstofnanir og stjórn málin höfðu brugðist með örlagaríkum afleiðingum. Helstu stofnanir samfélagsins voru rúnar trausti og grunsemdir um spillingu og klíkuskap voru miklar.

Breyttir og betri siðir

Um misbeitingu valdsins eru til ágæt dæmi. Árið 2003 voru samþykkt umdeild lög sem veittu þingmönnum, ráðherrum, forseta Íslands, dómurum og æðstu embættismönnum forréttindi um lífeyrisgreiðslur. Þau veittu rýmri réttindi en almenningur nýtur til þess að hverfa frá störfum áður en tilskuldum eftirlaunaaldri er náð. Jafnframt gátu ofangreindir hópar haldið fullum lífeyrisréttindum þótt svo að þeir gegndu samtímis öðrum störfum fyrir hið opinbera.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarflokka var að fella þessi lög úr gildi.

Meðal siðmenntaðra þjóða þykir eðlilegt og sjálfsgætt að upplýsingar um fjárframlög til stjórnmalaflokka og framþjóðenda séu opinberar og öllum aðgengilegar. Þessi háttur er hafður á meðal annars til að koma í veg fyrir dulin áhrifa-kaup auðmanna sem ógnað geta lýðræðinu. Ísland hafði dregið lappirnar í þessum efnum til ársins 2006 þegar ný lög um fjármál stjórnmalaflokka voru loks samþykkt. Fljótlega eftir fjármála-hrunið gekkst núverandi ríkisstjórn fyrir því að fjárframlög til stjórnmalaflokka og framþjóðenda yrðu gerð opinber aftur til ársins 2005. Það leiddi meðal annars í ljós há framlög föllnu bankanna til einstakra stjórnmalaflokka og framþjóðenda.

Margar aðgerðir af þessum toga láta ekki mikið yfir sér en fela þó í sér miklar umbætur og heilbrigðari stjórn-sýslu. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa verið innleiddar siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Tilgangur þeirra er að auka traust á stjórn-sýslunni og veita leiðsögn um hvers konar háttalag hæfir starfsmönnum hennar og æðstu stjórnendum.

Með breytingum á lögum og reglum hefur dregið úr hættu á að geðþótti ráði við embættisveitingar. Óheimilt er nú að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda. Hæfisnefndir fjalla nú auk þess um allar ráðningar æðstu stjórnenda innan Stjórnarráðs Íslands.

Faglegrí stjórnun

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur verið ráðist í umfangsmestu breytingar á Stjórnarráðinu í sögu lýðveldisins. Þessar breytingar voru meðal annars gerðar í kjölfar ábendinga í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Ráðuneytum hefur verið fækkað úr 12 í 8 og breytingar samfara fækkuðinni eiga að skila faglegrí

LÝÐRÆÐI



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

→ Við höfum fetað leiðina til gagnsærra og opnara þjóðfélags. Endurskoðuð upplýsingalög, sem tóku gildi nýverið, eru varða á þeirri leið.

og skilvirkari þjónustu. Samhliða hefur stofnunum ríkisins einnig fækkað um rúmlega 30 og er nú fjöldi þeirra um 190.

Við höfum fetað leiðina til gagnsærra og opnara þjóðfélags. Endurskoðuð upplýsingalög, sem tóku gildi nýverið, eru varða á þeirri leið. Þau ná nú einnig til upplýsingagjafar fyrirtækja sem eru að meirihluta í opinberri eigu eins og t.d. Landsvirkjun. Breytingarnar auðvelda jafnframt almenningi að óska upplýsinga og fá greið svör við spurningum. Meginatriðið er að við höfum fullan vilja til þess að mæta kröfum um greiðan aðgang almennings að upplýsingum, enda er það einn af hornsteinum lýðræðisins.

Mannréttindi

Vorið 2010 var ákveðið með lögum að greiða sanngjarnsbætur fyrir misgjörðir á stofnunum og heimilum fyrir börn. Lögin kveða á um bætur allt að 6 milljónum króna til handa einstaklingum sem urðu fyrir varanlegum skaða vegna illrar meðferðar eða ofbeldis á tilteknum stofnunum eða heimilum.

Stórt skref í réttindabaráttu samkynhneigðra var tekið árið 2010 þegar Alþingi samþykkti að ein hjúskaparlög skyldu gilda um allra, burtséð frá kyni eða kynhneigð. Óhætt er að segja að Ísland hafi nú skipað sér í fremstu röð að því er réttindi samkynhneigðra varðar.

Nefna má að í fyrra voru samþykkt lög sem bæta réttarstöðu transfólks, þ.e. fólks sem á við kynáttunarvanda að stríða.

Íslenskt tákmal er nú móður-mál þeirra sem ekki hafa næga heyrn til að tileinka sér íslenska tungu til daglegra samskipta. Þetta var lögfest fyrir að verða tveimur árum og er nú íslenskt tákmal fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og dauðblindra.

Fleira má nefna sem snertir mannréttindi. Unnið er að endurskoðun laga um hælisleitendur og réttindi útlinginga hér á landi.

Réttindagæsla fyrir fatlaða hefur verið leidd í lög. Þeir eiga nú meðal annars rétt á persónulegum talsmanni sem gætir hagsmuna þeirra.

Staða stjórnarskrármálsins

Frá árinu 2009 hafa umræður á Alþingi um stjórnarskrána tekið meiri tíma en flest önnur mál í sögu lýðveldisins. Vinnan utan þingsins frá þjóðfundi til þjóðar- atkvæðagreiðslu er einnig gríðarleg um mikilvæg atriði frumvarpsins sem stjórnlagaráð skilaði af sér.

Önnur umræða um þetta mikilvæga mál er þegar hafin og Alþingi hefur allar forsendur til að leiða málið til lykta með farsælum hætti. Ég vona að úthaldið bresti ekki á lokasprettinum þegar mikið ríður á að allir, sem stutt hafa málið á Alþingi, standi saman.

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í ASHTANGA YOGA – 4. MARS

Kennt verður mánudaga og miðvikudaga kl. 20:15 – 21:30. Þetta er lokað námskeið og stendur í fjórar vikur. Skráning: yoga@yogashala.is



KYNNTU ÞÉR
STUNDASKRÁNA Á NETINU
www.yogashala.is

YOGAKENNARANÁM 2013 HEFST 15 FEBRÚAR



Markmið okkar er að bjóða upp á öruggt, friðsælt umhverfi fyrir yoga sem veitir þér innblástur, slökun og gefur þér góða orku.

Spennandi og góðir tímar hjá okkur; Hlýtt flæði í hádeginu, yoga nidra, leiddir Ashtanga tímar (1 og 2), Ashtanga Mysore style, mjúkt Hatha yoga á föstudögum, heitt kraft yogaflæði á kvöldin og lokað byrjendanámskeið.

YOGA SHALA
reykjavík

Frír prufutími

Við erum að...
BÖRN EIGA FÉLT Á
VERND GEGN OFBELDI?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR!!!

25 - 60% AFSLÁTTUR

35%



KAK 1523 tungusófi í leðri
Stærð; 267 x 95/165 cm
Litir; svart og brúnt
Verð; stgr. **291.850,-** (áður 449.000,-)

40%



KAK 625 Hornsófi
Stærð; sófi 310 x 222 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; stgr. **359.400,-** (áður 599.000,-)



40%

CAL-4039-R borðstofuforð í hnotu
Stærð; 100 x 180(300) cm
Verð; stgr. **358.800,-** (áður 598.000,-)



25%

AT-H2189 Borðstofustólar
Verð. stgr. 14.850,- (áður 19.800,-)
Litir: grátt, hvítt, svart, rautt og brúnt

HEIMA HÚSIÐ

HELGIN



Þorgrímur Práinsson, rithöfundur

Boð og bókarskrif

Ég fer í matarboð hjá tengdaforeldrum mínum í kvöld en ætla síðan í hóf hjá KSÍ á morgun. Þess á milli ætla ég að horfa á Eggert spila fótbolta og skrifa bók.



Vilborg Arna, Gissurardóttir, pólari

Á Kærleikunum

Ég fer í mat hjá foreldrum mínum og svo ætla ég að taka þátt í Kærleikunum á morgun en þeir eru hluti af Vetrarhátíðinni.



Egill Einarsson, einkaþjálfari

Heldur heilsuhelgi

Ég er byrjaður að skera niður fyrir sumarið og nú er heilsuhelgi hjá mér þar sem ég borða bara nautalund, eggjahvítur og kjúkling.



Auður Ingibjörg Konráðsdóttir, heilsukokkur

Í afmæli til mömmu

Ég ætla að heimsækja móður mína, sem á afmæli á morgun, á Hvolsvöllum. Annars er ég að þróa uppskriftir fyrir næstu bók.

Allir sungu með í Póllandi

Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is



Hljómsveitin Bloodgroup sendi frá sér sína þriðju plötu nú í vikunni, Tracing Echoes. Janus Rasmussen og Sunna Þórisdóttir söngvarar sveitarinnar segja Evróputúr á döfinni í apríl.

Janus Rasmussen og Sunna Þórisdóttir taka boði um kaffi fegins hendi þegar þau mæta til fundar við blaðamann Fréttablaðsins að morgni föstudags. „Við vorum að æfa til klukkan fimm í nótt í stúdíóinu okkar, við erum spila á opunar-kvöldinu á Volta í kvöld [í gærkvöldi],“ upplýsa þau. „Við erum líka alltaf mjög lengi að finna út úr því og ákveða hvernig við ætlum að spila lögin okkar á tónleikum. Tónlistin okkar er raftónlist og ekkert augljóst hvernig á að flytja lögin læf,“ segir Janus. „Við gætum náttúrulega bara stungið disk í og mæmað,“ segir Sunna og hlær. „En við myndum samt aldrei gera það, það væri hrikalega leiðinlegt.“

Á leið í tónleikaferð

Aðdáendur sveitarinnar fengu að heyra nokkur af nýju lögum af plötunni Tracing Echoes á Airwaves síðastliðið haust en gefst færi á að heyra meira á tónleikum Bloodgroup á Sónar-tónlistarhátíðinni sem haldin verður næstu helgi og svo verða útgáfutónleikar í Reykjavík og á Akureyri í mars. Þá tekur mánaðartónleikaferð um Evrópu við. „Við tókum rosaegan túr í Evrópu í apríl, það verður spennandi,“ segir Sunna sem er orðin ýmsu vön en eftir að hún gekk til liðs við Bloodgroup tók við mesta tónleikaár sveitarinnar. „Við fórum



SÖNGVARAR BLOODGROUP Janus og Sunna og félagar þeirra í Bloodgroup ætla að fylgja nýttkominni plötu úr hlaði með tónleikum hér á landi og erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

til nær 30 landa 2011, þar af 15 í mánaðarlangri Evrópuferð. Það var frekar mikið,“ segir hún. „Við stoppuðum varla nema til að taka bensín.“ Var þetta mikið djamm eða bara puð? „Við vorum nokkuð öflug í því svona fyrri hluta tónleikaferðarinnar 2011 en svo sáum við bara að þetta gekk ekki. Maður hefur ekkert úthald í að djamma og spila í margar vikur,“ segir Janus.

Unnu plötuna hratt

Hvar er svo skemmtilegast að spila? „Pólland er í miklu uppáhaldi hjá okkur. Við höfum spilað víða þar, en þegar við gerðum það fyrst árið 2011 komumst við að því að þar áttum við stóran

aðdáendahóp. Það kunnu allir lögin og við fengum ótrúlega góð viðbrögð og þakkir fyrir tónleikana,“ segir Sunna. Eftir langa tónleikahrinu sem teygði sig yfir á árið 2012 tóku liðsmenn þá ákvörðun að setja saman nýja plötu. „Við unnum hana frekar hratt þegar við tókum okkur til, byrjuðum í maí og klárðuðum hana í haust.“ Þau segja lögin unnin í mikilli samvinnu hljómsveitarmeðlima en hana skipa auk Janusar og Sunnu þeir Hallur og Ragnar Láki Jónssynir sem stofnuðu sveitina með Janusi og systur sinni Lilju.

Hætti í skóla fyrir Bloodgroup

Sunna var svo kölluð til árið 2011

en þá var hún í MH og söngnámi í FÍH. „Þeir hringdu í mig og buðu að prófa að syngja með sér. Ég lærði þrjú lög fyrir æfingu daginn eftir og það gekk mjög vel. Ég hafði einmitt verið að hugsa um það hversu mikið mig langaði til að breyta til og stökk á þetta tækifæri, hætti í skólanum og fór í tónleikaferðalag.“

Sunna var átján þegar þetta var og ákvörðunin mætti fullum skilningi foreldra hennar. „Pabbi, Þórir Baldursson, hætti í skóla til að sinna tónlistinni þannig að hann skildi þetta vel.“ Einu vandræðin sem ungur aldur hefur skapað henni er snúin staða á tónleikaferð í Bandaríkjunum.

„Þegar við vorum að spila í LA þá mátti ég ekki vera með strákunum í sándtökkun og svo þegar við vorum að spila var mér fylgt inn bara rétt í þann mund sem tónleikarnir voru að byrja og svo send út strax að þeim loknum,“ rifjar Sunna upp en 21 árs aldurstakmark er á vínveitingastaði í Bandaríkjunum.

Janus, sem er 25 ára, flutti til Íslands frá Færeyjum sautján ára gamall, en hann ákvað ungur að verða tónlistarmaður. „Ég lærði smá á gítar en fannst það ekki gaman, ég vildi bara vera í rokkinu,“ segir Janus sem vinnur í dag sem pródúsent meðfram eigin tónlistarskópun.



Vinsælasta samloka í heimi

Nokkrir Bandaríkjamenn segjast hafa gert fyrsta hamburgarann um aldamótin 1900.

Vinsælasta samloka í heimi er sú sem við köllum hamburgara í daglegu tali. Hún samanstendur af kjöthleifi, grænmeti, osti og sósum innan í braudi sem skorið hefur verið í tvennt þversum. Aðeins þessi einfalda lýsing hljómar gómsæt.

Hugtakið „hamburgari“ er komið frá þýsku borginni Hamburg, þaðan sem margir Þjóðverjar fluttu yfir

Atlantshafið til Bandaríkjanna um aldamótin á seinni hluta nítjándu aldar. Í föðurlandinu höfðu þessir nýju Bandaríkjamenn kynnst vinsælli steik sem oftast var kölluð „hamburgarsteik“ eftir borginni þýsku. Hugtakið hamburgari hefur verið notað um samlokuna sem við þekkjum í dag sem hamburgara síðan 1912.

Við þekkjum einnig fleiri hugtök

yfir hamburgara eins og stuttu útgáfuna „borgara“, sem notað hefur verið síðan um 1930 og „ostborgara“ síðan um 1940.

Enginn hefur hins vegar fært sönnur á hvar hamburgarinn var fyrst gerður. Nokkrir bandarískir karlar sögðust hafa fundið hann upp en þeir eiga allir sameiginlegt að hafa gert tilkallið um aldamótin 1900. - bph

1921 White Castle í Kansas var fyrsta veitingahúsakeðjan sem setti hamburgarann á matseðil sinn árið 1921.

1940 Fyrsta McDonald's veitingahúsið í Kaliforníu sérhæfði sig í að gera hamburgara hratt og örugglega.

68 milljón viðskiptavinir

McDonald's veitingahúsakeðjan þjónustar að jafnaði 68 milljón manns á hverjum degi á rúmlega 34.000 veitingastöðum um allan heim.

netto
Kræsingar & kostakjör

bolla bolla
bolla



Úrval af bollum
fyrir Bolludaginn!

Vatnsdeigsmix

289 kr/pk

Sveitasultur 400g

Verð frá

349 kr/stk

Kötluglassúr

229 kr/stk

Freyju suðusúkkulaðu 200 gr.

215 kr/pk

Rjómasprauta hvít Easy whip
verð áður 7.798

5.998 kr/stk

Jurtarjómi Meggle
250ml

259 kr/stk

Ms rjómi 1/4 l

227 kr/stk

ISI Kolsýruhylki f.
rjómasprautur 10 stk.
verð áður 998

798 kr/pk

Tilboðin gilda 7. - 11. feb.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LA Z BOY®

Í FEBRÚAR
AMERÍSKIR
DAGAR



LA Z BOY®

HARBOR TOWN

La-z-boy stóll.

Svart, ljóst eða brúnt leður.

B:80 D:85 H:104 cm.

99.990

VERÐ: 129.990

ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR ERU NÚ Á FEBRÚARTILBOÐI

VERÐ FRÁ 84.900 KR.

★
MEST SELDI
HÆGINDASTÓLL
Í HEIMI



139.990

VERÐ: 174.990

LA Z BOY®

PINNACLE La-z-boy stóll.

Svart, ljóst eða brúnt leður.

B:80 D:85 H:104 cm.



127.990

VERÐ: 159.990

LA Z BOY®

ASPEN La-z-boy stóll. Svart,

vinrætt, brúnt eða ljóst leður.

B:80 D:85 H:102 cm.



99.990

VERÐ: 124.990

LA Z BOY®

NORMAN La-z-boy stóll.

Brúnt áklæði.

B:74 D:70 H:103 cm.

★
LA Z BOY®

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman.

Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY.

LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar.

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili!

★ AMERÍSKIR DAGAR!

NÚNA
70.000
KR. AFSLÁTTUR



LARAMIE Hornsófi.
Brúnt microfiber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

379.990

VERÐ: 449.990

12
MÁNAÐA
VAXTALAUS
SÓFALÁN

MasterCard VISA

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



LARAMIE sófasett microfiber áklæði. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

2 SÆTA
179.990
VERÐ: 199.990

3 SÆTA
189.990
VERÐ: 209.990

STÓLL
149.990
VERÐ: 169.990

NÚNA
70.000
KR. AFSLÁTTUR



MIDLAND tungusófi
microfiber áklæði.
B:280 D:175/97 H:95 cm.

2 SÆTA
349.990
VERÐ: 419.990

NÚNA
60.000
KR. AFSLÁTTUR
SÓFI



3 SÆTA
399.990
VERÐ: 459.990

STÓLL
259.990
VERÐ: 299.990

BROMLEY sófasett brúnt leður. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm. 3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

NÚNA
40.000
KR. AFSLÁTTUR
STÓLL

NÚNA
40.000
KR. AFSLÁTTUR



TRAVIS Sófasett. Slitsterkt áklæði.
Stóll: B: 112 B: 95 2ja sæta sófi B:170 D:95 cm.
3ja sæta B:225 D:95 H:80 cm.

STÓLL
129.990
VERÐ: 169.990

2 SÆTA
159.990
VERÐ: 199.990

3 SÆTA
189.990
VERÐ: 229.990

NÚNA
30.000
KR. AFSLÁTTUR



CHATEAU
99.990
VERÐ: 129.990



realflame KR. 790 DÓSIN

ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT. Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum vetrardögum. Sótar ekki. Logar í þrjár klukkustundir.

KASSI 24 DÓSIR 15% AFSLÁTTUR KR. 16.116

ELISE
69.990
FULLT VERÐ 99.990

ARINN ELISE
Mahogany og antik hvítur.
B:93 D:28 H:78 cm



HÚSGAGNAHÖLLIN


0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða




MEÐALALDUR SPRAUTUFÍKLA HÆKKAR

MEÐALALDUR SPRAUTUFÍKLA Á VOGI

SÁÁ hefur ekki gefið út nýrri tölur frá Vogu en þær fyrir 2009, en Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir, segir að þróunin undanfarin þrjú ár bendi til þess að meðalaldur sprautufíkla sé nú enn hærri en hann var árið 2009.



INNRIANIR OG FJÖLDI SPRAUTUFÍKLA Á VOGI



1.786 er heildarfjöldi greindra sprautufíkla á Vogu á árunum 1991–2009. Þar af eru 535 konur og 1.252 karlar.

HIV SMIT MEÐAL SPRAUTUFÍKLA



AF 300 HIV SMITUÐUM FRÁ ÁRINU 1983 ER 61 FÍKILL

♂ Sprautufíklar ♀ Aðrir

Einn greindist með alnæmi á lokastigi. Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir segir erfitt að meta hvers vegna smitum meðal fíkla sé að fækka, en bendir á að líklegast hafi verið um hópsýkingu að ræða á árunum 2010 til 2012. Hann telur að nálaskiptaþjónusta geti skipt sköpum.



→ Hættulegasta leiðin til vímu

Ahrifaríkasta og þar með hættulegasta leiðin til að koma vímuefnum til heilans er að sprauta efnum í æð. Við það eykst þéttni vímuefnanna, viðtaka heilans hraðast og verunin margfaldast, sem gerir vímunu mun sterkari en ef efnin eru reykt, gleypst eða sogin upp í nefið. Á vefsíðu SÁÁ segir að neytendur líki vímunni við kynferðislega fullnægingu.

Sprautufíklar eru að jafnaði bæði líkamlega og andlega veikari en aðrir vímuefnafíklar. Fíknin er þrálátari og erfiðari viðfangs og líkamlegir fylgikvillar og dauðsföll af völdum of stórra skammta eru mun algengari en hjá öðrum fíklum. Af þeim sökum eru sprautufíklar tíðir gestir á bráðamóttökum og almennum deildum sjúkrahúsa og er kostnaður vegna þjónustu til þeirra mikill ár hvert. HIV og lífrabólga C eru alvarlegustu sjúkdómarnir sem herja á hópinn.

Úr ársskýrslu SÁÁ

→ Nálaskipti borga sig í krónum talið

Elías Sæbjörn Eyþórsson kemst að þeirri niðurstöðu í BS-verkefni sínu í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands árið 2011 að nálaskiptaþjónusta á Íslandi sé kostnaðarhagkvæm forvörn fyrir samfélagið gegn útbreiðslu HIV meðal sprautufíkla. Samkvæmt niðurstöðum Elíasar er hægt að koma í veg fyrir 4,5 HIV-smit með slíkri þjónustu og bjarga 7,4 lífárum á tímabilinu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir aðgerð hagkvæma ef hún skilar einu lífsgæðavegnu lífari undir þrefaldri vergri landsframleiðslu á einstakling, og samkvæmt útreikningum Elíasar er kostnaðurinn innan þeirra marka á tímabilinu 2011 til 2020.

→ Læknadópi fylgir „gæðastimpill“



Svala Jóhannsdóttir, fyrrverandi starfskona Konukots, segir að ein meginástæða þess að læknadóp sé svo vinsælt sé „gæðastimpillinn“ sem fylgi því. „Fólk veit hvað það er að fá og getur fullvissað sig um að ekki sé búið að þynna efnið út, jafnvel með eitri, eins og er oft raunin,“ segir hún. „Þegar þú kaupir eina töflu af ritalíni

veistu hversu mikið virkt efni þú færð. Þegar þú sprautar þig með götuefni veistu í raun ekkert um innihald efnisins. Þú gætir „óverðsáð“ og þú gætir verið enn í fráhvörfum.“

Flestir sprautufíklar á aldrinum 35 til 45

Meðalaldur sprautufíkla hefur hækkað hratt. Fleiri heilbrigðisvandamál hrjá eldri fíkla. Þótt færri virðist ákveða að byrja að sprauta sig minnkar hópurinn ekki. Talið er að allt að 700 fíklar séu á landinu. Sumir eru komnir yfir sextugt.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Meðalaldur íslenskra sprautufíkla hefur hækkað mikið undanfarin ár. Hópurinn hefur ekki minnkað þrátt fyrir að dregið hafi úr fjölda þeirra sem byrja að nota sprautur. Talið er að á bilinu 500 til 700 sprautufíklar séu á Íslandi í dag, langflestir á höfuðborgarsvæðinu.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu, segir hækkingu aldurs hópsins verulegt áhyggjuefni.

„Aldurinn er það sem er alvarlegt í þessu. Meðalaldur sprautufíkla heldur áfram að hækka sem þýðir að fleiri eru sýktir af lífrabólgu, með hjartaskemmdir og alvarlegar sýkingar. Hópurinn er þungri til að fást við fyrir heilbrigðisþjónustuna,“ segir hann. „Landsspítalinn segir að hópurinn sé að stækka vegna þess að hann er að eldast og veikjast.“

Þórarinn þekkir til fólks sem hefur sprautað sig reglulega allt frá árinu 1980, þótt svo langur tími sé fátíður.

Sumir komnir yfir sextugt

Þór Gíslason, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar, tekur undir áhyggjur Þórarins.

„Meginþorri þessa hóps er á bilinu 35 til 45 ára. Og það er í raun undarlegt hversu margir eru enn eldri, á bilinu 45 til 55 ára. Svo tínast til okkar einstaklingar sem eru komnir yfir sextugt,“ segir hann. Magnús Gottfredsson, sérfræðingur á smitsjúkdómadeild LSH, segir þetta rétt þótt hópurinn sé vissulega mjög breiður með tilliti til aldursdreifingar.

„Þetta er áhyggjuefni og flækir málin þegar fólk er með mörg önnur heilsufarsvandamál í farteskinu,“ segir hann.

350 sprautufíklar árlega á Vog

Mjög erfitt er að festa hendur á nákvæman fjölda virkra sprautufíkla á landinu. Tæplega 1.800 einstaklingar hafa sótt meðferð á Vogu vegna sprautufíknar frá árinu 1991 en að jafnaði koma þangað



HÆTTULEGASTA LEIÐIN
Ahrifaríkasta leið til vímu er að sprauta efnum í æð, sem gerir hana jafnframt þá hættulegustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um 350 sprautufíklar ár hvert. Forsvarsmenn meðferðarheimilisins telja að um 500 til 700 sprautufíklar séu á landinu, eins og áður sagði, sem nota efnin þó mismikið. Sjúkrabíllinn Frú Ragnheiður hefur þjónustað 262 sprautufíkla síðan í byrjun árs 2011. Í öllum tilvikum er um að ræða mjög virka fíkla.

Þór Gíslason, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar, telur að fjöldi þeirra sem notar sprautur daglega sé á bilinu 230 til 250. Hópurinn sem sprautar sig sjaldnar sé svo mun stærri.

Erfitt að nota úti á landi

Að sögn Þórs er alvarleg sprautufíkn mestmegnis bundin við Reykjavík og höfuðborgarsvæðið.

„Við höfum heyrt af hópum sem eru að sprauta sig í Hafnarfirði, útjaðri Reykjavíkur og á Akureyri,“ segir hann. „En þegar þú ert í svona mikilli neyslu þá er þér ekki vært í smærri samfélögum. Í borgarsamfélaginu eru fleiri úrræði, betra að fela sig og meira framboð á efnum. Fólk er ekki eins opinbert þar og í smærri bæjum.“

Gagnrýnir stjórnvöld fyrir metnaðarleysi

„Ég er mjög fylgjandi starfi Frú Ragnheiðar og hef verið hvatamaður þess að þar yrði faglega staðið að málum og reynt að styðja það eftir föngum,“ segir Magnús Gottfredsson, sérfræðingur á smitsjúkdómadeild LSH og prófessor í smitsjúkdómum við læknaeild HÍ. Magnús segir það umhugsunarefni að heilbrigðisþjónusta eins og sú sem starfrækt er hjá Rauða krossinum, sem varðar lýðheilsu og fíklana sjálfa, sé í svo miklum mæli starfrækt af góðgerðarsamtökum.

„Þetta lýsir ákveðnu metnaðarleysi í málaflökknum, að yfirvöld heilbrigðismála reiði sig svo mjög á hjálparamtök og starf sjálfbodaliða. Er eðlilegt að þegar samfélag er með jafn flókinn og viðkvæman málaflökk og þessi lýðheilsuvá sannaðlega er, að velviljuðum góðgerðarsamtökum sé einfaldlega falið að sjá um það? Ég er ekki að gagnrýna það frábæra starf sem er unnið hjá Frú Ragnheiði en hvar værum við stödd án þeirra?“ segir hann. „Ég einfaldlega set spurningamerki við að þessu mikilvæga verkefni sé einfaldlega útviðað og svo á að treyst á að þeir aðilar sinni þessu. Ég velti fyrir mér hvort yfirvöld brygðust við á sama hátt ef annar þjóðfélagshópur ætti í hlut?“



„Ég velti fyrir mér hvort yfirvöld brygðust við á sama hátt ef annar þjóðfélagshópur ætti í hlut?“

Magnús Gottfredsson
sérfræðingur á smitsjúkdómadeild LSH

SMÁHUNDAKYNNING UM HELGINA

FRÁ 12:00 TIL 17:00

FÓÐURKYNNINGAR ★ DÝRALÆKNIR ★
LUKKUPOTTAR ★ ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR ★
KYNNING Á NÝRRI BÓK: „GÓÐGÆTI FYRIR
GÆLUDÝRIN“

15 % AFSLÁTTUR AF ÖLLU FÓÐRI

LÍSA ER SMÁVAXINN PAPILLION
— ER LÍSA MINNSTI HUNDUR Á
ÍSLANDI?

ROYAL CANIN

PRO PLAN

Brit PREMIUM

BELCANDO

Eukanuba

HAPPY DOG

Hill's

SÁNINGARHELGI

SÝNIKENNSLUR ★ „GARÐANÖRÐIN“
OG GUGGA GEFA GÓÐ RÁÐ
MILLI KL. 13 OG 16 BÁÐA DAGANA.

20% AFSLÁTTUR AF SÁÐVÖRUM

SÝNIÐ FERMINGARBRÉFIÐ OG FÁIÐ
**20 % AFSLÁTT AF
FERMINGARVÖRUM**
10 % AUKAAFSLÁTTUR
LÍKA ÞESSA HELGI!

OPÍÐ FRÁ 10 TIL 21
UM HELGAR



GARÐHEIMAR



Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

SKAÐAMINNUNARVERKEFNIÐ FRÚ RAGNHEIÐUR

56 einstaklingar nýttu sér þjónustu bílsins í fyrsta sinn árið 2012. Ætla má að um 40 til 50 sprautufíklar nýti sér þjónustu Frú Ragnheiðar reglulega, það er tvisvar til fjórum sinnum í mánuði.

85% heimsóknna í bílinn eru vegna sprautu- og nála-skipta.

15,2 milljónum hefur verið varið í rekstur skaðaminnkunarverkefnis Rauða krossins á tímabilinu október 2009 til september 2012.

6,5 milljónir hafa fengist í styrki utan samtakanna.

8,8 milljónir er heildarkostnaður Rauða krossins við rekstur Frú Ragnheiðar á þessum þremur árum.

ÁHÖLD SEM FRÚ RAGNHEIÐUR HEFUR GEFID

760
nálabox

2.000
skeiðar

4.000
smokkar

45.900
sprautudælur

49.000
sprittpúðar

81.000
nálar

FJÖLDI HEIMSÓKNA Í BÍLINN

2011 206 einstaklingar

1042 heimsóknir

2012 262 einstaklingar

1356 heimsóknir

1048 konur

1345 karlmenn

SAMTALS 2398 HEIMSÓKNIR, 2011 OG 2012

Virðing fyrir fíklum lífsnauðsyn

Sjúkrabíllinn Frú Ragnheiður er fyrsta skaðaminnkunarverkefnið á landinu. Sjálfboðaliðar sjá alfarið um verkefnið. Blaðakona slóst í för með bílnum kalt fimmtudagskvöld og kynnti sér starfsemina.

Um fimmtíu sprautufíklar nýta sér reglulega nála-skipta-þjónustu sjúkrabílsins Frú Ragnheiðar. Síðustu þrjú ár hafa 262 fíkniefnaneytendur leitað til þeirra sjálfboðaliða sem starfa í bílnum, fengið þar hreinar nálar, klúta og nálabox en einnig aðhyllningu, spjall og ráðleggingar.

Verkefnið er rekið af Reykjavíkurdæild Rauða krossins með það að markmiði að minnka skaðann sem hlýst af alvarlegri fíkniefnaneyslu í samfélaginu. Hugtakið skaðaminnkun hefur enn ekki mikið verið rætt innan hins opinbera heilbrigðiskerfis hér á landi en það er komið mun lengra víða erlendis. Frú Ragnheiður er fyrsta yfirlysta skaðaminnkunarverkefnið á Íslandi. Hún keyrir á milli Hlemms, Granda og Gisti-skýlisins fimm kvöld í viku og veitir fíklum þjónustu.

Langflestir í ritalíni

Nær allir sem nýta sér þjónustu Frú Ragnheiðar koma þangað í þeim tilgangi að fá nýjar sprautur og sprautunálar. Langstærsti kúnnahópur bílsins sprautar sig með ritalíni en einnig er nokkuð um amfetamín, morfín og kókaín. Ritalín hefur svipaða örvandi virkni og amfetamín en víman varir stutt svo margir sprautu því í æð oft á dag. Dæmi eru um að langt leiddir fíklar sprauti sig með ritalíni allt að tíu til tuttugu sinnum á degi hverjum þegar fjárhagar og heilsa leyfir.

Svala Jóhannsdóttir hefur starfað fyrir Rauða krossinn um árabil og segir bráðnauðsynlegt að innleiða skaðaminnkun sem hugmyndafræði frekar inn í samfélagið.

„Þetta er svo brýnt fyrir hópinn sem er hvað verst staddur og sá hópur er einfaldlega mjög stór,“ segir hún. „Samfélagið segir okkur að allir eigi að vera edrú en fólk verður að átta sig á því að það er óraunhæf krafa. Vímuefnaneysla

hefur fylgt mannum frá upphafi og mun sennilega alltaf gera það. Sumir hafa verið í neyslu marga áratugi og vilja bara ekki hætta. Og það verður að virða það líka.“

Lokað augum fyrir staðreyndum

Ísabella Björnsdóttir starfar einnig sem sjálfboðaliði með Frú Ragnheiði. Hún hefur nýlokið MA-námi í félagsráðgjöf þar sem hún skrifaði lokaritgerð um skaðaminnkun.

„Sumum finnst hræðilegt að láta fólk fá sprautur og gagnrýna þetta fyrirkomulag. En þetta verður allt öðruvísi þegar þú ert í kominn návígi við fíkla sem eru á þessum stað. Svo er auðvitað augunum enn lokað fyrir því að það séu raunverulega til sprautufíklar í samfélaginu,“ segir hún.

Svala tekur undir þetta og segir úrræðin vera til staðar þó það vanti heildræna stefnu á skaðaminnkun.

Efnin aldrei tekin af konunum

„Það er til að mynda bannað að nota efni innanhúss í Konukoti sem getur gert þeim sem eru háðar morfíni mjög erfitt fyrir. Konurnar fara út, fáarveikar, um leið og þær vakna og standa í kuldanum á meðan þær fá sér. Neyslurými gæti minnkað skaðann af því, sem og mörgu öðru,“ segir hún, en bætir við að nála-skiptaþjónusta sé í Konukoti og það hafi skipt sköpum þegar því var komið á. Efnin eru aldrei tekin af konunum þegar þær koma inn, heldur eru þau geymd á meðan þær dvelja innandyra. „Efnin eru aldrei tekin því það er ekki einu sinni hægt að ímynda sér hvað þessar konur hafa stundum þurft að ganga í gegnum til að ná í þau,“ segir Svala.

Áfengisfráhvörfin eru verst

Að sögn Ísabellu og Svölu eru slæm áfengisfráhvörf verri en fráhvörf af ólöglegum fíkniefnum. „Öll fráhvörf eru mjög slæm en áfengisfráhvörfin eru langverst. Þau eru einu fráhvörfin sem geta leitt fólk til dauða ein og sér,“ segir

„Hvað myndir þú gera ef þú sæir alkahólista drekka úr brotnu glasi?“

Svala Jóhannsdóttir sjálfboðaliði hjá Frú Ragnheiði

Svala. Ísabella tekur undir það og konurnar tvær telja að íslensk heilbrigðisfyrirvöld ættu að taka starfsemi erlendra landa sér til fyrirmyndar í þeim efnum. „Það getur verið óhugnanlegt að vera með konur í áfengisfráhvörfum. Þær vakna um morguninn og byrja strax að skjálfa en oft þurfa þær bara að fá nokkra sopa og þá jafnast þær út,“ segir Ísabella. „Þá geta þær farið að hugsa um sig, kannski fengið sér að borða, þrifið sig, lesið blaðið og því um líkt,“ bætir Svala við. Þannig sé verið að vinna með mikla áfengissjúklinga víða erlendis og segja konurnar slíka starfsemi vanta hér á landi.

Aðstoða ekki við neysluna

Svala og Ísabella hafa aldrei hjálpað fíkli að sprautu sig. „Við reynum að leiðbeina fólki um örugga sprautunotkun. Ein gagnrýnin á skaðaminnkun er sú hugmynd að svona þjónusta komi í veg fyrir bindindi. En það er akkúrat ekki þannig. Ef einstaklingurinn vill aðstoð og stuðning við að ná edrú-mennsku stendur það alveg 110 prósent til bóða. Þetta snýst um að virða sjálfsákvörðunarrétt fólks,“ segir Svala.

Hún segir að þrátt fyrir aukna umræðu finni hún enn fyrir miklu forðum innan kerfisins sem einkennist af vanþekkingu á skaðaminnkun sem hugmyndafræði. Það sé lítið rætt um fræðin, bæði innan kerfisins og við notendur. Nauðsynlegt sé að losna við tabúíð og hefja samtal um málin. Hún hefur borið ákveðna spurningu undir fólk til að freista þess að láta það skilja skaðaminnkun betur: „Hvað myndir þú gera ef þú sæir alkahólista drekka úr brotnu glasi?“



→ Vilja neyslurými hingað

Neyslurými (e. drug consumption rooms) eru staðir þar sem sprautufíklar geta notað vímuefni í hreinu og áhættulausu umhverfi undir eftirliti þjálfaðs starfsfólks. Neyslurými eru starfrækt í samstarfi við löggæslu svo neytendur eru ekki handteknir fyrir neyslu ólöglegra vímuefna, er kemur fram í MA-ritgerð Ísabellu Björnsdóttur, Skaðaminnkun á Íslandi - viðhorf og þekking.

„Mér er kunnugt um að þetta hafi tíðkast erlendis um nokkra hríð og ég hef heyrt mína kollega tala um þetta með ánægju. Þeir segja að þetta hafi gert lífið einfaldara fyrir alla aðila,“ segir sérfræðingur á smitsjúkdómadeild LSH, Magnús Gottfredsson. Á undanförunum áratugum hafa verið sett upp yfir 90 neyslurými víðs vegar í Danmörku, Noregi, Sviss, Hollandi, Pýskalandi, Spáni, Lúxemborg, Kanada og Ástralíu. Svala og Ísabella segja báðar að slíkt sé bráðnauðsynlegt heilbrigðisúrræði hér á landi og hvetja yfirvöld til að efna til umræðu um slíka möguleika.

→ Markmiðið að fólk haldi lífi

„Markmið okkar er að þetta fólk haldi lífi og bæti heilsufar sitt. Þannig má með einföldum og ódýrum úrræðum draga úr skaðsemi fyrir einstaklinginn, fjölskyldu hans og samfélagið allt,“ segir Þór Gíslason, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar. „Tilgangurinn er að ná til jaðarhópa samfélagsins, svo sem útígangsfólks, heimilisláusra og fíkla, og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd án fordóma og kvaða.“ Með því er hægt að draga úr skaðsemi lífnaðarháttu jaðarhópa, eins og sykingum í sárum og útbreiðslu lífrarbólgu C og HIV, með því að auðvelda þeim aðgengi að sárameðferð, hreinum nálum og sprautum og almennri fræðslu um skaðaminnkun.

Sjúkrabíllinn var tekinn í notkun í febrúar árið 2011 og þá jókst aðsókn hópsins í þjónustuna til muna. Áður hafði hún verið starfrækt úr hjólhýsi.

Prír sprautufíklar segja sögu sína

Lenti í hjólastól eftir sýkingu í mjaðmabeini

Eva er 34 ára og hefur sprautað sig með ritalíni í æð í mörg ár. Hún býr ásamt kærasta sínum í smáhýsunum á Granda sem starfrækt er á vegum Reykjavíkurborgar. Eva hefur nýtt sér þjónustu Frú Ragnheiðar fjórum sinnum og ber starfsfólkinu vel söguna.

Eva kemur inn með fullan dall af notuðum sprautum sem starfsfólkið tekur á móti. Hún fær nálar og sprautudælur fyrir sig og félagi sína og fær afhentar um hundrað nálar af þremur stærðum. Hún er ekki í vafa um hvað hún vill og er afar skýr með stærðir á nálum.

„Ég nota bara ritalín og kannabis. Ég drekk ekki, það gerir mig alveg ruglaða,“ segir Eva. Hún hefur verið lengi í neyslu og segist vera dugleg að nota sótthreinsunarklúta áður en hún stingur sig. Það lærði hún af biturri reynslu.

„Ég var einu sinni í hjólastól í þrjá og hálfan mánuð eftir að hafa fengið sýkingu í mjaðmarbeinið sem leiddi upp í litla heila. En ég stakk af burt frá sjúkráhusinu á endanum og fór upp á Akranes til að redda mér ritalíni. Ég var með legg í æð af sjúkráhusinu svo maður var fljótur að skjóta þessu. En auðvitað var ég í lífshættu.“

Notar gramm á dag á sjötugsaldri

Guðni, 61 árs, kemur upp í bílinn í síðara stoppi hans við Hlemm. Hann notar amfetamín og byrjar á því að spyrja viðstadda í léttum tón hvort einhver eigi efni. Hann notar um það bil gramm af efni á dag, sprautað í æð, og að hans sögn nota amfetamín á bilinu fimm til tíu þúsund krónur. Verðið fer eftir gæðum. Hann segist myndu nota opinbert neyslurými ef þörf væri á. Þá þyrfti hann ekki að standa á Klambatúninu eða við Sundhöll Reykjavíkur að sprautu sig í æð. Hann fékk 80 nálar og klúta.

„Áttu ritalín?“

Sigrún er 41 árs og býr í smáhýsunum á Granda. Hún notar mest ritalín og áfengi. Þegar hún er spurð af starfsfólki Frú Ragnheiðar hvað megi bjóða henni svarar hún hlæjandi um hæl: „Áttu ritalín?“

Sigrún fær nálar, klúta og dælur og leiðbeiningar um hvernig öruggast sé að sprautu sig. „Ég kann það,“ segir hún ákveðin. Svo lýsir hún aðferðinni í smáatriðum svo ekki fari á milli mála að kunnátan sé fyrir hendi. Sigrún er kvödd með tilmælum um að hún ætti að finna sér nýjan heimilislækni og er hvött til að drífa sig í það sem fyrst.





**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 7. - 11. febrúar
afnemunnið við virðisaukaskatt*
af öllum snyrtivörum.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



RISAU



ELLINGSEN
GASGRILL, 3 BRENNARAR
YFIRBREIÐSLA FYLGIR

44.000 KR.
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.

**30%
AFSLÁTTUR
AF GRILL
AUKAHLUTUM**



EL PRADO
2200 WOODY
2 BRENNARAR

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.



MOUNTAIN HARDWEAR
DOWNTOWN ÚLPA

NÚNA! 29.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

COLUMBIA LAY'D
DÚNVESTI

NÚNA! 15.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**25%
AFSLÁTTUR AF
REIÐHJÓLAHJÁLUM
OG REIÐHJÓLA-
AUKAHLUTUM**



MERIDA CROSSWAY
YELLOWSTONE REIÐHJÓL

49.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

GRILLTILBOÐ

| GRILL | VNR | VERÐ | TILBOÐ | NÚNA! |
|--------------------------------|-------|---------|--------|---------------|
| Gasgrill Ellingsen 4 br. svart | 86262 | 89.990 | 64.000 | 54.000 |
| Gasgrill Ellingsen 4 br. stál | 79328 | 109.900 | 80.000 | 69.000 |
| Gasgrill Ellingsen 3 br. stál | 79327 | 98.900 | 74.990 | 59.000 |
| Gasgrill Ellingsen 2 br. svart | 86183 | 49.900 | 34.990 | 24.900 |
| Gasgrill Ellingsen 3 br. svart | 86261 | 79.900 | 59.990 | 44.000 |

6 mán. vaxtalaugar léttgreiðslur



ELKA
VINNUGALLI, S-3XL

13.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.



SNOWLINE
KEÐJUBRODDAR

7.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.



**20-50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SKOT-
VEIÐIVÖRUM**



**30-50%
AFSLÁTTUR AF
SCOTT-VÖRUM**



**20-50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VEIÐI-
VÖRUM**



**30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SOREL-SKÓM**

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!



TSALA ELLINGSEN

20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA FERÐATÆKJUM

A.M.K. 25%
AFSLÁTTUR AF
VÖRUM FRÁ
DIDRIKSONS

ALLAR
VÖRUR FRÁ
DEVOLD
MEÐ 20%
AFSLÆTTI

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!

ÚTSÖLUNNI
LÝKUR UM
HELGINA!

OPIÐ
SUNNUDAG
KL. 12-16
Í REYKJAVÍK

MOUNTAIN HARDWEAR
MONKEY PEYSA

NÚNA! **12.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



MOUNTAIN HARDWEAR
KELVINATOR ÚLPA

NÚNA! **29.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.



ALLAR
VÖRUR FRÁ
SKOGSTAD
MEÐ 40%
AFSLÆTTI



SOREL CARIBOU
DÖMUSKÓR, BRÚNIR

NÚNA! **19.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 20.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



SOREL JOAN OF ARTIC
DÖMUSKÓR, BRÚNIR

NÚNA! **24.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 27.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.



COLUMBIA
ANIK PEAK HERRASKÓR

NÚNA! **12.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



COLUMBIA
BUGABOOT

NÚNA! **14.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 18.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



COLUMBIA
SKYWAY DÖMUSKÓR

NÚNA! **12.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hággæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

HELSTU SKREF Í FERLI EYÞÓRS

| 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|------|---|---|--|---|---|--|---|---|
|  | | Lék Jesús í uppfærslu VMA og MA á Jesus Christ Superstar Sigræði í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd VMA með lagið Framtíð biður |  |  | Lék Riff Raff í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Rocky Horror |  | Lék Berger í uppfærslu Silfurtunglins á Hárinu |  | Sigræði Söngvakeppnina og keppni fyrir Íslands hönd í Eurovision Lék Maríus í uppfærslu Þjóðleikhússins á Vesalingunum |
| Tók þátt í uppfærslu á Óliver Twist með Leikfélagi Akureyrar | | | Sigræði í raunveruleikaþáttunum Bandið hans Bubba | | | Gekkt til liðs við hljómsveitina Todmobile | | | |

Faðirinn og rokkarinn nánir vinir

Eyþór Ingi Gunnlaugsson söng sig inn í hjörtu landsmanna þegar hann flutti lagið Ég á líf í Söngvakeppninni og sigraði með yfirburðum. Eyþór Ingi sem hefur troðið upp síðan hann var lífill þjakkur segist hafa gert tvær misheppnaðar tilraunir til að læra tónlist.

Tinna Rós Steinsdóttir

tinnaros@frettabladid.is



Frá því í leikskóla hef ég verið voða upptekinn að því að verða leikari eða söngvari. Sem krakki horfði ég mikið á myndir með Elvis Presley og söng lögin hans svo á leikskólanum á mjög þjagaðri ensku. Það eru til skemmtileg fjölskyldumyndbönd frá minni barnæsku þar sem ég syng til dæmis Amonsjúka, sem átti að vera All Suit Up, og reyndi að kenna foreldrum mínum að hreyfa sig eins og Elvis," segir Eyþór Ingi og hlær.

Fjölskylduþeirrir Eyþór Ingi Gunnlaugsson er fæddur á Dalvík árið 1989. Hann ólst þar upp en býr nú í Kópavoginum og er í fullri dagvinnu sem pabbi. Á kvöldin klæðir hann sig svo oft en ekki í rokkgallann og skemmtir fólki með frábærri söngroddinni. „Ég hef verið að koma fram frá því ég var smá þjakkur, þá annaðhvort með harmonikkuna eða sem Ladda-eftirherma og ég hef alltaf fengið mikinn stuðning. Afi er duglegur að rifja það upp þegar ég var með honum í hesthúsinu og karlarnir í kring komu í kaffi. Þá vippaði ég mér upp á einn heyrþaggann og söng fyrir þá. Mamma og pabbi leyfðu mér líka oft að skemmta þeim sem komu í heimsókn. Svo var ég algjör límhelli þegar ég var yngri og þuldi til dæmis upp heilu þættina af Heilsuþélinu fyrir gesti og gangandi," rifjar hann upp.

Feimni hrjáði hann því ekki á sínum yngri árum en hann segir hana hafa ágerst með árunum. „Það er alltaf ákveðið öðryggi í mér. Ég er stundum á barmi þess að kasta upp úr stressi áður en ég kem fram en það lagast yfirleitt um leið og ég kem á sviðið því þar lifur mér svo vel.“

Eyþór hélt til Akureyrar árið 2006, hóf nám í VMA og sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd skólans árið 2007. „Ég lullaðist í gegnum eina önn, tók þátt í keppninni og hætti svo eiginlega strax eftir hana," segir Eyþór sem að eigin sögn hefur aldrei verið mikill námsmaður, enda með bullandi athyglisbrest og mikla lesblindu. „Ég hef samt gert tvær misheppnaðar tilraunir til að læra tónlist," segir hann og rifjar upp fyrri tilraunina.

„Afi minn er mikill músíkant og getur gripið í flest hljóðfæri, þrátt fyrir að hafa aldrei lært á eitt einasta. Hann var alltaf tuðandi yfir því að geta ekki lesið nótur svo ég ákvað að læra á harmonikkuna svo ég gæti kennt honum það. Það gekk ekki alveg sem skyldi því ég fylgdist aldrei með nótnum heldur spilaði bara eftir eyranu," segir hann hlæjandi.

„Það er klárt mál að ég hef tóneyrað frá afa. Mómmu minni reyndar voðalega gaman að syngja og pabbi getur blístrað heilu lögin eins og verið sé að spila þau á flautu, sem ég skil ekki því sjálf-



HEFUR TÓNEYRAÐ FRÁ AFA SÍNUM Eyþór Ingi hefur aldrei verið mikill námsmaður. Hann hefur gert tvær misheppnaðar tilraunir til að leggja stund á nám í tónlist en hefur að mestu kennt sér sjálfur. Tóneyrað segist hann hafa frá afa sínum sem hefur aldrei lært á neitt hljóðfæri en getur þó gripið í þau flest.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

ur get ég ekki blístrað. Ég hef samt aldrei heyrt pabba syngja en langar mikið til þess.“

Þrátt fyrir að vera ekkert lærður í tónlist syngur Eyþór eins og fagmaður og spilar á bæði gítar og píanó. Kunnáttuna segir hann hafa komið með reynslunni. „Ég er rosalega meðvitaður um það sem ég geri og hef áttað mig á hlutunum smám saman," segir hann.

Syngur stelpurnar í svefn

Eyþór hefur verið í sambúð með Soffíu Ósk Guðmundsdóttur í tæp þrjú ár, en þau kynntust árið 2008. „Við hittumst fyrst kvöldið sem ég vann Bandið hans Bubba en þá óskaði hún mér bara til hamingju og var svo horfin. Fyrir tilviljun rakst ég svo á hana aftur stuttu seinna og þaðan leiddi eitt af öðru," segir hann glottandi en þau eiga nú dótturina Elvu Marín sem er rúmlega eins árs. Þar fyrir utan á Soffía, sem er sjö árum eldri en Eyþór, dæturnar Báru Katrínu og Kristínu Emmu úr fyrra sambandi og búa þær hjá þeim.

Eyþór tekur föðurhlutverkið mjög alvarlega og segist oft syngja stelpurnar í svefn. „Það hentar mér augljóslega mun betur en að lesa fyrir þær," segir hann og hlær. Hann segir fjölskyldumanninn Eyþór og rokkarann Eyþór vera mjög nána. „Nú til dags snýst rokkið svo mikið um það að vera heidarlegur og samkvæmur sjálfum sér. Rokkarar þurfa ekki lengur að ganga um í leðurboxum, vera uppdráðir og líma húsgögnin sín á hvolf, það er bara liðin tíð," segir hann.

„Starstruck“ að hitta Ladda

Eyþór kom fyrst fyrir augu almennings þegar hann tók þátt í raunveruleikaþáttunum Bandinu hans Bubba árið 2008. Skemmt er að minnast þess í einum þættinum þegar Bubbi bað Eyþór Inga að

Vissi að Friðrik Ómar færi í Eurovision

Söngvarinn og Eurovision-farinn Friðrik Ómar Hjörleifsson er Dalvíkingur, rétt eins og Eyþór. Hann útskrifaðist úr grunnskólanum á Dalvík og fór þá beint að kenna tónmennt í skólanum. „Hann var bara 16 ára þegar hann byrjaði að kenna mér tónmennt og ég man alltaf eftir atviki þar sem hann lét okkur teikna myndir í frjálsum tíma. Ég teiknaði mynd af honum á sviði og skrifaði þar fyrir ofan Friðrik Ómar í Eurovision eftir nokkur ár. Ég man að hann tók við myndinni og hló. Ég veit ekki hvað það var en ég gerði bara alltaf ráð fyrir því að hann myndi taka þátt í þessari keppni," segir Eyþór sem hefur ekki verið eldri en 10 ára þegar atvikið átti sér stað.

Þeir eru góðir vinir í dag og það var til að mynda hugmynd Friðriks Ómars að Eyþór myndi skipta um jakka áður en hann steig á svið í einvígínu í Söngvakeppninni um síðustu helgi. Þeir komu fram saman á Freddie Mercury-heiðurstónleikunum í fyrri auk þess sem hljómsveitin Dalvík All-Star hefur tvisvar komið fram, en hún samanstendur af Eyþóri Inga, Friðriki Ómari, Matta Matt og Begga Kára. „Friðrik er einn skemmtilegasti trommari sem ég hef nokkru sinni spilað með," segir Eyþór.



gera sér þann eina greiða að taka aldrei þátt í Eurovision. Eyþór hlær við þegar þetta er rifjað upp. „Hann átti svo sjálfur lag í keppninni eftir þetta svo hann er örugglega ekkert of reiður. Hann er í það minnsta ekki enn búinn að hringja og skamma mig," segir hann hlæjandi. Eyþór var í fyrstu áhugalítill um að vera með í þáttunum en lét sannfærast af Bubba. Hann sér ekki eftir því í dag því þeir voru mikill stökkpallur.

Í framhaldi af þáttunum fékk Eyþór alls kyns tilboð og segir stærstu stund ferilsins hafa komið árið 2011 þegar honum bauðst að vinna með átrúnaðargöðinu, Ladda. „Þegar ég las með Ladda inn á teiknimyndina Lorex rættist einn af þessum æskudraumum sem maður bjóst aldrei við að myndu rætast. Laddi er hetjan mín og ég hef aldrei orðið eins „star-

struck“ og þegar ég hitti hann. Hann er algjör sérfræðingur," segir hann. Draumurinn fullkomnaðist svo þegar þeir stóðu saman á sviði í Vesalingunum það sama ár.

Eurovision aldrei á planinu

„Ég horfði alltaf á Eurovision sem þjakkur og á mín uppáhaldslög eins og hver annar," segir Eyþór og nefnir þar sem dæmi norska framlagið In My Dreams sem Wig Wam keppti með 2005 og sænska sigurvegarann frá því í fyrri, Loreen. Í mestu upphaldi hjá honum er þó lagið My Star sem Lettarnir í BrainStorm fluttu í keppninni árið 2000. „Það var alveg brilliant. Söngvarinn leit út alveg eins og ungur Mick Jagger og var ægilega spastískur," segir hann.

Eyþór segist aldrei haft neitt á



MIKILL FJÖLSKYLDUMÆÐUR Eyþór og Soffía Ósk kynntust árið 2008 og hafa verið í sambúð í tæp þrjú ár. Þau eiga saman eina eins árs dóttur, Elvu Marín, auk þess sem Soffía á tvær dætur úr fyrri sambandi, Báru Katrínu 9 ára og Kristínu Emmu 6 ára. Þær fagna hér á sviðinu með þarinu eftir að Eyþór sigraði söngvakeppnina síðastliðinn laugardag.

MYND/VALGEIR MAGNÚSSON

móti Eurovision þrátt fyrir áhugalessi á þátttöku hingað til. „Þetta var aldrei á planinu en ég er ofboðslega þakklátur fyrir þetta tækifæri. Þetta er strax orðið mikið ævintýri og ég efast ekki um að ég eigi eftir að búa að þessari reynslu til æviloka," segir hann.

Þrátt fyrir að vera sjálfur blautur á bak við eyrun þegar kemur að keppninni er hann undir leiðsögn tveggja reyndustu Eurovision-keppna okkar Íslendinga, Örlygs Smára og Péturs Arnar. Það hlýtur að vera mikill styrkur? „Já, heldur betur. Þeir þekkja allt sem varðar keppnina, sem er frábært. Svo skemmir ekki fyrir hvað þeir eru skemmtilegir líka," segir Eyþór.

Að vanda hefur mikil umræða spunnist um lagið Ég á líf eftir að það sigraði Söngvakeppnina um síðustu helgi. Eyþór hefur ekki farið varhluta af þeirri umræðu en segir þátttökuna samt sem áður hafa verið þess virði. „Þegar öllu er á botninn hvolft erum við sáttrir við það sem við erum að gera. Ég hafði alveg búið mig undir einhver leiðindi en það kemur manni samt alltaf á óvart hvað sumir eru fljótir að stökkva til og lyfta kyndlinum á loft út af fátánlegu hlutum. Við einbeitum okkur að jákvæðu viðbrögðunum sem hafa verið svo langtum fleiri en þau neikvæðu. Það er fjöldi fólks sem tengir við lagið og það er það sem skiptir okkur máli," segir hann.

Skila á lokaútgáfu fyrir keppnina í Malmö um miðjan mars. Eyþór segir ekki vera búinn að taka neinar ákvarðanir um breytingar en hann geti þó staðfest að hárið verði ekki klippt. „Allt annað er opið," segir hann og hlær.

Það eru því spennandi tímar fram undan hjá þessum unga og hæfileikaríka manni sem lofar því þó að hann sé hvergi nærri hættur. „Ég er langt í frá búinn að toppa í lífinu, ég er rétt að byrja.“

10 ltr

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Innimálning 10 ltr.
Gljástig 10
7119963
4.995 kr



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

LÁGT VERÐ FYRIR ALLA



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Toppa og bitasett
40 stk 1/4"
5052515
4.995 kr



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Sturtutæki
Vali, hitastýrt
7910102
9.990 kr



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Stingsög
Power Plus, 350 W
5245207
2.195 kr



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Juðari
Power Plus, 135 W
2009223
1.995 kr



**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ** ↓
HÚSASMÍÐJUNNAR
Þvottavél
Bomann 5 kg. 1000 sn
1805438
59.900 kr

Fermingardagar í Blómavali um helgina

Pantíð áritaðar servíettur, kerti
og sálmabækur um helgina á
frábærum afslætti.

20%
afsláttur

af allri fermingarvöru
gegn framvísun
heimsenda
fermingarpóstsins
frá Blómavali

10%
Aukaafsláttur
á fermingar-
sýningunni

blómavali



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Pótt stjórnámálemenn tali stundum um þjóðarvilja er veruleikinn vitaskuld flóknari en svo að íbúar þessa lands myndi órofa heild sem er sammála í einu og öllu. Fréttablaðið réðst engu að síður í óvísindalega könnun og rýndi í þjóðarpúlga, skoðana-kannanir og rannsóknir og reyndi að greina hvaða viðhorf meirihluti landsmanna fylkir sér á bak við og hvað einkenni hinn dæmigerða Íslending.

Hinn dæmigerði Íslendingur...



gaf bók í jólagjöf

styrkir
góðgerðar-
málefni

fer oftar en
einu sinni í
bíó á ári



býr á höfuð-
borgarsvæðinu

treystir Landhelgisgæslunni,
lögreglunni, Háskólanum og
heilbrigðiskerfinu best af
stofnunum samfélagsins

er ánægður
með líf sitt

er yfir
kjörþyngd



stýður ekki
ríkisstjórnina
er ekki heldur
ánægður með
stjórnarandstöðuna

facebook

er á Facebook



er andvígur aðild Íslands að ESB

er líklegastur til að vilja ljúka
aðildarviðræðum við ESB



borðar ekki
skötu



er hlynntur
aðskilnaði
ríkis og kirkju

er skráður í
þjóðkirkjunna

er trúaður en
smám saman
að ganga af
trúnni

vill halda í krónuna

vill afnám verðtryggingar

er líklegastur til að geta með naumindum
náð endum saman

ferðaðist innanlands en fór ekki
til útlanda í fyrra

hefur meiri samúð með málstað
Palestínu en Ísraels í deilunum fyrir
botni Miðjarðarhafs

er ekki bjartsýnn á friðarhorfur í
heiminum



RÝMINGARSALA! LÆKKAD VERÐ!



VALIN SÝNINGARTÆKI, SKILAVARA OG
ÚTLITSGÖLLUÐ TÆKI

Á MIKÐ LÆKKUÐU VERÐI!

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!

MISMUNANDI ÚRVAL Í HVERRI VERSLUN FYRIR SIG
ELKO LINDUM - ELKO SKEIFUNNI - ELKO GRANDA



LINDIR



SKEIFAN



GRANDI



GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN

40%
afsláttur

20%
afsláttur

50%
afsláttur

60%
afsláttur

50%
afsláttur


20%
afsláttur

40%
afsláttur

60%
afsláttur

KEPPNISLIÐ MJÖLNIS


SIGHVATUR MAGNÚS HELGASON hóf æfingar í Mjölni árið 2006. Hann er margfaldur Íslandsmeistari í BJJ og Norðurlandameistari. Auk þess hefur hann unnið fleiri mót erlendis. Sighvatur er með brúnt belti í BJJ.



PRÁINN KOLBEINSSON hóf æfingar í Mjölni árið 2008. Hann er margfaldur Íslandsmeistari í BJJ. Auk þess hefur hann sigrað á sterkum mótum eins og Gracie Invitational og opna danska meistaramótinu. Práinn er með brúnt belti í BJJ.



ÁRNI ÍSAKSSON er atvinnu- maður í MMA og núverandi Cage Contender veltivigtarmeistari. Hann er með MMA-metið 12-4-0 og vann meðal annars PRO FC-beltið árið 2010. Árni er með fjólublátt belti í brasilísku jiu-jitsu. Næsti bardagi Árna er í Cage Contender þann 23. febrúar.



BJARKI ÞÓR PÁLSSON hóf æfingar í Mjölni árið 2010. Hann á einn áhugamannabardaga í MMA að baki sem hann vann. Næsti bardagi Bjarka Þórs verður í Cage Contender þann 23. febrúar. Bjarki er með blátt belti í BJJ.



DIEGO BJÖRN VALENCIA hóf æfingar í Mjölni 2010. Hann er með svart belti í karate og margfaldur Íslandsmeistari. Hann á einn áhugamannabardaga að baki. Þá rotaði hann andstæðinginn en var dæmdur úr leik fyrir að ganga of vasklega fram. Diego Björn er með blátt belti í BJJ.



HRÓLFUR ÓLAFSSON hóf æfingar í Mjölni 2008. Hann á einn áhugamannabardaga að baki sem hann vann. Hann er með blátt belti í BJJ.



AXEL KRISTINSSON hefur æft bardagaíþróttir í rúm átta ár. Hann hóf æfingar í Mjölni árið 2009 meðfram því að æfa júdó. Axel er margfaldur Íslandsmeistari, bæði í júdó og BJJ.



Brynjólfur Ingvarsson hefur æft blandaðar bardagalistir í nokkur ár en hóf æfingar í Mjölni árið 2011. Hann á einn áhugamannabardaga að baki sem hann vann. Brynjólfur Ingvarsson er með blátt belti í BJJ.

*Þetta er aðeins hluti af keppnisliði Mjölnis.

MYNDIR/JÓN VIDAR ARNÞÓRSSON

Bjart yfir heimi bardaganna

John Kavanagh er aðalþjálfari íþróttafélagsins Mjölnis. Hann hefur verið viðriðinn blandaðar bardagalistir um árabil og er afar hrifinn af landi og þjóð. Hann býst við miklu af Gunnari Nelson og segir framtíðina bjarta hjá íslenskum bardagaköppum.

Kristján Hjálmarsson
kristjan@frettabladid.is



Þetta verður mjög áhugaverður bardagi því Santiago er langreyndasti bardagamaðurinn sem Gunni hefur mætt. Ég held að Gunni eigi eftir að læra mikið á þessum bardaga, óháð því hvernig hann fer," segir John Kavanagh, aðalþjálfari bardagaíþróttaklúbbsins Mjölnis.

Gunnar Nelson mætir Jorge Santiago frá Brasilíu í öðrum bardaga sínum í UFC-keppninni á laugardaginn eftir viku. Santiago er án efa erfiðasti andstæðingurinn sem Gunnar hefur mætt til þessa enda margreyndur í íþróttinni.

„Santiago fékk svarta beltið í brasilísku jiu-jitsu áður en Gunni hafði heyrt af íþróttinni svo hann hefur verið viðlodandi greinina í mjög langan tíma. Santiago er mjög góður alhliða íþróttamaður, bæði í kick-boxinu og gólfglímunni. Það verður gaman að sjá Gunna mæta honum því hann er verðugur andstæðingur.“

Afar reyndur

Gunnar átti upphaflega að mæta Justin „Fasthand“ Edwards en hann dró sig úr keppni og Santiago hljóp í skarðið. „Ef þú berð Edwards og Santiago saman er þetta allt annar leikur. Santiago er miklu betri. Hann hefur barist í Evrópu, Japan, Ameríku og Brasilíu. Hann hefur mætt afar hæfileikaríkum mönnum sem eru mjög hátt skrifaðir í íþróttinni. Á ferli sínum hefur hann bara tapað fyrir mjög góðum og stórum millivigtarmönnum. Nú keppir hann hins vegar í veltivigt, sem er léttari flokkur, og ég held að hann hafi ekki tapað bardaga í þeirri vigt. Santiago er auk þess bara 32 ára og menn eru yfirleitt að toppa á þeim aldri.“

Kavanagh segir erfitt að segja til um hvernig bardaginn eigi eftir að þróast, jafnvel þótt bæði Gunnar og Santiago séu báðir með svarta beltið í brasilísku jiu-jitsu. „Það er alltaf erfitt að segja til um það. Ég legg yfirleitt ekki upp með plan með strákunum mínum því þau eru fín þangað til þú ert sleginn og þá fýkur það út um gluggann. Við æfum frekar ólíkar aðstæður sem geta komið upp þannig að hvernig sem bardaginn þróast verður Gunni tilbúinn.“

En heldur þú að Gunni vinni? „Að sjálfsgöðu.“

Ótrúleg þróun í MMA

John hefur æft blandaðar bardagalistir í ein átján ár eða um helming ævi sinnar. „Ég hafði alltaf áhuga á bardagaíþróttum og prófaði nokkrar en fann mig aldrei sérstaklega. Ég sá svo UFC í sjónvarpinu, þar sem léttir brasilískir bardagamenn létu íþróttina líta svo auðveldlega út, og varð strax hrifinn. Það sem meira er virtist enginn slasast illa því þetta voru kannski nokkur högg en svo náðu þeir uppgjafatökum og unnu. Þetta hreif mig strax. Ég held að ég hafi séð UFC-bardagann á föstudegi og strax daginn eftir vorum við félagarnir farnir að æfa íþróttina. Við vissum að vísu ekki hvað við vorum að gera og þannig var það fyrstu tvö árin. Það var enginn að kenna MMA eða brasilískt jiu-jitsu á þeim tíma svo okkur fór hægt fram. Nú geta menn fengið



LÆRISVEINNINN OG ÞJÁLFARINN John Kavanagh sést hér á æfingu með Gunnari Nelson en þeir hafa æft stíft undanfarnar vikur fyrir komandi bardaga í UFC. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bestu mögulegu kennslu sem hægt er, til dæmis hér í Mjölni. Menn eru jafnvel að fá bláa beltið á nokkrum mánuðum nú en það tók mig einhver sex til sjö ár. Það er ótrúlegt að fylgjast með þróuninni. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég er svolítið afbrýðsamur út í þá," segir hann og hlær.

Hrifinn af landi og þjóð

John hefur búið á Íslandi síðan í ágúst og er afar hrifinn af landi og þjóð. „Ég er mjög hrifinn af andrúmsloftinu hér í Mjölni, það er mjög svipað og í æfingasalnum heima í Dublin. Mjölnin er með eina stærstu æfingaaðstöðu fyrir blandaðar bardagalistir í heiminum. Ég hef farið víða um heim og heimsótt marga bardagaíþróttaklúbba en aðstaðan þar jafnast á engan hátt við þá sem Mjölnin býr yfir. Þeir sem koma hingað inn halda að svona líti allir bardagaíþróttaklúbbar út en svo er ekki. Bara anddyrið hér er stærra en húsnæðið sem flestir bardagaklúbbar sem ég hef komið í búa yfir. Andrúmsloftið og æfingaaðferðirnar hjá Mjölni eru líka betri en hjá langflestum klúbbum. Það ríkir mikil fjölskyldustemning hér, þetta er eins og að vera með fjölskyldunni þinni nema þú mátt kýla þá sem eru í henni," segir hann og hlær.

Hann segist ánægður með hugarfar Íslendinganna sem æfa blandaðar bardagalistir. „Þeir sem æfa hér líta á þetta sem lífsstíl – þeir æfa eða hugsa um íþróttina frá því að þeir vakna og þar til þeir fara að sofa. Sumir kalla þetta þráhyggju en ég held að

fólkið elski bara það sem það er að gera. Þú þarft að leggja mikið á þig til að verða góður í íþróttinni og þú leggur ekki svona mikið á þig nema mikil ástríða liggja að baki.“

Samstarf við Írland

John hefur fengið nokkra félagasina frá Írlandi til æfinga í Mjölni en þar má meðal annars nefna Conor McGregor og Cathal Pendred. McGregor vann léttivigtarbelti Cage Warriors á gamlársdag og er nýbúinn að skrifa undir samning við UFC. Pendred undirbýr sig nú á fullu fyrir titilbardaga í Cage Warriors í mars.

„Ég reyni að fá tvo til þrjá bardagakappa, sem allir eru atvinnumenn, í heimsókn reglulega. Bæði þeir og Mjölismenn hafa gott af því að breyta til og reyna sig með nýjum æfingafélögum.“

Bardagakappar úr Mjölni hafa einnig heimsótt félag Johns í Dublin og vonast hann til að framhald verði á samstarfinu. „Íslendingar og Írar virðast líka eiga skap saman og það hefur alltaf verið auðvelt fyrir þá að aðlagast aðstæðum.“

Bjart fram undan

Gunnar Nelson og Árni Ísaksson eru þekktustu íslensku bardagakapparnir en að sögn Johns munu fleiri eiga eftir að láta að sér kveða í náinni framtíð. „Það eru margir mjög góðir glímumenn hérna sem og áhugamenn í MMA. Á næstu árum munu þeir skapa sér nafn í þessum heimi. Bjarki Þór [Pálsson] mun berjast sama kvöld og

„Það ríkir mikil fjölskyldustemning hér, þetta er eins og að vera með fjölskyldunni þinni nema þú mátt kýla þá sem eru í henni.“

Árni í Cage Contender í lok mánaðarins og ég er mjög spenntur yfir honum. Honum hefur farið mikið fram á síðustu mánuðum," segir John. „Það eru margir mjög efnilegir hér í Mjölni og ég bíð spenntur eftir því að sjá hvernig þeir eiga eftir að vaxa og öðlast reynslu.“

Kostnaðarsöm íþrótt

En hvernig sérðu MMA og Mjölni þróast á Íslandi á næstu árum? „Eins og ég sagði eiga margir góðir bardagakappar eftir að koma fram á næstu árum. En þetta er svolítið öðruvísi hér en til dæmis á Írlandi. Þar eru MMA-bardagar allar helgar svo bardagakapparnir eru fljótir að verða sér úti um reynslu án mikils kostnaðar. Ef strákarnir hér ætla að ná sér í smá reynslu, til dæmis með áhugamannabardaga, fylgir því mikill kostnaður, flug, hótél og allt það. Ég held engu að síður að mjög góðir og hæfileikaríkir íslenskir bardagakappar eigi eftir að láta dagsins ljós á næstu árum.“

visir.is

Myndir frá æfingum Gunnars Nelson má finna á Vísi.is

Dagur íslenska táknmálsins

11. febrúar 2013

Mánudaginn 11. febrúar 2013 verður dagur íslenska táknmálsins haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Dagsins verður minnst í skólum landsins með kynningu á íslensku táknmáli. Kynningarefni er aðgengilegt á signwiki.is

Dagskrá á degi íslenska táknmálsins

Málþing um táknmálsumhverfi barna á Íslandi verður haldið á vegum Rannsóknastofu í táknmálsfræðum og Málnefndar um íslenskt táknmál. Þingið verður haldið í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands. Það hefst kl.15 og lýkur kl.18. Vigdís Finnbogadóttir verndari norrænna táknmála mun opna þingið og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra flytur ávarp. Meðal fyrirlesara eru Sigríður Sigurjónsdóttir, Nedelina Ivanova, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Arnar Ægisson. Döff menningaratriði verða á milli erinda. Veitingar verða í boði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Þögla kvöldið verður á Íslenska barnum, Pósthússtræti 9, á vegum Félags heyrnarlausra frá kl. 18.30. Allir sem áhuga hafa á táknmáli eru velkomnir hvort sem þeir kunna eitthvað eða ekki. Samskipti eru ekki vandamál. Það þarf bara að þora að reyna og kynna þannig nýjum heimi.



Eftirtalin fyrirtæki standa við bakið á réttindabaráttu heyrnarlausra:



NÝIR OG SPENNANDI FERÐA MÖGULEIKAR

Nú er um að gera að tryggja sér sæti því margar ferðir eru þegar uppseldar! *Góða ferð!*



Verð frá
kr. 119.100
– innifalið í 10 nætur



Costa del Sol



Frábært verð
Griego Mar
Frá kr. 119.100
– allt innifalið
í 10 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 142.500 á mann. 10. júní í 10 nætur.



Verð frá
kr. 136.900
í 14 nætur

Krít

Frábært verð
Omega
Frá kr. 136.700
í 14 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio kr. 159.100 á mann. 30. maí í 14 nætur.



Verð frá
kr. 89.600
í 7 nætur

Almeria

Frábært verð
Bahia Serena
Frá kr. 89.600
í 7 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 109.400 á mann. 11. júní í 7 nætur.





Sérferðir

Kúba

24. apríl - 7. maí

Netverð kr 355.900 á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 1 nótt í Brighton / morgunverður, 6 nætur í Havana / morgunverður og 5 nætur í Varadero / allt innifalið. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Tvær kynnisferðir í Havana Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns

Ekki innifalið: Ferðamannaáritun til Kúbu 4.900.- á mann og brottfararskattur á Kúbu.

Á biblíuslóðum í landinu helga

20. mars - 3. apríl

Fararstjóri: Borgþór Kjærnested

Netverð kr. 453.900.- á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli á Kastrup flugvelli. Gisting, hálf fæði og kynnisferðir samkvæmt ferðatilhögun í Ísrael. Fararstjórn miðað við lágmarks páttöku 15 manns.

Ekki innifalið: Akstur til / frá hóteli á Kastrup flugvelli. Hádegisverðir. Aðgangseyrir á önnur söfn en tilgreind eru í ferðalýsingu, siglingar, tónleikar og aðrar kynnisferðir. Klafurinn til Masada virkisins.

Allar nánari upplýsingar um ferðina veitir Borgþór S. Kjærnested, farsími: 898-0359



Madeira

2.-12. apríl

Netverð kr. 249.900 á mann í tvíbýli / Hotel Madeira Regency Palace

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4* hóteli með hálfu fæði í 10 nætur, 5 kynnisferðir, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Sértilboð:

Netverð kr. 179.900 á mann í tvíbýli / Hotel Four Views Monumental

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3*+ hóteli með morgunverði í 10 nætur, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Búdapest og Balatonvatnið

18. maí - 27. maí

Fararstjóri: Judit Rán Esztergál

Netverð á mann:

Kr. 189.900 á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug til og frá Budapest, skattar, gisting í 4 nætur á 4* hóteli í Budapest m/morgunverð. Fimm nætur á 3* hóteli í Balatonfűred með hálfu fæði, Akstur til og frá flugvelli og milli áfangastaða. Kynnisferðir: 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26. maí. Fararstjórn Judit Rán Esztergál.

Ekki innifalið: Hádegisverðir, drykkir, aðgangseyrir á söfn, tónleika og aðrar kynnisferðir en þær sem tilgreindar eru ofan.

ATH: Þessi ferð hentar síður þeim sem eiga erfitt með gang.

Verð ferðar er miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.



Portoroz og Ljubljana

3.-9. júlí

Netverð á mann 5* / 4* hótél

kr. 179.900 á mann í tvíbýli.

Netverð á mann 4*/3* hótél

kr. 169.900 á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug, skattar, gisting í Portoroz í 4 nætur / hálf fæði innifalið. Gisting í 2 nætur í Ljubljana / morgunverður innifalinn. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Ekki innifalið: Bátsferðir, kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.



Gönguferðir 2013

Cinque Terre Ítalía

25. maí - 1. júní – uppselt

1. - 8. júní – 4 sæti laus

26. ágúst - 2. sept. – 4 sæti laus

2. - 10. sept. – 8 náttu ferð

- aukaferð

Netverð á mann í tvíbýli:

219.700 júní ferð

225.500 ágúst ferð

239.900 september ferð

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli með morgunverðarhlaðborði. Fjórir kvöldverðir. Akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 15 manns.

Ekki innifalið: Bátsferðir, valfrjálssar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum, kláfum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.

Gönguferð á Tenerife

3.-11. apríl

Netverð kr 194.900 á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli með hálfu fæði. Akstur til og frá flugvelli. Gönguferðir samkvæmt ferðalýsingu og íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 15 manns.

Ekki innifalið: Bátsferðir, valfrjálssar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum, kláfum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.

Siglingar með Costa Cruises



Heimsferðir eru umboðsaðili Costa Cruises á Íslandi. Costa Cruises býður glæsileg lúxusskip sem sigla vítt og breytt um heiminn. Áfangastaðirnir eru fjölbreyttir og spennandi og það ásamt góðum aðbúnaði á skipunum gerir siglingar með Costa Cruises að sannkölluðu ævintýri.

Nánari upplýsingar á netsíðu okkar

www.heimsferdir.is

Stökktu til Tenerife

27. febrúar

Frá aðeins

kr. 109.900

– allt innifalið í 7 nætur

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætum 27. febrúar til Tenerife. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 109.900 – allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð á mann í tvíbýli, allt innifalið kr. 139.900.



Stökktu til Kanarí

19. febrúar í viku

Frá aðeins

kr. 69.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 19. febrúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 69.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn í búð í 7 nætur. Netverð á mann í tvíbýli kr. 84.800

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





LÆKJARGATA 2 „Sigfús Eymundsson, fyrsti ljósmyndarinn í Reykjavík, bjó þarna og var með ljósmyndastofu á annarri hæð. Þar byggði hann svalir þar sem bara var hægt að koma fyrir einni myndavél á þrífæti og tók þaðan margar merkar myndir. Sams konar svalir voru byggðar á nýju endurbýgginguna, en einni hæð ofar,“ segir Guðmundur.



AÐALSTRÆTI 2 „Þegar ég man eftir mér var Ingólfsapótek í þessu húsi,“ rifjar Guðmundur upp. „Árið 1986 var Geysir þarna með sína verslun, en þar var sú regla í gildi að allt sem var til sölu í búðinni skyldi vera til sýnis í glugganum. Frægur maður, Gunnar Sigurðsson, stillti vörurum upp og fólk gat horft lengi í Geysisgluggana.“



Í Kvosinni kvartöld síðar

Á sýningunni Kvosin – 1986 & 2011 má sjá myndir sem ljósmyndarinn Guðmundur Ingólfsson tók í miðbæ Reykjavíkur á 200 ára afmæli borgarinnar og af sömu stöðum 25 árum síðar.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Ég hef alltaf verið að snúðra í miðbænum og ljósmynda það sem mér finnst fyndið og furðulegt,“ segir ljósmyndarinn Guðmundur Ingólfsson. Á sýningunni Kvosin – 1986 & 2011, sem stendur yfir til 12. maí í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, má sjá myndir sem Guðmundur tók með 25 ára millibili í miðbæ Reykjavíkur.

Byrjaði sem bók

Sýningin er samstarfsverkefni Ljósmyndasafnsins og Minjasafns Reykjavíkur og byggir á myndum sem Guðmundur tók fyrst árið 1986 í tilefni af 200 ára afmæli borgarinnar. Á þeim tíma sat Guðmundur í stjórn Torfusamtakanna, sem tóku að sér að ljúka við húsakönnun sem hafin var á vegum borgaryfirvalda. „Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður lagði til alla forvinnu varðandi þessa húsakönnun. Hjörleifur Stefánsson arkitekt skrifaði texta og ég tók myndir fyrir bókina Kvosin, sem við gáfum út árið 1987 og er enn viðurkennt uppfléttirit um miðbæinn fyrir

þá sem fást við húsafríðun,“ segir Guðmundur um tilurð upphaflegu myndanna.

Árið 2011, 25 árum síðar, hittu Guðmundur Guðný Gerði og minjavörðurinn benti ljósmyndaranum á að Reykjavík væri orðin 225 ára og ekki væri vitlaus hugmynd að endurtaka leikinn. „Þetta er nokkuð mikil vinna því ég ljósmyndaði hvert einasta hús í Kvosinni, frá Lækjargötu að Aðalstræti, eða Reykjavík eins og hún var allra fyrst,“ útskýrir Guðmundur og tekur fram að allar þær myndir komist fráleitt fyrir á sýningunni í Ljósmyndasafninu, sem telur 54 myndir frá 1986 og fimmtíu myndir frá 2011.

Heilmargt hefur breyst

Hann segir viðtökurnar við sýningunni hafa verið góðar. „Fólk hefur gaman af þessu því þetta er sýning sem hægt er að gleyma sér á. Sumir muna vel eftir þessum tíma og svo eru aðrir sem muna hann tæplega og finnst gaman að rifja upp. Margir gera sér grein fyrir því að þótt fátt virðist hafa breyst í fljótu bragði þá hefur heilmargt breyst, margt til hins verra en ótrúlega margt til hins betra. Einn helsti kosturinn við ljósmyndina er sá að það er engin mynd svo ómerkileg að hún batni ekki með tímanum.“



HALLÆRISPLANIÐ

„Planið sem loksins stendur undir nafni, því þarna hefur aldrei ríkt eins mikið hallæri og nú. Ef ekki væri fyrir hjólabretta- og mótorhjólafólkið væri þarna ansi fátt,“ segir Guðmundur og hlær. „Mótorhjólafólkið hefur elst, þótt ekki sé sama fólk á báðum myndunum. Þeir sem leyfa sér að hafa áhuga á mótorhjólum eru eldri nú en árið 1986.“

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!



Ódýrt!

35% afsláttur

449 kr. kg

Verð áður ~~698~~ kr. kg
Krónu saltkjöt

12 í pk.

389 kr. pk.

Krónu vatnsdeigsbollur, 12 stk.

998 kr. kg

Verð áður ~~1198~~ kr. kg
Krónu saltkjöt, 1. fl.

295 kr. stk.

Peytitoppur sprauturjóni

219 kr. stk.

Myllu bolluglassúr

299 kr. stk.

Íslandssultur, 3 teg., 350 g

229 kr. stk.

Kötluglassúr, 2 teg., 150 g



15% afsláttur

SPRENGJU-VERÐ!

1898 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
ÍM kjúklingabringur

SPRENGJU-VERÐ!

35% afsláttur

159 kr. stk.

Verð áður ~~255~~ kr. stk.
Pepsi Max, 2 l



Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabrengi. EXPO • www.expo.is

Vill dansa nakinn áttæður

Árni Pétur Guðjónsson segist vera á seinna blómgunartímabilinu sem leikari enda sjaldan verið meira áberandi í íslenskri leiklist. Leikur aðalhlutverk í sjónvarpsþáttunum Hæ Gosa og eitt aðalhlutverka í Segðu mér satt sem frumsýnt var í Kúlunni í fyrrakvöld.

Fríðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



Ég var nú ekkert ákveðinn í því hvað ég vildi verða þegar ég fór í inntöku- prófið í Statens Teaterskole í Kaupmannahöfn enda var ég bara að aðstoða Signýju Páls við atriðið hennar í inntökuprófinu. Það endaði samt þannig að ég komst inn en ekki hún, en hún varð seinna leikhússtjóri á Akureyri. Ég var ekki lengi í skólanum, var rekinn eftir eitt ár. Þetta var á hippaárnum og ég þurfti auðvitað að prófa allt sem hægt var að prófa, mætti 50% í skólann og hafði nákvæmlega engan áhuga á þessu. Ég hafði verið formaður Herranætur í MR og í kringum það stúss fékk ég eiginlega ógeð á hefðbundinni leiklist. Það var hluti af uppreisn æskuáranna sem gekk út á það að vera á móti öllum borgaralegum hefðum þannig að ríkisleiklistarskóli tilheyrði auðvitað að vissu leyti óvinunum. Ég var búinn að fá þrjár viðvaranir en ákvað samt síðasta kvöldið að vera frekar með kommúnunni minni en mæta í skólann. Morguninn eftir var mér sagt að taka dótið mitt, ég gæti svo komið aftur þegar ég væri búinn að taka mig saman í andlitinu. Ég náttúrulega dansaði út á götu æpandi „Ég er frjáls, ég er frjáls!“ en ég hef oft séð eftir þessu síðan.“

Brottreksturinn mikið áfall

Leiklistarferillinn tók samt ekki enda þarna, heldur stofnaði Árni Pétur leiklistarhóp sem hét Kraka og sýndi víða um Danmörku. Í millitíðinni hafði hann þó komið heim og reynt að stofna frjálsan leikhóp sem hafði aðstöðu á bílaverkstæði í Hveragerði en sá draumur gekk ekki upp og hann hélt til Danmerkur á ný í þeim tilgangi að stunda leiklistarkennaranám. Eftir áralanga dvöl í Danmörku og öfluga starfsemi með Kröku hélt hann heim til Íslands á ný og hóf nám við Leiklistarskólann. „Ég sá að það var erfitt að komast inn í bransann hér heima eftir allan þennan tíma úti og tók tvö ár í Leiklistarskólanum sem endur- og framhaldsmenntun. Ég þótti nokkuð gamall þegar ég útskrifaðist, 34 ára, en ég var vel tengdur inn í leiklistarheiminn hér enda höfðu margir af þeim sem voru að reyna að gera nýja hluti komið út og leikið með Kröku um tíma. Ég vann mikið með Gíó, Guðjóni Pedersen, og fyrsta sýningin sem kom okkur báðum á kortið var Kontrabassinn sem við settum upp í bakhúsi við Kjörgarð.“

Eftir þá sýningu var Árni Pétur fastráðinn við Borgarleikhúsið þar sem hann var þangað til honum var sagt upp árið 2000.

Hvernig upplifun var það að vera sparkað úr leikhúsinu? „Það var rosalegt áfall en ég var reyndar orðinn mjög latur leikari, var eiginlega búinn að missa áhugann. Þótt það sé þægilegt að fá föst laun verður leikari að fá að

minnsta kosti eitt hlutverk á ári sem hann svitnar yfir og hugsar: ég get þetta aldrei. Það er alveg nauðsynleg ögrun. Þetta gerðist ekki hjá mér síðustu árin í Borgarleikhúsinu þannig að ég var bara kominn með inniskóna inn í búningsherbergi. Eftir á að hyggja var þetta rosalega gott fyrir mig en ég tók þetta mjög nærri mér, upplifði mikla höfnun. Brottrekstur leikara er alltaf erfiður, hann missir ekki bara vinnuna heldur virðingu og félagsleg tengsl og svo er þetta blásið upp í blöðunum þannig að ég hrundi eiginlega alveg. Ég bjó einn, var nýskilinn og bara lamaðist hálfpartinn. Það sem hélt mér gangandi var hugsunin um að passa að ónæmiskerfið hryndi ekki. Ég byrjaði að taka vítamín, fór í líkamsrækt, fór að skoða andleg málefni og almennt að vinna með sjálfan mig. Ég er búddisti og þar er talað um að helvíti hafi bæði jákvæða og neikvæða hlið því þegar þú ert kominn á botninn spyrnirðu þér upp. Þú getur auðvitað valið að liggja á botninum og marinerast en það er ekki minnstill. Smátt og smátt fékk ég lífsviljann aftur og byrjaði að vinna með frjálsum leikhópum sem endaði með því að ég fór að leika með Vesturporti í Rómeó og Júlíu. Það var stórkostlegt ævintýri, maður var að vinna í London marga mánuði á ári og á endalausum ferðalögum. Svo hefur þetta bara hlaðið utan á sig og ég hef eiginlega aldrei haft meira að gera.“

Seinni blómgunin

Er það ekki óvenjulegt að vera að blómstra sem leikari rúmlega sextugur? „Nei, eiginlega ekki. Ég bjóst samt reyndar við að þetta myndi gerast seinna. Í Noh-leikhúsinu japanska er talað um seinni blómgun en hún á sér yfirleitt ekki stað fyrr en skömmu áður en dauðinn sækir þig. Fyrri blómgunin er auðvitað þegar þú ert ungur og fagur leikari eins og ég var einu sinni, standandi fremst á sviðinu með bláu augun fljóttandi í tárur. Svo kemur tímabilið þegar þú eldist og upplifir það að alveg sama hvað þú gerir á sviðinu þá fylgja augu áhorfenda unga hæfileikalaus stráknum við hliðina á þér. Þú sérð að áhorfendur vilja horfa á æskuna, eins og fólk vill horfa á lömb eða folöld, það er kraftur æskunnar sem er mest spennandi. Fertugi leikarinn verður bara að taka því og halda áfram að vinna. Þá nær hann því sem kallast seinni blómgun eins og við sjáum oft hjá eldri leikurum sem allt í einu springa út. Þetta er að gerast hjá mér núna einfaldlega vegna þess að það er skortur á leikurum á mínum aldri. Ég held líka að unga fólk hugi til mín þegar það vantar eldri mann í sýningar því ég hef alltaf sagt já þegar ungir leikstjórar hringja í mig og biðja mig að vera með í einhverju spennandi. Oftast er það í litlum verkefnum sem ekkert er borgað fyrir en það skilar sér seinna. Þegar Gísli Örn hringdi í mig og bað mig að vera með í Rómeó og Júlíu átti hann ekki von á að þetta yrðu nema tíu sýningar sem myndu ekki skila



BLÓMGAST Árni Pétur segist verða spenntari fyrir sjálfum sér sem leikara með árunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Baráttan í fjölskyldunni

Ég er algjörlega heillaðar af því sem kallað er „dysfunctional“ fjölskyldur. Held þær séu það flestar reyndar. Segðu mér satt fjallar um eina slíka, baráttuna um athygli hinna fjölskyldumeðlimanna, öll hlutverkin sem við leikum innan fjölskyldunnar, allar sögurnar sem eru aldrei sagðar, lygina. Þetta eru allt hlutir sem við erum öll alltaf að fást við og mér finnst það spennandi.

Á ungdómsárum mínum var bókin Sanity, Madness and the Family eftir R.D. Laing mikið lesin og við höfðum róttækar hugmyndir um að breyta þessu staðnaða fjölskylduformi. Reyndum það með kommúnunum en einhvern veginn komum við alltaf aftur að þessu hefðbundna fjölskylduformi, sennilega af því að það er það sem við búum við á mótunarárunum.“

neinum launum en sýningarnar urðu 450.“

Dansa nakinn á áttæðisafmælinu

Þú ert mjög duglegur að taka þátt í framsæknum sýningum með ungu fólki, er aldrei óþægilegt að vera „gamli maðurinn“ í hópnum? „Þegar ég var að vinna með Vesturporti í London voru öll hin þrjátíu árum yngri en ég. Það var helst þegar pabbi þeirra og mamma komu í heimsókn sem ég gat rætt við fólk á mínum aldri. Það er mjög algengt að ég sé langelstur í leikhópnum, sem er fínt, gaman og ögrandi en stundum erfitt. Þess vegna er svo gaman að vinna með



FJÖLSKYLDAN Árni í hlutverki sínu í Segðu mér satt ásamt Ragnheiði Steindórsdóttur sem leikur konu hans og Sveini Ólafi Gunnarssyni sem leikur son þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnheiði Steindórs núna í Segðu mér satt. Við höfum ekki leikið saman síðan í Lýsiströtu á Herranótt árið 1970. Það er annars konar ögrun. En ég verð bara spenntari fyrir sjálfum mér sem leikara eftir því sem ég eldist. Draumur minn er að vera með gott leikhús um áttætt. Jafnvel fara til Japans og læra butoh og gerast butoh-dansari í ellinni. Ég hef alltaf verið heilladur af dansi. Þegar ég var krakki var ég síðansandi og langaði óskaplega að læra ballett. Þegar ég var fimm, sex ára töluðu pabbi og mamma við mann sem seinna varð áhrifamaður í íslensku leikhúsi og spurðu í hvaða ballettskóla

væri best að senda strákinn. Viðkomandi svaraði um hæl að það mættu þau alls ekki gera því þá yrði drengurinn sódomískur. Ég held því fram að þessi maður hafi eyðilagð glæsilegan feril minn sem ballettdansara.“

En hvaða hlutverk ætlaðu að leika í leikhúsinu þínu þarna um áttætt? „Lér konungur er algjört möst, ég verð að taka hann. Og Lafði Macbeth. Svo hugsa ég að þetta verði bara alls konar danssýningar. Hef sagt frá því áður að draumurinn er að dansa nakinn á ákveðnum akri á Spáni á áttæðisafmælinu. Ég býst við að ég verði að standa við það.“

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós



Drekinn kveður og snákurinn tekur við

Nýtt ár gengur í garð á morgun, sunnudaginn 10. febrúar, samkvæmt fornu tímatali Kínverja. Ári drekans lýkur og ár snáksins tekur við. Nýárshátíð Kínverja er stærsta hátíð þeirra og í Kína er hún kölluð Vorhátíðin. Hún fylgir tungldagatalinu og er því ekki alltaf á sama tíma. Í ár er 10. febrúar nýársdagur en á næsta ári verður hann 31. janúar. Kínverska nýárið er ekki einungis haldið hátíðlegt í Kína, heldur einnig í löndum þar sem margir Kínverjar búa, til að mynda í Indónesíu, Malasíu og Tælandi. Komu nýja ársins er einnig fagnað af krafti víðs vegar í kínverskum hverfum um allan heim. Hér á landi verður einnig haldið upp á áramótin, því Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands stendur fyrir nýársfagnaði á Háskólatorgi á morgun eins og lesa má um á bls.2.

Byggð á fornum goðsögnum
Kínverska nýárshátíðin er byggð á fornum goðsögnum.

Samkvæmt þeim háðu þorpsbúar blóðuga baráttu við goðsagnaveruna Nian í hvert skipti sem nýtt ár gekk í garð, að því er fram kemur á Wikipedia. Nian skelfdi þorpsbúa með því að éta húsdýr þeirra, uppskeru og jafnvel börn. Þorpsbúarnir tóku upp á því að færa Nian matarfórnir sem þeir skildu eftir fyrir utan dyr sínar, í þeirri von að Nian myndi ekki ráðast á þá ef þeir gæfu verunni að borða.

Hræddist rauða litinn
Eitt sinn tóku þorpsbúarnir eftir því að Nian hopaði undan og virtist hræðast litla stúlku sem klædd var í rauð fót. Þeir drógu þá ályktun að Nian hræddist rauða litinn og tóku upp á því að skreyta hús sín með rauðum luktum og veggteppum. Einnig notuðust þorpsbúarnir við flugelda til að hræða veruna ógurlegu á brott og eftir það lét Nian ekki sjá sig í þorpinu. Alla tíð síðan hefur rauði liturinn verið mjög áberandi þegar Kínverjar fagna

nýju ári. Margir Kínverjar, sérstaklega námsmenn og farandverkafólk, ferðast til heimabæja sinna fyrir hátíðarhöldin. Þetta er sá tími árs sem hvað mest álag er á lestarkerfinu í Kína og erfitt getur reynst að næla sér í miða til að ferðast heim. Hátíðarhöldin standa oftast yfir í um það bil viku, en í raun stendur hátíðin sjálf yfir í 15 daga. Nýárshátíðin er fjölskylduhátíð sem gengur mikið út á mat og drykk. Sumir trúa því að það boði ógæfu að nota hnífa eða kveikja elda á sjálfan nýársdag, og því er maturinn oft undirbúinn daginn áður.

Fjölskyldan safnast saman
Á gamlárskvöld safnast fjölskyldan saman, oft heima hjá þeim elsta í fjölskyldunni, og borðar hátíðarkvöldverð, sem oftast inniheldur kjúkling og svínakjöt. Fiskur er jafnframt hafður á borðum þar sem Kínverjar telja að með því að borða fisk verði árið fengsælt fyrir fjölskylduna. Í Norður Kína eru hveitibögglar

(e. dumplings) ómissandi og tekur öll fjölskyldan þátt í gerð þeirra. Soðkökur eru vinsælar í Suður Kína, en það getur verið býsna tímafrekt að útbúa þær.

Fæla burt illa anda
Hefðirnar sem tengjast nýárshátíð Kínverja eru mjög margar. Flugeldar eru til að mynda mjög áberandi á meðan hátíðin stendur yfir og eru þeir jafnan sprengdir alla 15 dagana, jafnt nótt sem dag. Þeir hafa fylgt hátíðinni lengi og samkvæmt hjátrúnni fæla þeir burt illa anda. Flugeldum getur auðvitað alltaf fylgt nokkur hætta og hafa yfirvöld sumra þéttbýlla svæði, líkt og í Beijing og Hong Kong, ákveðið að banna notkun þeirra. Þess í stað eru oft haldnar tilkomumiklar flugeldasýningar.

Peningaumlög
Hefð er einnig fyrir svokölluðum rauðum umslögum á meðan hátíðinni stendur. Í þeim eru oftast peningar, gjafir frá hjónum og

eldra fólki til þeirra yngri og ógiftu. Þá er hefð fyrir annars konar gjöfum á milli vina, en þær eru alla jafna minni, til dæmis ávextir, kökur eða sælgæti. Þessar gjafir er oft hægt að kaupa á mörkuðum sem spretta upp eins og gorkúlur í bæjum og borgum í kringum nýárshátíðina. Þar má gjarnan líka kaupa flugelda, leikföng, blóm og fót. Margir Kínverjar klæðast einmitt nýjum fötum þegar nýja árið gengur í garð og þá er rauði liturinn oft áberandi.

Flugeldar og plómutré
Nýárshátíð Kínverja er fyrst og fremst fjölskylduhátíð þar sem fjölskyldan kemur saman og nýtur samvistanna. Þeir borða góðan mat, gefa gjafir og sprengja gjarnan flugelda. Á sumum stöðum er hefð fyrir því að fjölskyldan kaupi sér saman plómutré á mörkuðunum, og minnir sú hefð um margt á jólatrjákaup fjölskyldna í hinum vestræna heima.

-Magnús Örn Þórðarson



Útgefandi: Konfúsíusarstofnunin Norðurljós, Háskóla Íslands
Greinaskrif og ljósmyndun: Meistararnemar í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands
Umbrot: Stefán Drengsson



Kínverska ekki jafn erfið og fólk heldur.

5



Fjölgar í kínverskunámi

6



Kínversk stjörnuspeki

Viljum efla starfið utan háskólans

„Það er margt nýtt og spennandi að fara í gang á þessu ári,” segir Magnús Björnsson, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, sem starfrækt er í samstarfi Háskóla Íslands, kínverska menntamálaráðuneytisins og Ningbo háskóla.



„Við ætlum að auka framboð á kínverskunámskeiðum og svo ætlum við að bjóða þeim sem hafa lært kínversku upp á að fara í hálfmánaðar ferð til Kína. Fólk þarf einungis að borga fargjöldin fram og til baka en gisting, fæði og ferðir innanlands í Kína verður í boði stofnunarinnar. Þetta er í boði bæði fyrir nemendur í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands og þá sem hafa tekið námskeið í kínversku við Endurmenntun HÍ. Farið verður í heimsókn í Ningbo háskóla í samnefndri borg og svo gefst tækifæri til að fara til Shanghai og fleiri borga,” segir Magnús. Konfúsíusarstofnanir eru kenndar við kínverska heimspekinginn Konfúsíus og starfa víða um heim. Sú fyrsta var sett á fót árið 2004

að kínversku frumkvæði en í dag er starfandi á fjórða hundruð Konfúsíusarstofnanir í nærri 100 löndum. Íslenska Konfúsíusarstofnunin Norðurljós var stofnuð 2008. Stofnanirnar eiga það allar sameiginlegt að tengjast háskólum víðsvegar um heim en starfa einnig í tengslum við atvinnulífið og ýmsa aðila í samfélaginu. Markmið þeirra er að auka kenngslu í kínversku og fræðslu um kínverska menningu.

Kínverska í leikskólum

Magnús segir að hingað til hafi starf Norðurljósa einkum falist í að kenna kínversku og útvega efni til að kennslunnar. Einnig hafi töluverð áhersla verið lögð á að efla samræður á akademískum grundvelli um málefni er varða Kína. „Við erum líka að vinna að því að koma okkur meira út fyrir háskólann og bjóða upp á kenngslu í kínversku á fleiri stöðum og á neðri skólastigum. Fordæmi eru fyrir því hjá nágrannalöndum, til dæmis á Norðurlöndunum og Írlandi þar sem verið er að kenna kínversku í grunnskólum og jafnvel á leikskólastigi.“

Flókin tákni

Konfúsíusastofnunin hefur einnig verið í samstarfi við kínverska samfélagið á Íslandi, til dæmis með því að kenna börnum aðfluttra Kínverja að lesa og skrifa kínversk tákni. „Þetta er



Í tilefni kínverska nýársins verður hátíðardagskrá á Háskólatorgi frá 14-17 á sunnudaginn.

nýbyrjað í tilraunaskyni og hefur reynst mjög vel. Kínverjar sem búa hérna kenna börnum sínum yfirleitt að tala kínversku en það er oft flóknara að kenna þeim tákni. Næsta skref er að bjóða upp á námskeið í samstarfi við Íslenska ættleiðingu sem verður fyrir börn sem eru ættleidd frá Kína,” segir Magnús.

Tengjast atvinnulífinu

Nýlega hóf stofnunin samstarf við Viðskiptafræðideild HÍ um nám í viðskiptakínversku. „Þannig vonumst við til þess að tengjast atvinnulífinu betur. Á þessi ári stendur til að skrifa undir fríverslunarsamning á milli

Íslands og Kína og því eru miklir möguleikar á að auka viðskiptatengsl okkar við Kína. Til að það gangi betur vantar okkur að efla þekkingu á kínversku og kínverskum hefðum.“ Þá stendur til að koma á samstarfi við Ferðamálastofna Íslands um námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila í kínversku og móttöku kínverskra ferðamanna. Magnús telur þetta mikilvægan lið í að auka þjónustu við kínverska ferðamenn sem fjölga ört á ári hverju. Í tilefni kínverska nýársins ætlar Konfúsíusarstofnun Norðurljósa að bjóða landsmönnum upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á kínverskum

menningardegi þann 10. febrúar nk. Hátíðin er í haldin í samstarfi við Heilsudrekann og fleiri aðila. Hún verður á Háskólatorgi frá kl. 14:00 til 17:00 og eru allir velkomnir.

Fjölbreytt dagskrá

„Við erum svo heppin að í ár lenda áramótin á helgi og getum því haldið upp á nýárið á nýársdeginum sjálfum. Það verður boðið upp á drekadans, kínverska tónlist og bardagalist, taichi, kínverskan mat, te, skrautskrift og margt fleira. Yngstu kynslóðinni verður líka boðið að læra að syngja kínversk lög,” segir Magnús.

-Hrafnhildur Jóhannesdóttir



Xin Shi fagnar nýju ári um helgina.

Mynd: Ásdís Ásgeirsdóttir

Heppnin fylgir ári snáksins

Á Íslandi ætlar Xin Shi, rúmlega fertug kínversk kona, að fagna nýju kínversku ári. Það hefur hún gert svo lengi sem hún man eftir sér, og hættir því ekki þótt hún sé komin á hjara veraldar. Þegar hún var lítil stúlka í Kína voru það gjafirnar sem heilluðu en einnig drekasýningar á götum úti og flugeldar sem lýstu upp himininn mörg kvöld í röð. Spennurinn var mikill hjá börnunum. „Svo fengum við alltaf ný fót og máttum borða fullt af nammi,” segir hún. „Við fengum líka alltaf smá aur, sem átti að færa okkur gæfu á nýju ári,” segir Xin. „Á Íslandi ætlum við að halda upp á nýja árið með kínverskum vinum, allir koma með veislurétti en það er mikið borðað af kjöti og góðum mat,” segir hún.

Langt að heiman

Ár snáksins hefst 10. febrúar og þá verða veisluhöld í 15 daga í Kína og víða annars staðar um heim þar sem Kínverjar búa. Um 300

Kínverjar búa á Íslandi sem láta ekki sitt eftir liggja. Xin Shi er langt frá heimkynnum sínum, Yitong í norðaustur hluta Kína, „litlum“ 400 þúsund manna bæ. Hún kynntist íslenskum manni sínum, Magnúsi Björnssyni, í háskóla þarlendis. Á Íslandi hafa þau búið síðan 2005 og eiga nú sjö ára dreng og tæplega fjögurra ára stúlku. Börnin tala íslensku og kínversku jöfnum höndum og bera bæði kínversk og íslensk nöfn. Xin vinnur sem túlkur fyrir kínverska ferðamenn sem hingað koma, á vegum kínverskrar ferðaskrifstofu, en háannatíminn er yfir sumarið.

Fædd á ári hundsins

Xin Shi hlakkar mjög til hátíðarhaldanna hér á landi. Hátíðin er ekki trúarlegs eðlis, útskýrir hún, heldur frekar eldgömul hefð og er einnig til að fagna vorinu. „Þetta verður gott ár og áhugavert, ár snáksins, alla vega fyrir suma,” segir hún. „Ég er fædd á ári hundsins, svo

ég verð heppin í ár,” segir hún og hlær, en samkvæmt kínverskri stjörnuspeki boðar ár snáksins gott fyrir þá sem fæddir eru á ári hundsins Nýja kínverska árið er fjölskylduhátíð og venja að fólk ferðast langar leiðir til að vera með ættingjum sínum og fagna. Fólk tekur sér frí, oft í marga daga, og veisluhöldin standa yfir með tilheyrandi kræsingum. Soðnir hveitiböggjar fylltir með kjöti og grænmeti er vinsæll veislumatur. „Maturinn fyrsta kvöldið er til heiðurs forfeðrum okkar,” segir Xin, „en flugeldasýningarnar eiga að reka burt alla óheppni, hún á ekki að fylgja okkur inn í nýja árið.“ Í Kína er dansað á götum úti og litríkir drekar liðast um strætin. Hér á landi verða Kínverjar og Íslendingar að láta sér nægja hátíðahöldin í Háskóla Íslands þann 10. febrúar, sem eru á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar hér á landi.

-Ásdís Ásgeirsdóttir

Kínverskunámið kom skemmtilega á óvart

„Mér finnst kínverska vera mun auðveldara tungumál heldur en franska,“ segir Ellen Gunnarsdóttir nemi í kínversku við Menntaskólann við Hamrahlíð. Námið kom henni skemmtilega á óvart því hún bjóst við mun flóknari málfræði. „Helsti munurinn á íslensku og kínversku er sá að í Kína eru ekki notuð öll þessu litlu orð eins og í íslenskunni, sem er mjög sniðugt,“ segir Ellen.

Fallegt mál

Tungumálið er mjög fallegt að hennar mati og hún hefur lært mjög mikið á stuttum tíma. Alls eru þrjú kínverskir áfangar kenndir við skólann en Ellen lauk við fyrsta áfangann í fyrra. Hún hefur einnig lært um kínverska menningu í náminu og langar mikið til að ferðast til Kína.

„Kínverska hefur verið kennd í MH með hléum frá því á áttunda áratuginum en samfellt frá árinu 2011 í samstarfi við Konfúsíusarstofnun,“ segir Lárus H. Bjarnason rektor við MH. Hann telur hagnýtt að læra kínverska tungu því það opni glugga að kínverskum menningarsvæðum sem séu orðin ansi stór í heimsporpinu.

Góður grunnur

„Auðvitað verður fólk ekki altalandi í kínversku eftir þetta nám hjá okkur en þetta gefur þeim góðan grunn fyrir framtíðina,“ segir Lárus. Hann veit ekki til þess að kínverska sé kennd við aðra framhaldsskóla hér á landi og er mjög þakklátur Konfúsíusarstofnun fyrir samstarfið. Lárus telur



Lárus H. Bjarnason rektor MH og Ellen Gunnarsdóttir kínverskunemi.

jafnframt mikilvægt að bjóða ungu fólki upp á fjölbreytta tungumálakennslu. Námið henti vel öllum þeim sem hafa hug á samskiptum við kínverska menningarsvæðið

og einnig þeim sem stefni á að læra kínversku eða asísk fræði við Háskóla Íslands.

-Hildur G. Kristjánsdóttir og Jón Heiðar Gunnarsson

Ekki bara námskeið heldur líka ferðalag

Fólk hvaðanæva að úr samfélaginu hefur lagt stund á kínversku mállýskuna mandarín við Endurmenntun Háskóla Íslands. Frá því um haustið 2008 hefur Endurmenntun, í samstarfi við Konfúsíusarstofnun, boðið almenningi upp á hagnýt og stutt námskeið í kínversku. Námskeiðin eru á dagskrá á hverju misseri, fimm vikur í senn og kennd tvisvar í viku. Konfúsíusarstofnun fær reglulega kínverska sendikennara til að kenna við Háskóla Íslands og sinna þeir þá einnig kennslunni hjá Endurmenntun sem fram fer á ensku. „Það er mikilvægt fyrir Endurmenntun að geta boðið nemendum upp á færa og reynslumikla, kínverska kennara,“ segir Jóhanna Rútsdóttir, sérfræðingur hjá Endurmenntun.



Erlingur Þórir Egilsson.

Mynd: Hrafnhildur Jóhannesdóttir

Spennandi tækifæri bíða að námi loknu

Síðan haustið 2011 hefur Háskóli Íslands boðið upp á 120 og 180 eininga fræðilegt BA nám í viðskiptatengdri kínversku þar sem sameinaðar eru námsleiðir í kínversku og í markaðs- og alþjóðaviðskiptum. Nemendur geta valið að taka eitt ár við kínverskan háskóla til að auka færni sína enn frekar. Erlingur Þórir Egilsson er nemi í viðskiptatengdri kínversku. Hann hefur nú lokið einni önn og segir að námið leggist vel í sig. Það gangi ágætlega að læra tungumálið en það sé á sama tíma mjög krefjandi, enda hafi hann aldrei lært kínversku áður. Hann segir þó að það sé gott að vera með kínverskan kennara, „það hjálpar manni að komast inn í málið,“ en kennt er á kínversku og ensku. Erlingur segir námið og tækifærin sem bíða að námi loknu vera spennandi og helsti hvatinn að því að hann hóf þetta nám. Hann

Fjármálaeftirlitið leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi og nýtt starf verkefnastjóra innri þróunar. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að viðamiklum umbótaverkefnum í þeim tilgangi að efla eftirlit með fjármálamarkaði. Verkefnastjóri mun bera ábyrgð á samþættingu og verkefnastjórnun þessara verkefna. Starfið krefst mikillar samvinnu við fólk af öllum sviðum stofnunarinnar. Verkefnastjóri mun tilheyra skrifstofu forstjóra.

Starfssvið

- Verkefnastjórnun umbótaverkefna
- Eftirfylgni stefnumarkandi ákvarðana um innri mál
- Innleiðing og þjálfun starfsmanna og stjórnenda í verkefnamiðuðu vinnulagi
- Annað sem til getur fallið

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- IPMA (B eða C) eða sambærileg vottun í verkefnastjórnun nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun stærri verkefna nauðsynleg
- Reynsla af þjálfun fólks í verkefnastjórnun æskileg
- Frumkvæði, metnaður, góð samskiptafærni og góð greiningarfærni nauðsynleg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

ERT ÞÚ GAGNAGÚRÚ?

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í viðskiptagreind (Business Intelligence) á upplýsingatækni sviði til að efla þróunarteymi okkar. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á viðskiptagreind og greiningu gagna. Viðkomandi þarf að hafa góða hæfileika til að vinna með ólíkum einstaklingum, greina þarfrir þeirra og útfæra lausnir.

Starfssvið

- Þróun á vörhúsi gagna og gagnamódeli FME
- Greining á gögnum og nýtingu þeirra í eftirliti á fjármálamarkaði
- Þróun á aðferðafræði við sjálfvirk mat á gæðum gagna
- Stuðningur við hönnun á skýrslum og greiningum
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf, s.s. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum
- Reynsla af notkun og uppbyggingu á vörhúsi gagna
- Reynsla og þekking á aðferðafræði við mat á gæðum gagna
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Reynsla af viðskiptagreindarhugbúnaði kostur
- Frumkvæði, jákvæðni, kraftur, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna bæði sjálfstætt og í hópi

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphallir o.fl.

Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Umsjón með starfinu hefur Jakobína H. Árnadóttir mannauðsstjóri (jakobina@fme.is).

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Vilt þú stjórna grunnskóla á Dalvík?

Dalvíkurskóla vantar framúrskarandi skólastjóra næsta skólaár vegna námsleyfis.



Við bjóðum upp á:

- eitt mikilvægasta starf í heimi
- krefjandi starf
- ómetanlega nemendur
- næg verkefni
- samkeppnishæf laun
- frábært samstarfsfólk
- stuðning
- og margt margt fleira

Frekari upplýsingar s.s. menntunar- og hæfniskröfur má sjá á heimasíðu Dalvíkurbyggðar www.dalvikurbyggd.is.

Jafnframt veitir Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs frekari upplýsingar um starfið í síma 460-4916, 862- 7800 eða hildur@dalvikurbyggd.is



Hafmynd ehf was acquired by Teledyne Benthos, a subsidiary of Teledyne Technologies Incorporated on September 20, 2010. Hafmynd will operate as Teledyne Gavia ehf. We specialize in the manufacturing of Autonomous Underwater Vehicles. Gavia is owned by the US company Teledyne Technologies, for more information visit our website at www.gavia.is

Teledyne Gavia ehf. is hiring for a Service Technician

Position :

- Provide Technical Support to our global customers
- Field Service Support, must be willing and able to travel internationally when necessary
- Diagnose and complete maintenance, service reports and quotations for repairs for all service jobs within strict deadlines
- Regular customer interface, running Advanced Maintenance Training

Education and Qualifications:

- Immediate availability is highly desirable
- Journeyman Certificate (Rafeindavirki)
- 3+ years work experience
- Working knowledge of Windows
- Experience with Linux is desirable but not required
- Must be able to work independantly and meet strict deadlines
- Must be very organized and adhere to strict company processes and procedures to maintain our customer service standards

Please send a current CV to jferguson@teledyne.com on or before 15 February.

Starfsmaður í nýrri og spennandi verslun



Heimkaup eru nýtt og spennandi fyrirtæki sem á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Heimkaup eru vöruhús með sýningarsal og vefverslun. Viðskiptavinum gefst kostur á að skoða mikið úrval af vörum úr ýmsum vöruflokkum á hagstæðu verði, ganga frá pöntunum og greiðslu á netinu – og fá vöruna senda heim.

Fjölbreytt afgangslustar

Heimkaup óska eftir að ráða góða manneskju í verslun sína í Turninum í Kópavogi. Um er að ræða fjölbreyttar vörutegundir; snyrtivörur, barnavörur, heimilistæki, raftæki, heilsuvörur og fleira.

Umsóknum ásamt mynd og ferilskrá skal skila á umsokn@heimkaup.is fyrir 18. febrúar.

Hæfniskröfur

- Góð reynsla úr verslun eða öðrum afgangslustörfum
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þarf að geta starfað sjálfstætt en einnig unnið vel eftir fyrirmælum
- Jákvæðni, eljusemi og stundvísi

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Sérfræðilæknir í lungnasjúkdómum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í lungnasjúkdómum. Starfið veitist frá 1. maí 2013 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu- og göngudeildum lungnalækninga
- » Vinna við ráðgjöf í lungnasjúkdómum
- » Þátttaka í vaktþjónustu lungnalækna
- » Þátttaka í viðfangsefnum almennra lyflækninga í samráði við yfirlækni lungnalækninga
- » Þátttaka í kennslu og rannsóknarstarfi

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í lungnalækningum
- » Breið þekking og reynsla í almennum lyflækningum
- » Breið þekking og reynsla í lungnasjúkdómum
- » Góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 02.03.2013

Upplýsingar veitir Þórarinn Gíslason yfirlæknir, thorarig@landspitali.is, sími: 543 1000

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Þórarini Gíslasyni, yfirlækni lungnalækninga, Landspítala Fossvogi.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf lögfræðings hjá

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða lögfræðing til starfa á lögfræði- og velferðarsviði. Lögfræðingar sambandsins koma fram fyrir þess hönd við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem varða sveitarfélögin og vinna að upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu til sveitarfélaga. Lögfræðingurinn mun starfa ásamt öðrum lögfræðingum og sérfræðingum sviðsins að margþættum og sibreytilegum verkefnum, sem meðal annars varða skólamáli, málefni félagsþjónustu sveitarfélaga og umhverfis- og skipulagsmál og túlkun laga og reglna sem varða starfsemi sveitarfélaga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Um er að ræða nýtt starf en gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Gerð er krafa um embættispróf eða meistaraáráðu í lögfræði. Reynsla af störfum hjá sveitarfélagi eða ráðuneyti er kostur, ásamt þekkingu og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: guðjon.bragason@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfu-sviðs, netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og gott svigrúm til starfsþróunar. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðu- unni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins og starfslýsingu fyrir starfið.

Umsóknir, merktar Umsókn um starf lögfræðings, berist eigi síðar en mánudaginn 18. febrúar 2013 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða í tölvupósti til magnus.karel.hannesson@samband.is.

Pípulagningamenn

Tore Eide A/S (toreeide.no) í Bergen Noregi leitar af duglegum og reynslu miklum pípulagningarmönnum til starfa við sprinkler-kerfi.

Við bjóðum upp á krefjandi verkefni og góða tekjumöguleika.

Nánir upplýsingar veitir Halldór Karlsson í síma 0047-94015286 eða hk@toreeide.no einnig er hægt að senda ferillskrá/meðmælaendur á firmapost@toreeide.no.

Umsóknarfrestur: Sem fyrst



Starfsmaður í ræstingu

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Grunnskólakennarar

Óskum eftir að ráða grunnskólakennara að Hrafnagilsskóla. Um er að ræða tvær afleysingastöður. Annars vegar umsjónarkennarastöðu á yngsta stigi og hins vegar stöðu kennara á unglingastigi. Ráðið er frá 15. mars 2013.

Nánari upplýsingar veitir Hrunn Hlökkversdóttir skólastjóri í síma 464-8100, 699-4209 eða á netfangið, hrunn@krummi.is.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar

Heimasíða Hrafnagilsskóla er www.krummi.is



HRAFNAGILSSKÓLI



SKJÓL



Hjúkrunarheimili IÐJUPJÁLFI

Staða iðjupjálfa er laus til umsóknar.

Um er að ræða fullt starf.

Hæfniskröfur:

Próf í iðjupjálfun frá skóla

viðurkenndum af Heimssamtökum í iðjupjálfun(WFOT), íslenskt starfsleyfi og löggilding.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 20.febrúar n.k.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem 106 einstaklingar búa í hlýlegu umhverfi.

Upplýsingar veitir:

Guðný H. Guðmundsdóttir

Framkvæmdarstjóri hjúkrunar

Sími 522 5600, netfang gudny@skjol.is



Hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík.
Sími. 522 5600

Skjól er reyklaus vinnustaður



STAÐA SÉRFRÆÐINGS Í MARKAÐSDEILD

Markaðsdeild Arion banka leitar eftir sérfræðingi í markaðsmálum. Markaðsdeild er hluti af þróunar- og markaðssviði bankans. Markaðsdeild setur fram markaðsstefnu bankans og sér um að markaðssetja vörur og þjónustu hans. Deildin annast einnig markaðsrannsóknir, kynningarmál, innri markaðssetningu og önnur tengd verkefni.

Hæfniskröfur og nánari upplýsingar um starfið er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/starf

Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar, 2013.

 Arion banki

Viltu vinna með okkur?



Miracle hefur verið í fararbroddi íslenskra fyrirtækja á sviði gagnagrunnstækni allt frá stofnun félagsins fyrir 10 árum. Við höfum náð að laða til okkar fólk sem ekki eingöngu hefur mikla og djúpa þekkingu á tækni, heldur einnig ríka þjónustulund. Við veitum viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og ekkert skiptir okkur meira máli en ánægja þeirra. Við erum gott fyrirtæki að eiga viðskipti við og það er gaman að vinna með okkur.

Rekstur Miracle hefur frá stofnun verið afar traustur. Við viljum vaxa hægt og viðhalda því háa þekkingarstigi sem við búum yfir. Við erum framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt skilgreiningum Creditinfo og erum þar á meðal topp 1% íslenskra fyrirtækja sem þykja skara framúr í rekstri. Í þau skipti sem við höfum tekið þátt í vali VR á fyrirtæki ársins höfum við lent í 2. – 4. sæti. Það er gott að vinna hjá Miracle og hér eru ekki stimpilklukkur.

Við viljum að starfsmenn okkar hafi afar ríka þjónustulund, séu sanngjarnir og hafi hagsmuni viðskiptavina okkar í öndvegi. Við viljum að þeir hafi mikla þekkingu og reynslu í sínu fagi, séu hjálpsamir og áfram um að viðskiptavinum og samstarfsmönnum gangi sem best að leysa verkefni sín. Við höfum brennandi áhuga á þeirri tækni sem við vinnum með og leitumst ávallt við að vera í fararbroddi þegar kemur að þekkingu á þeim lausnum sem við þjónustum.

Við bjóðum frábært starfsumhverfi, trausta og skemmtilega vinnufélaga, laun (ef þú ert heppin(n) ☺) og tækifæri til að aðstoða flottustu fyrirtæki landsins við að ná markmiðum sínum. Við vinnum náið með mörgum af flinkustu sérfræðingum í heimi og starfsmenn okkar halda reglulega fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum.

Við erum að leita að fólki sem getur hjálpað okkur að verða betri:

Kerfisstjórar ::

með afburða þekkingu á gagnagrunnum, stýrikerfum, afritunarkerfum, netkerfum. Open source kerfi höldum við mikið uppá.

Hugbúnaðarfólk ::

í samþættingu með þekkingu á webMethods, BizTalk, SSIS og öðrum verkfærum og samþættingaraðferðum.

.Net forritarar ::

Ófluga og snjalla, gjarna með höfuð á stærð við plánetu.

Viðskiptagreining ::

BI/DW fólkið okkar er að drukkna og vantar liðsstyrk.

Ef þú hefur áhuga hafðu samband eða sendu okkur umsókn á 42@miracle.is

Miracle ehf / Síðumúla 3 / 108 Reykjavík
Sími: +354 544 5900 / Fax: +354 544 5901

www.miracle.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|-----------------------------------|--------------------------------------|---------------|------------|
| Nýdoktor í efnaskiptarannsókn | Háskóli Íslands, kerfislíffræðisetur | Reykjavík | 201302/034 |
| Sérfræðingur | Mennta- og menningarmálaráðneyti | Reykjavík | 201302/033 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201302/032 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201302/031 |
| Deildarstjóri og sérfræðingur | Fiskistofa | Ísafjörður | 201302/030 |
| Sjúkraliði | Landspítali, skilunardeild | Reykjavík | 201302/029 |
| Sérfræðilæknir í lungnasjúkdómum | Landspítali, lungnalækningar | Reykjavík | 201302/028 |
| Smiður | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201302/027 |
| Leikarar | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201302/026 |
| Verkefnastjóri | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201302/025 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201302/024 |
| Sérfr.læknir í endurhæfingarlækn. | LSH, endurhæfingarlækningar | Reykjavík | 201302/023 |
| Verkfræðingur | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Reykjavík | 201301/022 |
| Lögfræðingur | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 201302/022 |
| Verkefnastjóri | Þróunarsamvinnustofnun Íslands | Mósambík | 201302/021 |
| Tæknimaður | Vegagerðin | Borgarnes | 201302/020 |
| Mannauðs- og skrifstofustjóri | Biskup Íslands | Reykjavík | 201302/019 |
| Verkefnastjóri | Biskup Íslands | Reykjavík | 201302/018 |
| Prestur | Biskup Íslands | Hafnarfjörður | 201302/017 |
| Sérfræðingur | Háskólinn á Hólum, Selasetur Ísl. | Hvammstangi | 201302/016 |
| Hjúkrunarfræðingur í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201302/015 |
| Yfirlæknir sjúkrasviðs | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201302/014 |
| Forstöðumaður Jarðhitaskóla Sp | Orkustofnun | Reykjavík | 201302/013 |
| Starf á sviði jafnréttismála | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201302/012 |

www.vinna.is

Gott starf í boði

Tanni auglýsingavörur býður ýmsar vörur og merkingar á þær, sjá á www.tanni.is. Við merkjum vörurnar með logoum viðskiptavina og öðrum skilaboðum skv. óskum.

Sölumaður

Helstu verkefni:

■ Sala á luttum vinnutæði og auglýsingavörum.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn grunntenntun, menntun í markaðsmálum og sölu.
- Söluhæfileikar, kjarkur, áreiði og elja.
- Bill til umráða
- Reynsla af sambærilegri sölumennsku

Umsóknir sendist á gudjon@tanni.is fyrir 25.2. n.k.

 **Tanni** 20
auglýsingavörur
www.tanni.is

 **HÓTEL**
ALLORMSSTAÐUR

Óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi sumarstörf:

- **Matreiðslumann í júlí** (allt sumarið kemur einnig til greina)
- **Aðstoð í eldhús** (reynsla nauðsynleg)
- **Gestamóttaka**
- **Þjónar og þjónustufólk** (kvöld og morgunvaktir)
- **Herbergjapernur og þvottahús**

Fæði og húsnæði í boði á staðnum.

Umsóknir og ferilskrá berist á umsoknir@hotel701.is

Frekari upplýsingar fást í síma 859-2403

■ Upplýsingatækni - mikil tækifæri

Vantar á skrá háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga, gagnagrunnssérfræðinga, Linux og Unix sérfræðinga o.fl. Margvísleg tækifæri í boði í ólíkum atvinnugreinum. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



TE & KAFFI

Okkur vantar liðsauka

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni við dreifingu á vörum úr framleiðslu-eldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst m.a. í útkeyrslu á matvælum og aðstoð í eldhúsi. Unnið er á kokkavöktum, alls 15 daga í mánuði. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 20 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is

Ertu ábyrgur stuðbolti?

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra leitar að ungu og hressu fólki sem vill vinna í gefandi og skemmtilegu umhverfi í sumarþáttum félagsins. Starfsemin í Reykjadal hefst í lok maí og lýkur um miðjan ágúst en starfsemin á Stokkseyri hefst í þriðju viku júní mánaðar og lýkur í lok júlí mánaðar.

Starfsmenn eru 64 og vinna á tvískiptum vöktum. Okkur vantar starfsmenn við umönnun, í eldhúsi, á næturvaktir og við þrif.

Við hvetjum nema á heilbrigðis- og uppeldisviði sérstaklega til að sækja um.

Umsóknir vegna sumarstarfa eru fánlegar hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13 og á heimasíðu félagsins á www.slf.is. Umsóknir þurfa að berast SLF Háaleitisbraut 13 eða á reykjadalur@slf.is eigi síðar en **22. febrúar 2013**.



Hefurðu glögggt auga fyrir viðskiptataækifærum?

Skeljungur leitar að sjálfstæðum og kappsömum einstaklingi í nýtt og spennandi starf viðskiptaþróunar hjá Skeljungu.

Verkefni viðskiptaþróunar verða meðal annars að:

- Fylgjast með þróun endurnýjanlegra og annarra nýrra orkugjafa
- Koma auga á og greina viðskiptataækifæri fyrir félagið
- Meta arðsemi fjárfestinga og viðskiptataækifæra
- Samskipti og samstarf við öll svið félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða tækni
- Góð almenn tölvu- og tækniþekking
- Hæfni til að leiða verkefni og standa fyrir máli sínu
- Þekking og reynsla af rekstri er kostur
- Færni í að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar nk**. Sótt er um á www.skeljungur.is.

Umsókn skal fylgja starfsferlisskrá. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá mannauðssviði Skeljungs.



Skeljungur

Forstöðumaður tæknisviðs



Áherslur á starfssviði eru:

Ábyrgð á daglegum rekstri og verkstýringu tæknideildar
Rýni á teikningum og hönnunargögnum
Hefur sæti í gæða- og öryggisráði
Stýra vöruhönnun og -þróun með tilliti til tæknilegra lausna
Eftirlit með verkefnastöðu og framvindu í stærri sérhæfðari verkefnum
Ráðgefandi í tilboðs og útboðsgerð
Ráðgefandi gagnvart stjórn fyrirtækisins í samninga og áætlanagerð

Menntunar- og hæfniskröfur eru:

Tækni- og/ eða verkfræðimenntun sem nýtist vel í málm og véltækniönaði
Starfsreynsla á sviði hönnunar og tilboðsgerðar er skilyrði
Þekking, reynsla og hæfni á stjórnumarsviði
Framúrskarandi samskiptahæfni og vinnur vel undir álagi
Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og ensku
Starfsreynsla við innri úttektir og eftirlit með framkvæmdum er góður kostur

Um fyrirtækið

Hamar ehf. var stofnað árið 1998 og er í dag áreiðanlegt og framsækið þekkingarfyrirtæki á sviði mál- og véltækniönaðar. Áhersla er lögð á heildarlausnir sem koma til móts við sérþarfir viðskiptavina. Starfssvið fyrirtækisins nær yfir allt frá vöruhönnun til framleiðslu, jafnt nýframkvæmda sem og viðhalds-verkefna. Öflugt þjónustunet fyrirtækisins nær yfir allt landið og í dag eru fimm fastar starfsstöðvar. Þær eru staðsettar á Akureyri, Eskifirði, Grundartanga, Kópavogi og á Þórshöfn.

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.hamar.is

Ráðningarferli:

Umsjón með ráðningu hefur Lúvísa Sigurðardóttir, mannauðsstjóri. Vinsamlegast sendið ferlisskrá á tölvupóstfangið Job@hamar.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðargögn. Val á starfsfólki byggir á faglegum vinnubrögðum. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með **18.02.2013**.



Bjarmi

Á ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði eru tvær lausar stöður leikskólakennara frá 8. ágúst 2013. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2013.

Okkur vantar hugmyndaríka og skapandi einstaklinga, sem líta lífið björtum augum og líta á áskoranir sem tækifæri til að þroskast.

Á Bjarma er unnið með fljótandi námskrá og dagskipulag, stöðvavinnu, teymisvinnu, dreifða ábyrgð og forystu.

Hægt er að sækja um starfið á netfangið bjargir@gmail.com Nánari upplýsingar veitir Svava í síma 512 330 og 695 3089



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu menntamála

Fyrirhugað er að ráða í tvær stöður.

Nánari upplýsingar eru á starfatorg.is og á vef ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2013

Umsóknir gilda í sex mánuði

Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkstjóra

Æskileg menntun er bakari, kokkur eða önnur iðnmenntun sem tengist matvælaframleiðslu og/eða verkstjórn í iðnfyrirtækjum.

Umsóknir sendist á pb@vrg.is

Rennismiður

KM stál ehf óskar að ráða rennismið eða mann vanan renni og fræsivinnu upplýsingar gefur Karl Jóhann í síma 692 2680 eða kalli@kmstal.is



Hársnyrtisveinar og -meistarar athugið Stóll til leigu.

Hefur þú áhuga á að vinna á umhverfis- og mannvænni hársnyrtistofu?

Hárstofan Feima vinnur eftir kröfum Norræna vottunarkerfisins Grön Salon.

Aðaláherslur okkar eru að gera hársnyrtistofuna heilsusamlegri fyrir fagmanninn og viðskiptavininn sem og að vernda náttúruna og lífríkið. Við vinnum með líti frá Elumen og Logona og Svansvottaðar hársnyrtivörur.

Erum staðsett á Óðinsgötunni, frábærum stað í miðborginni.

Áhugasamir hafi samband í síma 552-1375 / 695-8741 eða sendið póst á unnurran@gmail.com



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Stöður rekstrarsérfræðings og gæðastjóra mótuneytisþjónustu skóla- og frístundasviðs

Lausar eru til umsóknar tvær stöður í mótuneytisþjónustu skóla- og frístundasviðs. Störfin eru ný og í þróun.

Innan sviðsins starfa yfir 100 starfseiningar sem þjóna um 23.000 einstaklingum. Starfsstaðirnir bera sjálfir ábyrgð á rekstri mótuneyta sinna, þ.e. mönnun, innkaupum, framleiðslu og framreiðslu matar sem tekur mið af opinberum máneldismarkmiðum og að reksturinn sé innan úthlutaðs fjárhagsramma.

Til að styðja við starfsemi mótuneytanna og tryggja samræmd gæði þjónustunnar er nú verið að koma upp nýrri miðlægrri stöðdeild sem verður staðsett á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Markmið deildarinnar er að styðja við og veita sérfræðiráðgjöf við rekstur mótuneytisþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, með það í huga að hámarka þjónustugæði og stuðla að hagkvæmni í rekstri.

Rekstrarsérfræðingur

Helstu verkefni:

- Styðja við umbætur og þróun rekstrars mótuneytisþjónustu innan sviðsins.
- Yfirfara þjónustustaðal, með hagkvæmni að leiðarljósi, og tryggja innleiðingu og framfylgd hans.
- Stuðningur við skilvirkan rekstur mótuneyta.
- Ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda mótuneytanna varðandi starfshætti og rekstur.
- Samstarf við innkaupadeild borgarinnar um undirbúning útboða á samræmdum innkaupum hráefnis.
- Áætlanagerð og samskipti við önnur svið borgarinnar vegna viðhalds, búnaðar og aðstöðu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði, rekstrarfæði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og/eða reynsla í greiningu og framleiðslustjórnun, helst í matvælaekstri.
- Reynsla af innleiðingu upplýsingakerfa.
- Reynsla af rekstri fyrirtækis á matvælasviði æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hópstarfi.
- Leiðtogaþæfni, lipurð og sveigjanleiki.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti. Reynsla af miðlun upplýsinga.
- Góð almenn tölvukunnátta og kunnátta í Excel.

Gæðastjóri

Helstu verkefni:

- Styðja við umbætur og þróun rekstrars mótuneytisþjónustu innan sviðsins.
- Yfirfara þjónustustaðal, með hagkvæmni að leiðarljósi, og tryggja innleiðingu og framfylgd hans.
- Samræma gæði og áherslur mótuneytisþjónustu innan sviðsins.
- Umsjón með gerð og innleiðingu sameiginlegra matseðla sem uppfylla opinber máneldismarkmið og eru innan setts kostnaðarramma.
- Eftirlit með gæðum hráefnis og máltíða.
- Umsjón með fræðslu og símenntun fyrir stjórnendur og starfsfólk mótuneyta.
- Ráðgjöf um starfsemi mótuneyta fyrir stjórnendur og starfsfólk.
- Greining á þörfum vegna viðhalds búnaðar og aðstöðu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Matvælafræði, næringarfræði, næringarrekstrarfæði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og/eða reynsla af innra eftirliti, helst í matvælaekstri.
- Reynsla af gerð matseðla sem uppfylla opinber máneldismarkmið.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri mótuneyta æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hópstarfi.
- Leiðtogaþæfni, lipurð og sveigjanleiki.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti. Reynsla af miðlun upplýsinga.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2013.

Ráðið verður í störfin frá og með 15. mars 2013. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veita Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri í síma 411-1111 eða adalbjorg.disa.gudjonsdottir@reykjavik.is og valgerdur.janusdottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Rafvirki eða Simvirki óskast til starfa

Hæfniskröfur:

- Vanur uppsetningu á öryggis- og myndavélakerfum.
- Sjálfstæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð.
- Geta stjórnað verkum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð

Helstu verkefni:

- Uppsetning á öryggis og myndavélakerfum
- Ráðgjöf til viðskiptavina og svara tæknilegum upplýsingum.

Fjölbreytt og spennandi starf. Umsóknir ásamt ferilskrá og mynd skal skilað á netfangið: vorn@vorn.is



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Álfastein er laus til umsóknar.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta. Unnið samkvæmt SMT skólafærni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Inga Lindal leikskólastjóri í síma 555 6155/ 664 5839 alfasteinn@hafnarfjordur.is

Umsóknarfrestur til og með 25. febrúar 2013

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ELEKTRUS

- Löggiltir rafverktakar

Vilt þú bætast í hópinn?

Óska eftir vönum og duglegum rafvirkja

Næg verkefni framundan

sigurjon@elektrus.is eða 895 1580

bsi.

...making excellence a habit™

Liðsstjóri sölumála óskast

Í boði er starf hjá traustu fyrirtæki sem stefnir á aukna starfsemi á komandi árum.

Verkefni:

- Bera ábyrgð á sölu og markaðsáætlun BSI á Íslandi
- Leita nýrra viðskiptatækifæra
- Skipuleggja og leiða símasölu fyrirtækisins
- Að vinna á skilvirkan hátt með starfsmönnum BSI
- Bæta og innleiða úrbætur á söluferlum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála æskileg
- Reynsla af sölustörfum og af þátttöku í söluteyllum
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vef okkar www.bsiaislandi.is

Sækja skal um starfið fyrir 20. febrúar. Ráðning fer fram samkvæmt samkomulagi.

Umsókn og allar upplýsingar sendist á info@bsiaislandi.is og merkist „Liðsstjóri sölumála“.

BSI á Íslandi hóf starfsemi á Íslandi árið 2004 og í dag starfa hjá okkur 14 starfsmenn. Starfsemi fyrirtækisins nær yfir m.a. úttektir, mat, eftirlit, skoðanir, þjálfun og vottanir.

Nánari upplýsingar um BSI má finna á vefsvæði okkar á www.bsiaislandi.is

BSI á Íslandi
Skipholt 50c
105 Reykjavík

S: 414 4444

F: 414 4455

info@bsiaislandi.is
bsiaislandi.is



Sérgreinadýralæknar

Matvælastofnun óskar eftir að ráða tvo sérgreinadýralækna í 100% starf á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi.

Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar

Hlutverk sérgreinadýralæknis gæludýra og dýravelferðar er að hafa yfirumsjón með sjúkdómum gæludýra og almennu heilbrigði og velferð þeirra en einnig yfirumsjón með dýravelferð allra dýra en í því felst samræming eftirlits og eftirfylgni. Meðal verkefna er úrvinnsla leyfisumsókna til dýratilrauna og að starfa með dýratilraunanevnd, úrvinnsla leyfisumsókna til dýrahalds í atvinnuskyni, þar á meðal úttektir og reglubundið eftirlit, úrvinnsla tilkynninga um illa meðferð gæludýra en í því felst samræming úttekta og framkvæmd auk annarra tilfallandi verkefna sem starfsmanni kann að vera falið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Dýralæknismenntun
- Sérstök þekking á sjúkdómum eða atferli gæludýra
- Sérstök þekking á dýratilraunum æskileg
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir (sigurborg.dadadottir@mast.is) í síma 530-4800. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og skýr rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknnum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Sérgreinadýralæknir dýravelferðar" / "Sérgreinadýralæknir lyfjamála" eða á starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2013. Öllum umsóknnum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Hjá Matvælastofnun starfa rúmlega 70 starfsmenn. Stofnunin sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar samkvæmt eftirfarandi gildum, árveki, framsækni, traust og gegnsæi. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

...frá heilbrigði til hollustu

Sérfræðingur í lyfjaskráningum

Rótgróið og vaxandi fyrirtæki sem er leiðandi á sínu sviði í heiminum óskar eftir að ráða sérfræðing í lyfjaskráningum.

Starfssvið

- Gagnasöfnun
- Skráning lyfja
- Samskipti við lyfjastofnanir og erlenda kaupendur
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Lyfjafræðimenntun eða sambærileg háskólamenntun
- Reynsla af lyfjaskráningum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í ræðu og riti
- Góð tölvufærni og reynsla af notkun Excel
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun

Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Rennismiður

Við óskum eftir faglærðum rennismiðja á verkstæði okkar í Kópavogi. Við bjóðum upp á spennandi verkefni í sérsmíði og fjöldaframleiðslu.

Um fyrirtækið

Hamar ehf. var stofnað árið 1998 og er í dag áreiðanlegt og framsæknið þekkingarfyrirtæki á sviði mál- og véltækniönaðar.

Áhersla er lögð á heildarlausnir sem koma til móts við sérparfir viðskiptavina.

Starfssvið fyrirtækisins nær yfir allt frá vörühönnun til framleiðslu, jafnt nýframkvæmda sem og viðhaldsverkefna.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.hamar.is

Við leggjum áherslu á :

- að starfsfólk þekki starfsemi okkar
- gæða- og öryggisstefnu fyrirtækisins
- skemmtilegan starfsanda og vinnugleði
- að hæfni ráði vali á starfsfólki
- hvetjandi og öruggt starfsumhverfi
- samkeppnishæf laun
- ábyrgð og frumkvæði í starfi
- jafna möguleika til starfsframa

Ráðningarferli:

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Val á starfsfólki byggir á faglegum vinnubrögðum. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðargögn. Vinsamlegast fyllið út starfsumsókn á heimasíðu okkar: <http://www.hamar.is>

Umsóknarfrestur er til og með 18.02.2013.



ISO 9001
FM 581359





Eftirlitsdýralæknir

Matvælastofnun óskar eftir að ráða eftirlitsdýralækni í 100% starf á umdæmisskrifstofu stofnunarinnar á Akureyri.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum
- Eftirlitsstörf á sviði matvæla, dýraverndar og dýravelferðar
- Samskipti við aðrar stofnanir
- Önnur tilfallandi störf sem starfsmanni kann að vera falin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Dýralæknisemntun
- Æskilegt að umsækjandi hafi starfað við opinbert eftirlit
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir (olafur.jonsson@mast.is) og Stefán Guðmundsson (stefan.gudmundsson@mast.is) í síma 530-4800. Umsóknnum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfossi, merktum "Eftirlitsdýralæknir í Norðausturumdæmi" eða á starf@mast.is. **Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2013.** Öllum umsóknnum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.

...frá heilbrigði til hollustu

Sölumaður óskast

Okkur vantar duglegan og kraftmikinn sölumann í húsgagnaverslun, Æskilegur aldur 30 ára og eldri. Áhugasamir sendi svar í hugsgagnaverslun@gmail.com



Miðbær fasteignasala Leitar eftir öflugum liðsauka.

Starfssvið: Sala fasteigna

Hæfniskröfur:

- Búa yfir góðri þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnað til að ná árangri, góða skipulagshæfni, og geta unnið sjálfstætt.
- Reynsla af sölu fasteigna æskileg. Reynsla af sölumennsku skilyrði.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir sendast á www.ks@midbaer.is



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegs mála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framan- greinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

Deildarstjóri fiskeldisdeildar á Ísafirði

Fiskistofa leitar að háskólamenntuðum einstaklingi með fagþekkingu á fiskeldi til að leiða fiskeldisdeild Fiskistofu. Fiskeldisdeild er hluti af stærsta sviði stofnunarinnar, fiskveiðistjórnunarsviði. Deildin hefur viðamiklu og vaxandi hlutverki að gegna og annast stjórnsýsluleg verkefni á sviði fiskeldis ásamt eftirliti með fiskeldisstöðvum.

Um framtíðarstarf er að ræða og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði. Næsti yfirmaður er forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á verkum fiskeldisdeildar
- Stjórnsýsluverkefni á sviði fiskeldis
- Yfirumsjón með leyfismálum og umsögnum
- Eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva til sjós og lands
- Uppbygging og þróun kerfa
- Mótun og þróun verkferla ásamt ritun þeirra í Gæðahandbók Fiskistofu
- Þátttaka í almennri stefnumótun deildarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í sjávarútvegsfræði, líffræði eða skyldum greinum með framhaldsmenntun og/eða fagþekkingu á fiskeldi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af fiskeldi
- Framúrskarandi hæfni til skýrslugerðar
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta

Starfsreynsla úr stjórnsýslunni er kostur. Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði ásamt góðri samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Sérfræðingur í fiskeldi

Fiskistofa leitar að einstaklingi með fagþekkingu í fiskeldi í fiskeldisdeild sína. Starfið felst í eftirliti með fiskeldisstöðvum, skýrslugerð, gagnasöfnun, úrvinnslu gagna og rafrænu eftirliti. Eftirlit með fiskeldisstöðvum felst m.a. í skoðun á búnaði, merkingum og afmörkun eldissvæða, framleiðslumagnni stöðva og umhirðu eldisfisks í kvíum. Þá er fylgst með því að skráningar séu með fullnægjandi hætti og að viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga sé tiltæk í sjókvíaldisstöðvum.

Um framtíðarstarf er að ræða og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði. Næsti yfirmaður er deildarstjóri fiskeldisdeildar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva til sjós og lands
- Rafrænt eftirlit
- Upplýsingasöfnun um eldi, t.d. framleiðsluskýrslur, skráningar í áframeldi o.p.h.
- Skýrsluvinna
- Afgreiðsla leyfismála/leyfissóknna
- Umsagnir
- Uppbygging og þróun kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af fiskeldi
- Góð hæfni til skýrslugerðar
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvufærni
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð

Nánari upplýsingar um störfina veita Hrefna Gísladóttir sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs og Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir deildarstjóri fiskeldisdeildar í síma 569-7900.

Umsóknnum sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1B, 220 Hafnarfirði merktar „Deildarstjóri fiskeldisdeildar“ og „Sérfræðingur í fiskeldi“.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2013. Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Fiskbúðin Vegamót

Óskum eftir starfsmanni til starfa sem fyrst. Reynsla kostur en ekki skilyrði. Tilvalið fyrir matreiðslumenn sem vilja breyta til.

Nánari upplýsingar gefur Birgir í síma 896-4243

Skiptastjóri þrotabús Inventa ehf.

óskar eftir tilboðum í eignir þrotabúsins. Um er að ræða eftirtaldir fasteignir og ein lóð í Reykjanesbæ: Hafnarbraut 12, fnr. 209-2885, Njarðarbraut 3, fnr. 225-4706, Holtsgata 52, fnr. 209-3685, 209-3686 og 209-3687, Tunguvegur 8, fnr. 209-4160, Njarðarbraut 5, 233-2421, landnr. 191231.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri Guðmundína Ragnarsdóttir, hdl. s: 511 1991 og 820 2808 eða guðmundina@logvik.is.

Skiptastjóri áskilur sér rétt f.h. þrotabúsins til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 30, 6. hæð, 108 Reykjavík, fyrir kl. 12:00 föstudaginn 15. febrúar 2013.



Búrfellsstöð Útboð nr. 20086

3 x 37 MVA vélarþennar

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í framleiðslu á vélarþennum fyrir Búrfellsstöð.

Verkið felst í hönnun, framleiðslu, prófunum, þökkun, afhendingu og eftirliti með uppsetningu á 3 x 37 MVA einfasa „shell type“ vélarþennum samkvæmt nánari lýsingu í útboðsgögnum. Nafnspenna kerfis er 220 kV.

Áætlaður afhendingartími spenna er í maí 2014.

Útboðsgögn á ensku er hægt að nálgast á útboðsvef Landsvirkjunar www.utbod.lv.is.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 20. mars 2013 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sala/skipti

FORD TRANSIT LMC LIBERTY húsbíll árg. 2009, ekinn 19 þús. er til sölu. Verðmæti 12 milljónir eða 9,9 staðgreitt. Skoðuð verða öll skipti s.s. á atvinnuhúsnæði eða annarskonar eignum.

Nánari uppl. í s: 660 3858 Ásgeir.

Fjárfestingatækifæri

Er með í sölu meðferð sérhæft verktakafyrirtæki sem starfar m.a. í viðhaldi á gatnakerfinu. Seldar verða allar eignir félagsins ásamt viðskiptavild. Frábært tækifæri fyrir réttu aðilana, mikil framlegð. Áhugasamir þurfa að hafa fjárfestingagetu uppá allt að 50 milljónir.

Fyrirspurnum svara Ásgeir í s: 660-3858 eða á emailið sjobirtingur@gmail.com



Vissir þú að...
BÖRN EIGA RÉTT Á
VERND GEGN OFBELDÍ?

TÆKNIMAÐUR

Leitum að öflugum tæknimanni á verkstæði okkar í Reykjavík.

Umsækjendur þurfa að hafa eftirfarandi eiginleika:

- Hafa brendandi áhuga á tölum og tækni
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi
- Í starfinu felst að bilanagreina og gera við tölur og allan tengdan búnað
- Í starfinu felast samskipti við viðskiptavini og starfsmenn innan fyrirtækisins

Tölvuverkstæðið sinnir ábyrgðarviðgerðum fyrir marga af þekktustu tölvuframléiðendum heims eins og Toshiba, Acer, Asus og MSI.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á tölvupósti: starf@tvs.is

TÖLVUVERKSTÆÐIÐ

SUÐURLANDSBRAUT 26 - 2. HÆÐ - Sími 414 1720



Bensínafgreiðslustarf

Við viljum ráða trausta og samviskusama bensínafgreiðslumenn á Shell bensínstöðvar Skeljungu.

Við leggjum áherslu á að í störfin veljist glaðlegir, dugmiklir og þjónustulundaðir einstaklingar sem eru reiðubúnir að leggja sig fram um að mæta kröfum og væntingum viðskiptavina okkar.

Umsækjendur þurfa að hafa náð tvítugsaldri.

Hægt er að sækja um hjá www.skeljungur.is, einnig er hægt að sækja um í móttöku Skeljungu Borgartúni 26 8. hæð.

Umsóknarfrestur er til 21. febrúar.



Heilsugæslulæknir, Heilsugæslan Grafarvogi

Heilsugæslan Grafarvogi er staðsett í nýlegu húsnæði í Spönginni í Grafarvogi þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Á heilsugæslustöðinni starfa sérfræðingar í heimilislækningum ásamt hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Auk þess er á stöðinni starfrækt meðferðarteymi vegna geðraskana barna sem samanstendur af sálfræðingi, iðjuþjálfara og félagsráðgjafa.

Starfssvið heilsugæslulækna er starfssvið er m.a.:

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónustuna
- Kennsla nema

Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum. Góð samskiptahæfni er nauðsynleg.

Takist ekki að ráða inn sérfræðing í heimilislækningum kemur tímabundin ráðning annarra lækna til greina.

Val á umsækjendum grundvallast á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Guðbrandur Þorkelsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar Grafarvogi í síma 585-7600.

Umsóknir ásamt staðfestum upplýsingum um lækni menntun, lækni störf og vísinda- og rannsóknarstörf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 10. mars n.k.

Hægt er að sækja um starfið á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
www.heilsugaeslan.is
Álfabakka 16
109 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2013



VILT ÞÚ STARFA... ...Í EINU AF UNDRUM VERALDAR?

Bláa Lónið leitast að orkumiklum og jákvæðum einstaklingum í fjölbreytt samarstörf. Kynntu þér störfina sem í boði eru á heimasíðu okkar www.bluelagoon.is/atvinna.

Nánari upplýsingar veitir **Rakel Heiðmarsdóttir**, mannauðsstjóri, í síma **420 8804**. Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa að jafnaði 250 starfsmenn. Bláa Lónið hefur margsinnis verið valinn einn besti spa staðurinn á heimsvísu og fékk nýverið nafnbótina sem eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic.

BLUE LAGOON
ICELAND

Orlofshús í sumar

Stéttarfélag í Reykjavík óskar eftir að taka á leigu orlofshús í sumar með heitum potti.

Tilboð sendist til palmi@samidn.is fyrir 18. febrúar.

ÚTBOÐ Á METANI **SORPA**

SORPA bs. óskar eftir tilboðum í 3.000.000 Nm³ af metani.

Um er að ræða samning til tveggja ára og er árlegt magn 1.500.000 Nm³.

Afhending metans hefst 1. júní 2013.

Afhending útboðsgagna verður á bílavoginni við móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi, 112 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 12. febrúar kl. 13:00.

Tilboð skulu berast til SORPU bs. Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 11:00 og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.



Kópavogsbær

ÚTBOÐ

YFIRBORÐSMERKINGAR GATNA Í KÓPAVOGI 2013 - 2014

Bæjarsjóður Kópavogs óskar eftir tilboðum í yfirborðsmarkeringar gatna í Kópavogi 2013 - 2014. Í verkinu fellst að mála, massa eða sprautumassa allar yfirborðsmarkeringar á götur í Kópavogi.

Helstu magntölur :

| | |
|--------------------|----------------------|
| Mössun línur | 25.000 m |
| Mössun fletir | 1.900 m ² |
| Stakar markeringar | 1.000 stk |
| Bílastæðamálun | 2.000 m |

Verklök verksins eru eftirfarandi, fyrsti áfangi 10. júní og annar áfangi 25. júlí ár hvert.

Útboðsgögn verða seld á kr. 10.000 – í þjónustuveri Kópavogs Fannborg 2 frá og með þriðjudeginum 12. febrúar nk.

Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudeginum 26. febrúar 2013 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þar mæta.



Akkur
Styrktar- og menningarjóður VM

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM

Sjóðurinn veitir tvennskonar styrki

- Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnu-umhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsfærni og kennsluáferða til menntunar þeirra.
- Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.
- Einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Umsóknir berast Akki, Styrktar- og menningar-sjóði VM, eigi síðar en 9. mars 2013. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til greina.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM, www.vm.is, þar sem nálgast má umsóknareyðublað og nánari upplýsingar.



VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMÁTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 · 110 Reykjavík · 575 9800 · www.vm.is

- okkur er annt um þinn hag



Auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2013-2015.

Tillögur skulu vera um 7 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 11. febrúar 2013.

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

„Þá læri ég bara kínversku“

Urður Anna Björnsdóttir útskrifast frá Háskóla Íslands í lok febrúar. Hún lærði bæði kínversk fræði og ferðamálafræði. Urður heillaðist af Kína þegar hún ferðaðist um landið með fjölskyldu sinni árið 2008. „Samfélagið er að breytast mikið og menningin heillaði mig. Fólkið er vingjarnlegt og þolinmótt við útlendinga jafnvel þó þeir tali ekki stakt orð í kínversku. Eftir ferðina var ég staðráðin í að fara aftur til Kína og dveljast þá lengur í landinu,“ segir hún. Urður skráði sig í ferðamálafræði í Háskóla Íslands og vonaðist til að komast í skiptinám til Kína að loknu fyrsta árinu. Um haustið komst hún svo að því að einungis namar í kínversku gátu farið í skiptinám til Kína. „Ég hugsaði með mér að ég færi þá bara í kínversku, fyrst það var eina leiðin til að komast út. Ég ákvað þetta allt á einum degi,“ segir hún brosandí og bætir við að hún hafi aldrei verið mikil tungumálamanneskja. „Kínverskunámið gekk samt mjög vel og það hjálpaði örugglega til hvað ég var spennt að fara út. Það er líka

mun auðveldara að einbeita sér að einu tungumáli í einu en að læra þrjú mál samtímis í menntaskóla.“ Haustið 2010 fór Urður í skiptinámið langþráða. Hún dvaldi í eitt ár í borginni Nanjing. Borgin á sér langa sögu og var eitt sinn höfuðborg Kína. „Þegar ég kom út var mér hent beint út í djúpu laugina þar sem ég þurfti að tala kínversku við alla. Það var gott að vera búin með fyrsta árið hér heima en við höfðum lært um sögu og menningu Kína. Ég kunni svona grunninn í málinu og gat bjargað mér,“ segir Urður.

Námið úti var eingöngu tungumálanám og hún segist hafa tekið miklum og hröðum framförum. „Það er allt öðruvísi að læra kínversku í Kína en hér heima. Hér gefast ekki mörg tækifæri til að tala málið utan háskólans.“ Þegar hún er spurð hvort námið sé erfitt segir Urður það ákveðna mýtu að kínverska sé erfiðari en önnur tungumál. „Fólk heldur stundum að þetta sé óskiljanlegt og ofboðslega flókið en ég held að þetta sé bara spurning um vilja og áhuga.“ Kínverska er þó mjög ólík íslensku og Urður segir að það sé ýmislegt sem þurfi að leggja á minnið. „Framburðurinn er svolítið erfiður hvað varðar tóna. Mandarín er með fjóra tóna. Hvert orð hefur ákveðinn tón og merkingin er ekki sú sama eftir því hvaða tón er notaður. Fyrir hvert orð þarf að muna þrjú atriði; í hvaða tóni það er sagt, hvernig það er borið fram og hvernig táknið er.“

Ferðaðist mikið
Urður bjó á heimavist með nemum allsstaðar að úr heiminum sem allir áttu það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á Kína. „Eftir á að hyggja hefði ég kannski frekar vilja búa með Kínverjum en

það var viss upplifun að vera hluti af svona fjölpjóðlegu samfélagi. Ég held góðu sambandi við kínversku vinina sem ég kynntist. Þau eru mjög traustir vinir og ég er ánægð að hafa kynnst þeim,“ segir hún. Urður ferðaðist eins mikið um Kína og hún gat og segir menningu og aðstæður gjörólíkar eftir svæðum. „Ég fór til stórborga á borð við Shanghai og Beijing en upplifði líka tíbeska menningu í borg við landamærin að Tíbet og fékk háfjallaveiki.“

Kynnti sér kínverskar hefðir
Urður tók sig til og lærði Taiji sem er hefðbundin kínversk leikfimi. „Unga fólkið í Kína hefur ekki áhuga á Taiji því það tengir það við eldri kynslóðirnar en mér fannst það skemmtilegt,“ segir Urður og bætir við að hún hafi líka lært að skrifa kínversk tákn með penslum. „Stafirnir eru svo fallegir svona málaðir, allt öðruvísi en þegar þeir eru skrifaðir með blýanti eða á tölvu,“ segir hún.

Rífast um að borga
Margt í kínversku samfélagi er ólíkt því sem við eigum að venjast. Urður segir að ólíkar samskiptahefðir hafi ekki háð henni en sumt hafi verið eftirminnilegt. „Það er til dæmis rífast um það hver fái að borga þegar fólk fer saman út að borða og stundum liggur við að það komi til handalögmála.“ Hún segir vanann líka vera að hafa mjög hátt þegar fólk fer út saman: „Í Kína er erfitt að finna rólegan, kósí veitingastað. Það er alltaf mikið líf og mikið talað sérstaklega þegar fjölskyldan kemur saman.“ Annað sem Urði þótti áhugavert var gæludýramenningin í landinu. „Þar sem fólk á yfirleitt bara eitt barn fá margir sér hund. Fólk býr oftast í litlum íbúðum þannig að þetta eru svona litlir, sætir hundar,“ segir Urður.

Urður fór heim í kringum kínverska nýja árið enda fengu skiptinemarnir tveggja mánaða frí. „Skiptinemarnir sem voru úti sögðu að þetta hafi verið eins og stríð. Það var allt lokað, strætin tóm og fólk sprengdi flugelda samfleytt í nokkra daga. Hjá þeim snýst þetta ekki um ljósadýrðina heldur það að skapa miklar sprengingar,“ segir hún. Ástæðan fyrir því að búðir voru lokaðar var sú að í Kína vinnur unga fólkið gjarnan í stórborgunum. Fólk streymir svo út á land til að fagna með fjölskyldunni þegar nýja árið gengur í garð.

Framtíðarplönin
Urður gæti vel hugsað sér að búa í Kína og hefur hug á að fara þangað í meistaranám. „Það er ekkert ákveðið en ég gæti til dæmis hugsað mér að fara í markaðsfræði, það tengir ferðamálafræðina og kínverskuna enn betur.“ Í framtíðinni langar hana mögulega að einbeita sér að kínverskum ferðamönnum sem koma hingað til lands. „Á síðustu árum hefur hagur Kína vænkast mjög og nú hafa sífellt fleiri almennir borgarar efni á því að ferðast til útlanda. Þeim Kínverjum sem heimsækja Ísland hefur fjölgað og ég spái því að við munum sjá áframhaldandi aukningu á því,“ segir hún. Urður er ánægð með kínverskunámið og dyrnar sem það hefur opnað fyrir henni. „Tengsl mín við Kína eru mjög sterk og verða alltaf til staðar,“ segir hún og bætir við að hún sé nýbúin að panta næstu ferð út. „Ég er ótrúlega spennt. Ég fer út í byrjun mars og verð í fimm vikur.“

-Arnhildur Hálfánardóttir



Mynd: Björn Loki Björnsson



Aðsókn í kínversk fræði í HÍ hefur aukist töluvert undanfarin ár og aldrei hafa fleiri skráð sig en síðasta haust.

Mynd: Hrafnhildur Jóhannesdóttir

Kína er ekki lengur fjarlæggt okkur

„Áhrifin af kínverskri menningu eru ótvíræð. Kína er ekki lengur mjög fjarlæggt eða erfitt að nálgast það. Kína er í bakgarðinum hjá okkur og með aukinni hnattvæðingu hafa áhrifin orðið meiri,” segir Geir Sigurðsson námsgreinstjóri kínverskra fræða við Háskóla Íslands og forstöðumaður Asíuseturs Íslands. Geir kennir sögu Kína, menningu og samfélagsþróun. Kínversk fræði er tiltölulega nýtt nám í Háskóla Íslands. Það hófst haustið 2007 og hefur vaxið og dafnað síðan þá. Námið er byggt upp á svipaðan hátt og önnur menningarfræði, segir Geir. „Tungumálið er fyrirferðamikið, ef til vill enn fyrirferðameira en í öðrum tungumálagreinum sem kenndar eru við Háskólann. Ástæðan fyrir því er að ekki eru gerðar forkröfur um grunnþekkingu nemenda. Það er ekki hægt að ætlast til þess að nemendur séu komnir áleiðis með tungumálið.

Samtímis er ekki síður mikilvægt að læra um menningu og samfélagsþróun Kína,” segir hann. Þess vegna séu í boði námskeið í kínverskum stjórnmálum, efnahagsmálum, heimspeki, trúarbrögðum, kvikmyndum og bókmenntum svo eitthvað sé nefnt. Einnig er lögð mikil áhersla á að nemendur fari til Kína og taki hluta af námi sínu þar. Geir segir að það sé gert bæði með tungumálið fyrir augum en ekki síður til nemendur að öðlist dýpri skilning á menningunni og samfélaginu.

Mandarín útbreiddust
Kínverska mállýskan mandarín er kennd við HÍ en hún er opinbert ríkismál landsins og jafnframt útbreiddust. „Mandarín er tiltölulega flókið mál en málfræðilega frekar einfalt. Það eru aðrar víddir sem eru erfiðar, sérstaklega er erfitt að tileinka sér góðan framburð og átta sig á tónunum. Þegar

það er komið er auðvelt að byggja ofan á það,” segir Geir. Hann segir að uppbygging málsins sé töluvert ólík því sem Íslendingar eigi að venjast og spila tákinn þar stórt hlutverk. Margir hafa haldið því fram að þau muni víkja fyrir hinu staðlaða stafrófi en Geir er ekki sammála því. Að hans mati er næstum ógerlegt að skipta táknum út fyrir hið staðlaða stafróf, til þess séu of fá atkvæði í tungumálinu og einnig sé talmálið margræðara en ritmálið. Geir segir að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir þjóð eins og Ísland að eiga fólk sem þekki kínverskt samfélag, skilji tungumálið, menninguna og viðskiptin.

Óvenjulegir tímar
„Við erum að upplifa óvenjulega tíma í heiminum. Á undanförunum 30 árum hefur Kína verið að feta sig aftur inn í alþjóðasamfélagið frá því að vera í mikilli einangrun. Vöxturinn og

breytingarnar sem hafa átt sér stað í Kína eru algjörlega fordæmalausar. Í dag er Kína orðið annað stærsta efnahagskerfi í heiminum og bendir ekkert til að áhrif Kína fari þverrandi í komandi framtíð. Annað sem ekki er síður mikilvægt að hafa í huga er að Vesturlöndin eru líka að kinnvæðast. Áhrifin af kínverskri menningu eru orðin sýnilegri en fyrir nokkrum áratugum,” segir hann og nefnir sem dæmi kínverska matseld, kvikmyndir, tísku og bókmenntir.

Frelsi takmarkað
Geir segir að það sem sé erfiðast fyrir Vesturlandabúa að skilja í kínverskri menningu séu tvímælalaust stjórnmálin. Í Kína sé alræðisstjórn við völd og þar ráði kommúnistaflokkurinn för. Engir aðrir flokkar hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanir. Frelsi hafi vissulega aukist töluvert síðustu 30 árin

en þróunin hafi mátt vera hraðari. „Tjáningarfrelsi og prentfrelsi er skorið við nögl,” segir Geir. Stjórnvöld í Kína treysti almenningi lítt til að taka ákvarðanir og lýðræðishefð þekktist varla þar eystra. Frelsi einstaklingsins sé látið víkja fyrir hagsmunum heildarinnar, sem skýrist ef til vill af íbúafjöldanum en Kínverjar eru tæplega einn og hálfur milljarður. Aðsókn í kínversk fræði í HÍ hefur aukist töluvert frá ári til árs og aldrei hafa fleiri skráð sig en síðasta haust eða 20 nemendur. Viðskiptahluti námsins hefur vaxið ört síðustu ár og í fyrra var í fyrsta sinn boðið upp á viðskiptatengda kínversku sem kjörsvið. Geir segir það hafa verið spennandi verkefni og gefandi að byggja námsgreinina upp. „Ég var réttur maður á réttum stað,” segir Geir og brosir hæverskur.

-Pála Hallgrímsdóttir



Geir Sigurðsson námsgreinstjóri kínverskra fræða.

Mynd: Hrafnhildur Jóhannesdóttir

Stöðupróf í kínversku 24. mars 2013

Stöðupróf í kínversku (HSK-próf) verður haldið við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós sunnudaginn 24. mars nk. í Nýja Garði við Háskóla Íslands.

Þátttakendur skulu skrá sig rafrænt á netfanginu <http://www.chinesetest.cn/index.do>. Síðasti skráningardagur er 25. febrúar nk.

HSK-próf skulu þeir taka sem:

- Hyggjast sækja um styrk til náms í Kína.
- Hyggjast sækja um nám í kínversku eða sambærilegum greinum við kínverskan háskóla.

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið eða prófið sjálft veitir Kailiang Liu í síma 525 5422 og kailiang@hi.is.

Ekki alltaf ljóst í hvaða stjörnumerki fólk er

Kínversk stjörnuspeki á ýmislegt sameiginlegt með vestrænni stjörnuspeki, þó það sé grundvallarmunur á þeim. Þær skipta báðar tímanum í 12 hluta, hver með sitt merki, en í kínverskri stjörnuspeki er hvert merki í heilt ár. Í báðum útgáfum eru tímabil kennd við dýr, en vestræn stjörnumerki eru ekki öll kennd við dýr. Í báðum er staðan á hringrás stjarnanna þegar maður fæðist talin hafi áhrif á persónuleika fólks og lífsreynslu þeirra.

Nátengd heimspeki

Kínversk stjörnuspeki er nátengd kínverskri heimspeki og talar um jafnvægi yin og yang og frumefnanna fimm; viðar, elds, jarðar, málms og vatns. Kínverskt tímatal byggir á hringrás Júpíters um sólina, sem tekur um 12 ár. Gregoríska tímatalið er almennt notað í Kína, en kínverska tímatalið er notað fyrir stjörnuspeki og til að finna dagsetningar ýmissa hefðbundinna kínverskra

hátiða. Í kínversku tímatali skiptist tíminn í 60 ára hringrásir sem fela í sér tvær styttri hringrásir, þ.e stjörnumerkjanna annars vegar og hins vegar frumefnanna. Á hverju ári er dýri hvers merkis stjórnað af einhverju frumefni og yin eða yang. Hvert merki kemur upp á 12 ára fresti en sömu samsetningar merkja og frumefna koma aðeins upp einu sinni á hverri 60 ára hringrás.

Ekki bara 12 merki

Það er algengur misskilningur, sérstaklega á Vesturlöndum, að dýramerkin 12 séu einu merkin. Í raun eru líka dýramerki fyrir hvern mánuð, dag og hverja klukkustund sólarhringsins. Samkvæmt kínverskri stjörnuspeki móta öll þessi merki lífshlaup og örlög manna. Því er hægt að átta sig á örlögum fólks út frá stöðu plánetanna, sólarinnar, tunglsins og halastjarnanna í sólkerfinu þegar fólk fæðist,



Í fyrra varð sprengja í barneignum í Kína því farsælt er talið að fæðast á ári dregans.

ásamt því að taka með í reikninginn klukkan hvað viðkomandi fæddist, í hvaða mánuði og hvaða ár. Þar sem kínverska nýárið er ekki alltaf á sama degi, er ekki alltaf skýrt í hvaða merki fólk er. Þeir sem fæðast í janúar eða snemma í febrúar

kunna að hafa fæðst áður en kínverska nýárið kom og eru þá í merki ársins á undan. Magnús Björnsson, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar segir Kínverja ekki hugsa mikið um stjörnuspekina í daglegu lífi en hún sé rótgróin í

undirmeðvitund þeirra. „Í fyrra var til dæmis gríðarleg sprengja í barneignum í Kína af því að það var ár dregans og það er talið mjög farsælt að fæðast á ári hans.“

-Oddur Freyr Þorsteinsson



Ferðafólki frá Kína hefur fjölgað hratt

Kínverskum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Í fyrra voru þeir 14.036 en árið á undan 8.784. Aukningin bara milli síðustu tveggja ára er því 59,8%. Samkvæmt upplýsingum frá ferðaþjónustufyrirtækjum berast margar fyrirspurnir frá Kína og má því búast við að ferðamönnunum haldi áfram að fjölga. Jöklar vekja hvað mesta kátínu Kínverjanna enda fer lítið fyrir þeim í heimalandinu.

Kröfuharðir ferðamenn

„Til að anna væntanlegri fjölgun ferðamanna hingað til lands eru nokkrir Kínverjar, búsettir á Íslandi, í leiðsögunámi við Ferðamálastofnu Íslands til að undirbúa sig fyrir að ferðast með landa sína um landið. En eins og margar

aðrar austrænar þjóðir eru þeir mjög kröfuharðir um að ferðin gangi snurðulaust fyrir sig og skipulag sé gott,“ segir Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálastofnunarinnar.

Ekki bara embættismenn

Hann segir jafnframt að samsetning hópanna sem hingað komi hafi breyst. Áður hafi þetta meira eða minna verið embættismenn á vegum kínverska ríkisins en það sé ekki svo lengur og Kínverjar komi nú í skipulögðum hópum til Norðurlandanna og heimsæki Ísland í leiðinni. Margir þeirra, frá Tævan og Hong Kong, séu nokkurs konar „VIP“ ferðamenn þar sem þeir virðist hafa næga peninga milli handanna. Kínverska og kínverskir siðir Fyrirhugað er að fara af stað með námskeið í mars með það að markmiði að undirbúa



Kínverskum ferðamönnum hér á landi fjölgaði um nærri 60% í fyrra frá árinu áður.

íslenska ferðaþjónustuaðila og aðra áhugasama fyrir að taka á móti þessum mikla fjölda Kínverja á komandi árum. Námskeiðið er samstarfsverkefni Ferðamálastofnunarinnar og

Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og felur í sér 40 kennslustundir sem skiptast jafnt í kínversku annars vegar og kínverska menningu, siði og venjur hinsvegar. Lögð verður megináhersla á talmál

sem nýtist í ferðaþjónustu og þætti í menningu Kínverja sem hafa áhrif á samskipti þeirra. Jafnframt verður fjallað um ferðavenjur þeirra erlendis og margt fleira.

-Edda Sif Pálsdóttir



Kínversk-íslenska menningarfélagið hefur unnið að auknum tengslum á milli landanna í 60 ár.

Menningartengsl milli Íslands og Kína í 60 ár

Kínversk-íslenska menningarfélagið, KÍM, hefur þann tilgang að efla menningartengsl á milli almennings í Kína og á Íslandi. Félagið var stofnað 20. október 1953 og fagnar því 60 ára afmæli nú í ár, en það er elsta menningarfélag heims, sem vinnur að samskiptum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Kínverskar kvikmyndir og Peking-óperan

Kínanefndin var stofnuð sumarið 1952, en hún vann að undirbúningi sendinefndar, sem Esperantosamtökin í Reykjavík höfðu milligöngu

um að boðið yrði til Kína. Þegar nefndin kom heim frá Kína haustið 1952 hélt starfið áfram og sýndi hún meðal annars kínverskar kvikmyndir og listmuni. Ári síðar var Kínversk-íslenska menningarfélagið stofnað.

KÍM nánast eini tengiliðurinn

Frá þeim tíma til ársins 1979 var KÍM nánast eini tengiliður Íslands við Kínverska alþýðulýðveldið og hafa margir farið til Kína á vegum félagsins til þess að efla menningarsamskiptin. Einnig hefur fjöldi listamanna frá Kína komið til Íslands

fyrir tilstuðlan KÍM, og má þar nefna tvær heimsóknir frá Peking-óperunni, listfimleikaflokka og tónlistarmenn.

Samskipti landanna orðin margþættari

Samskipti Íslands og Kína eru í dag orðin margþættari en þau voru á fyrstu áratugum félagsins en ennþá mikil þörf fyrir það. Innan félagsins hefur byggst upp mikil þekking á kínverskum málefnum sem margir einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki nýta sér. KÍM stendur að fjölmörgum viðburðum og í ár verður efnt

til veglegrar afmælishátíðar í tilefni þess að 60 ár eru frá stofnun félagsins, meðal annars má nefna landskeppni Íslendinga og Kínverja í skák, sýningu listakonunnar Lu Hong, þátttöku kínverskra kvikmyndamanna í alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík næsta haust og tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september með kínverskum stjórnanda og fíðluleikara.

Fremsta samtímatónskáld Kínverja

Upphaf afmælishátíðarinnar mörkuðu tónleikar Caput hópsins í Hörpunni

laugardaginn 2. febrúar, þar sem spiluð var kínversk samtímatónlist. Meðal annars voru þrjú nýleg tónverk flutt eftir eitt fremsta samtímatónskáld Kínverja, Ye Xiaogang, en tónlist eftir hann var frumflutt á opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Beijing 2008. Hægt er að nálgast upplýsingar um viðburði á vegum KÍM á heimasíðu félagsins: www.kim.is Einnig má fylgjast með starfsemi félagsins á fésbókarsíðu þess: www.facebook.com/kinverskislenskamenningarfelagid

-María Lind Ingvarsdóttir

Konfúsíusarstofnun sýnir heimildamyndina

Vilta Kína II: Shangri-la 美丽中国


Askja 132, miðvikudaginn
13. febrúar, kl. 16:30

Þessi magnaða þáttaröð BBC (Wild China) fjallar um ýmis landssvæði Kína og það dýra- og mannlíf sem fyrir augu ber.

Nánar á vefsíðu stofnunarinnar:

www.konfusius.is

ATH. Sýnd á ensku



LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariúson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930

100% þjónusta = árangur*

Sölusýning laugardag 9. febrúar og sunnudag 10. febrúar á milli kl. 14.00-15.00 að Tröllakór 13-15, Kópavogi.



Sýnum stórglæsilegar nýjar 2ja & 3ja herbergja íbúðir. Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum og vönduðum innréttingum.

Komdu í kaffi og kleinur um helgina.

Sigurður Samúelsson lögg.fasteignasali og Þórarinn Thorarensen sölustjóri taka á mótí þér og þínum.

Landmark leiðir þig heim!



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309

Upplýsingar veita:

Sigurður Samúelsson sími 896 2312

Þórarinn Thorarensen sími 770 0309

TENGI

Parki
INTERIORS

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Magnús Einarsson, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

Góðakur 5
210 Garðabær
Endalóð á frábærum stað við lækinn

Stærð: 454,2 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 2012
Fasteignamat: 96.200.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Hannes Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Laugardaginn 9. feb kl 16:00 - 16:30
Verð: 84.900.000

Remax Lind kynnir fallegt og mjög vel staðsett 454 fm einbýli á tveimur hæðum innst í bottanga við Góðakur 5 í Garðabæ, þar af er um 170 fm kjallari með miklum möguleikum. Stór lóð og gott pláss í næsta hús. Samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir fjórum svefnherb, fataherb innaf hjónaherb, tveimur baðherb, sjónvarphöli, tveimur stofum, opnu eldhúsi, bílskúr og fl. Húsið er fullbúið að utan með gróflagnaði lóð, fókheilt að innan. Allar upplýsingar veita Þórey, s:663 2300 og Hannes, s:699-5008.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Bakkastaðir 63
112 Reykjavík
Vandað fjölskylduhús á einni hæð

Stærð: 180,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2000
Fasteignamat: 42.800.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Hannes Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 10. feb kl 14:00 - 15:00
Verð: 54.900.000

Fallegt og vandað fjölskylduhús á einni hæð við Bakkastaði í Grafarvogi, einstakt útsýni og frábær staðsetning þar sem órtust er á golfvöllinn. Innangengt í 34 fm bílskúr með góðu geymsluhlöfti. Húsið var að mestu tekið í gegn að innan árið 2007, vandaðar innréttingar og tæki, mikil lofthæð og stór timburvernd. Allar upplýsingar veita Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300, thorey@remax.is eða Hannes Steindórsson í síma 699-5008, hannes@remax.is - RE/MAX LIND, Þórarinn Jónsson s.510-7900.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Reykás 47
110 Reykjavík
5 HERB. ÍBÚÐ AUFVELD KAUP.

Stærð: 164,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1983
Fasteignamat: 28.350.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Garðar Kjartansson
Sölufulltrúi
8539779
gardar@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Opið hús Sun. 10 feb. frá 15:00-15:30
Verð: 36.900.000

Góð og vel skipulögð fimm herbergja íbúð á tveimur hæðum sem er 141,2 fm auk 23,6 fm bílskúr samtals 164,8 fm. Flísalögð forstofa. Á hæðinni er hjónaherb, með fataskáp, gengið út á norðvestur svahir. Barnaherb, með fataskáp. Baðherbergi, baðkar og sturtu. Björt stofa með suðurvalir, gott útsýni út í Heiðmörk. Eldhús með góðum borðkrók. Í risi eru tvö svefnherb, ásamt sjónvarpsrími. Bílskúr með geymsluhlöfti. Eignin er að mestu parket lögð, flísar í forstofu. Verð veikomin Garðar sýnir eignina.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Langahlíð 21 (íb 102)
105 Reykjavík
Laus við kaupsamning

Stærð: 81 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 18.850.000

RE/MAX Lind

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 10. feb kl 16:00 - 16:30
Verð: 22.500.000

Remax Lind kynnir í einkasölu bjarta og fallega 3ja herbergja íbúð í þessu vandaða verölauna húsi við Langahlíð 21 í Reykjavík. Eldhús með upprunalegri innréttingu, svefnherbergi með fataskápum og tvær samliggjandi stofur en þaðan er gengið út á svalir. Íbúðinni fylgir gott herbergi í risi með sameiginlegu salerni sem hægt er að leigja út. Góð geymsla með hillum í kjallara, þvottahús og hjólageymsla í sameign. Allar upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300, thorey@remax.is - RE/MAX LIND, Þórarinn Jónsson s.510-7900.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Kleppsvegur 4, 1.hæð
105 Reykjavík
Falleg íbúð í vinsælu hverfi

Stærð: 93,6 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1959
Fasteignamat: 19.100.000

RE/MAX Senter

Lína Móey
Sölufulltrúi
698 6091
lina@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Opið hús sunnudaginn 10.janúar kl.16
Verð: 23.900.000

Snyrtileg 3ja herbergja íbúð í einu vinsælasta hverfi Reykjavíkur, Laugarneshverfinu. Eignin er á fyrstu hæð og telur tvö svefnherbergi, eldhús, stofu og baðherbergi. Einnig fylgir geymsla, sameiginlegt þvottahús og garður. Gólfefni: Parket á helstu rýmum, að undanskildu forstofu og baðherbergi en þar eru gólf flísalögð og eldhús með kork. Ef þú ert í söluhugleiðingum er þér velkomið að hafa samband og fá frítt og skuldbindingalaust sölulovermat á þína eign. Kveðja Lína Móey 698 6091

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Sundlaugavegur 22
105 Reykjavík
Góð kaup í grónu hverfi

Stærð: 80,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 18.050.000

RE/MAX Senter

Lína Móey
Sölufulltrúi
698 6091
lina@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Opið hús sunnudaginn 10.janúar kl.17
Verð: 18.500.000

Góð kaup á 3ja herbergja íbúð í einu vinsælasta hverfi Reykjavíkur, Laugarneshverfinu. Eignin er í kjallara og telur tvö svefnherbergi, rúmgott eldhús, stofu og baðherbergi. Einnig fylgir sameiginlegur garður. Gólfefni: Harðparket á helstu rýmum, að undanskildu baðherbergi en þar er gólf flísalagð. Ef þú ert í söluhugleiðingum er þér velkomið að hafa samband og fá frítt og skuldbindingalaust sölulovermat á þína eign. Kveðja, Lína Móey 698 6091

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Hjallavegur 33
104 Reykjavík
Sérhæð á eftirsóttum stað í Rvk

Stærð: 74,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 19.100.000

RE/MAX Senter

Brynjólfur
Sölufulltrúi
820-8080
binni@remax.is

Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
897 1533
david@remax.is

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

Sunnudaginn 10. febrúar frá kl. 16:00 til 16:30
Verð: 19.900.000

RE/MAX Senter var að fá í einkasölu: Fallega þriggja herbergja sérhæð í steinsteyptu þríbýlishúsi í grónu hverfi. Sér bílastæði fylgir íbúð í innkeyrslu. Mjög góð staðsetning og stutt í flest alla þjónustu. Eign sem býður upp á mikla möguleika. Eignin skiptist í: Sameiginlega forstofu með risi, flísalagð rúmgott hol, 2 mjög rúmgóð svefnherbergi bæði með miklu skápláss, bjarta stofu, eldhús með snyrtilegri innréttingu, baðherbergi með glugga, ljósi innréttingu, upphengdu wc og sturtuklefa. Gólfefni: Parket og flísar. Innangengt er í sameiginlegt þvottahús í kjallara. Búlið að endurnýja: Þak 2000, múrviðgerðir að hluta 2010, skolplögn frá íbúð, rafmagnstofu, raflagnir, neysluvatns- og ofnalagnir. Þarf að skipta um glugga í íbúð. Inneign til í húsfélaginu ca. 1.2 milljón. Allar upplýsingar gefa: Ingunn í síma 611 6007 eða á ingunn@remax.is eða Ástþór í síma 414 4700 eða á arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Furugrund 32
200 Kópavogur
Falleg íbúð á góðum stað

Stærð: 60,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 14.050.000

RE/MAX Alpha

Brynjólfur
Sölufulltrúi
820-8080
binni@remax.is

Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
897 1533
david@remax.is

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

Sunnudaginn 10. feb. kl. 14:00-14:30
Verð: 16.900.000

RE/MAX Alpha kynnir Furugrund 32. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Komíó er inn í lítið hol með svörtum flisum og skápum. Eldhúsið er með svörtum flisum og víðarinnréttingu. Nýleg eldunartæki. Stofan er með parketi og útgengi út á stórar svalir sem vísa í suður. Húsið var málað að utan sl sumar og allt víðarverk endurnýjað s.s. handrið á svölum. Allar upplýsingar veitir Davíð í síma 897 1533 eða david@remax.is og Haukur Halldórsson lögg.fast.hdl. í síma 477 7777

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Porlaksgeisli 43
113 Reykjavík
Einstakt útsýni & afgirtur garður

Stærð: 139,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 26.450.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 10. feb kl 15:00 - 15:30
Verð: 32.500.000

Remax Lind kynnir í einkasölu fallega og vel skipulagða 4ra herbergja íbúð á frábærum stað í Þorlaksgeisla 43 í Grafarholti þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Íbúðin er á 2.hæð með séríngangi, þremur rúmgóðum svefnherbergjum með góðum fataskápum, opnu eldhúsi og þvottahúsi innan íbúðar. Einstakt útsýni, afgirtur séráfnatærlitur og rúmgóðum bílskúr. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300, thorey@remax.is.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Porlaksgeisli 43
113 Reykjavík
Einstakt útsýni & afgirtur garður

Stærð: 139,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 26.450.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 10. feb kl 15:00 - 15:30
Verð: 32.500.000

Remax Lind kynnir í einkasölu fallega og vel skipulagða 4ra herbergja íbúð á frábærum stað í Þorlaksgeisla 43 í Grafarholti þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Íbúðin er á 2.hæð með séríngangi, þremur rúmgóðum svefnherbergjum með góðum fataskápum, opnu eldhúsi og þvottahúsi innan íbúðar. Einstakt útsýni, afgirtur séráfnatærlitur og rúmgóðum bílskúr. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300, thorey@remax.is.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Hlíðarhjalli 71
200 Kópavogur
90% lán, laus við kaupsamning

Stærð: 76,3 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1990
Fasteignamat: 18.250.000

RE/MAX Senter

Vernharð Sölufrú
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Kópavogsbraut 76.
200 Kópavogur
Glæsilegt endurnýjað einbýli.

Stærð: 161,5 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1952
Fasteignamat: 37.700.000

RE/MAX Lind

Andri Sigurðsson
Sölufrú
690 3111
andri@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Laxatunga 4
270 Mosfellsbær
Glæsilegt fullbúið raðhús

Stærð: 243,5 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2009
Fasteignamat: 40.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Guðmundur K.
Sölufrú
8523332
gudmundur@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Breiðás 5
210 Garðabær
Gott fjölskylduhús í grónu hverfi

Stærð: 191,5 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1956
Fasteignamat: 42.650.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufrú
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ólafsgesli 79
113 Reykjavík
Einstakur útsýnisstaður

Stærð: 212,5 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 53.900.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufrú
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ljósheimar 14
104 Reykjavík
Mikið endurnýjuð 4ra herb.

Stærð: 101,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1965
Fasteignamat: 23.100.000

RE/MAX Senter

Vernharð Sölufrú
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ljósheimar 14
104 Reykjavík
Mikið endurnýjuð 4ra herb.

Stærð: 101,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1965
Fasteignamat: 23.100.000

RE/MAX Senter

Vernharð Sölufrú
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Burknaveilir 17b
221 Hafnarfjörður
Falleg 5 herbergja íbúð.

Stærð: 128,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 25.300.000

RE/MAX Lind

Guðmundur K.
Sölufrú
8523332
gudmundur@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Hlaðbær 5
110 Reykjavík
Mikið endurnýjað einbýli

Stærð: 183,8 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1974
Fasteignamat: 44.500.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufrú
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ólafsgesli 79
113 Reykjavík
Einstakur útsýnisstaður

Stærð: 212,5 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 53.900.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufrú
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

GÆTU LIFAÐ Á FISK OG SÚKKULAÐI

Jenný Rúnarsdóttir og **Gunnar Helgi Guðjónsson** mætast í úrslitum þáttarins Masterchef næsta föstudag en Skarp-héðinn Smith datt úr leiknum í gærkvöldi. Fréttablaðið hafði samband við þau Jennýju og Gunnar og fékk þau til að svara nokkrum lauflettum spurningum.

Sigríður Björg
Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is

JENNÝ RÚNARSDÓTTIR

Starf: Er í stjórnunarstöðu hjá Te og kaffi.

Aldur: 46 ára.

Hvenær fékkstu áhuga á því að elda?

Þegar ég var um átján ára.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Humar og kalkúnn.

Hver er besta máltíð sem þú hefur fengið?

Kalkúnninn hennar mömmu.

Hvað finnst þér skemmtilegast að elda? Fisk.

Hvað færðu þér á pulsu? Ég fæ mér ekki pulsu.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur bragðað? Krókóðill.

Ef þú eignaðist þinn eigin veitingastað, hvað myndi hann heita? Ég hef ekki hugmynd um það.

Matreiðsluhefðir hvaða þjóða kanntu best að meta? Ítalskur matur er í miklu uppáhaldi.

Eitt lítið matreiðsluleyndarmál til að deila með lesendum?

Muna að geyma allar hnetur í frysti, þá verða þær alltaf ferskar.

Ef þú mættir bara borða eina matartegund það sem eftir væri ævinnar, hver yrði fyrir valinu? Fiskur.

Hvað myndirðu elda í aðalrétt í matarboði þar sem til borðs sætu Nelson Mandela, Venus Williams, Madonna og Ryan Gosling? Íslenskan þorsk með íslensku grænmeti og dillsmjöri.

GUNNAR HELGI GUÐJÓNSSON

Starf: Kaffibarþjónn á Kaffismiðju Íslands og myndlistarmaður.

Aldur: 31 árs.

Hvenær fékkstu áhuga á því að elda? Ég hef haft mikinn áhuga á eldamennsku frá því að ég man eftir mér.

Lenti í fyrsta eldhússlysinu þegar ég var tveggja ára þegar ég datt ofan í pott. Ég var farinn að baka þegar ég var svona 8 ára og elda mat 13 ára. Fékk alltaf að baka heima ef ég lofaði að vaska upp í staðinn.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Vó, þetta er erfið spurning. Það veltur á dagsforminu. Eitt sem mér finnst vera rosalega gott er plokkskurinn sem hún amma mín gerir. Líka fiskibollur.

Hver er besta máltíð sem þú hefur fengið? Önnur mjög erfið, en ég man eftir einni köku sem ég fékk hjá Díu frænku. Heitir held ég Dillonskaka og er karamellu- og allskonar kaka borin fram með þeyttum rjóma og karamellusósu.

Hvað finnst þér skemmtilegast að elda? Mér finnst eiginlega skemmtilegast að baka brauð, það er hugleiðslustund og smá líkamsrækt með góðri útkomu.

Hvað færðu þér á pulsu? Allt, helst með remúl- aðinu ofan á.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur bragðað? Hákarl.

Ef þú eignaðist þinn eigin veitingastað, hvað myndi hann heita? Veitingastaðurinn minn myndi heita Eftirréttamiðstöðin.

Matreiðsluhefðir hvaða þjóða kanntu best að meta? Ég er mikið fyrir ítalskan mat og taflenskan.

Eitt lítið matreiðsluleyndarmál til að deila með lesendum? Appelsínur, sítrónur og lífmónur.

Ef þú mættir bara borða eina matartegund það sem eftir væri ævinnar, hver yrði fyrir valinu? Það er þá annaðhvort að vera skynsamur og velja kartöflur eða skemmtilegur og velja súkkulaði.

Hvað myndirðu elda í aðalrétt í matarboði þar sem til borðs sætu Nelson Mandela, Venus Williams, Madonna og Ryan Gosling? Ég myndi sennilega elda grænmetisþottrétt með sætum kartöflum, fullt af alls konar kryddum og döðlum. Myndi bera réttinn fram með naan-brauði, salati og svo færum við öll í göngutúr um Ægisíðuna að horfa á Norðurljós. Svo kæmi Ryan Gosling heim í súkkulaðiköku.

EFTIRLÆTISRÉTTIR JENNÝAR OG GUNNARS

Heit ætíþistla- og spínatíðýfa Jennýjar

1½ bolli (bandarískur) ætíþistlar án safa og smátt saxað
½ bolli (bandarískur) majónes
½ bolli (bandarískur) sýrður rjómi
180 g frosið spínat, þítt og vökvi vel kreistur af
¾ bolli (bandarískur) ferskur parmesan, rifinn
¾ bolli (bandarískur) rifinn mozzarella
2 hvítlauksrif smátt söxuð



Öllu blandað saman og sett í eldfast mót bakað á 180 gráðum í u.þ.b. 20-25 mínútur borið fram með ristudu pítubrauði skornu niður í tigla.

Hafrapönnur Gunnars

Ég bauð vinkonum mínum í pönnukökur og átti ekki til hveiti. Ég notaði því haframjöl sem ég steytti í mortéli og það kom bara vel út.

200 g haframjöl, sallað í mortéli
4 egg
2 msk. kókosólía
1 msk. kartöflumjöl
1 tsk. lyftiduft
Börkur af 1 appelsínu
1 tsk. kanill

Svartur pipar
Salt
Vatn til að fá rétta áferð

Steikt á pönnu með smá kókosólíu, borið fram með hlýnsírópi og kókosflögum.



15% afsláttur

Gildir út febrúar



Voltaren

Apótekarinn⁺
lyf á lægra verði

KVEIKTU Á PERUNNI kynning í dag



Sérfræðingar frá Osram verða í Húsasmíðjunni Skútuvogi í dag laugardag kl. 13:00 -16:00 og kynna úrval valkosta í stað hefðbundinna glópera.

Ekki missa þessu tækifæri - kveiktu á réttu perunni!

OSRAM



Halogen ECO OSRAM
frábær valkostur:
46W Halógen ECO pera E27
2.000 tímar, samsvarar 60W.
6188719



Sparperur OSRAM
mjög skilvirkar og fjölhæfar:
11W Sparpera Dulux Value E27
6.000 tímar.
6189480



LED OSRAM
nú tímaleg og falleg lýsing:
8W LED pera E27
30.000 tímar, samsvarar 40W.
6189080



**Bollutilboð alla helgina
í Kaffi Garði Skútuvogi
Aðeins 199 kr/stk**
Vatnsdeigsbolla með súkkulaði,
rjóma og sultu.



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA


ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Konráð og félagar á ferð og flugi 30

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja Lísaloppa,“ sagði Kata. „Þú ert stærðfræðisnillingurinn í hópnunum, hvað heldur þú að það séu margir teningar í þessari kubbahrúgu.“ „Á ég þá bara að telja þá?“ spurði Lísaloppa. „Það lærir enginn neitt með því að láta alltaf þann besta bara gera hlutina,“ bætti hún við. „Ja, ekki held ég að ég geti talið þessa teninga,“ sagði Róbert vondufur. „Þið megið ekki ákveða það fyrirfram,“ sagði Lísaloppa. „Svona nú, allir að reyna. Hvað eru margir teningar í þessari teningahrúgu?“ Pau hin stundu öll, en byrjuðu að telja.

Getur þú hjálpað þeim að telja teningana í teningahrúgunni? Athugaðu að þeir teningar sem eru undir og á bakvið þá fremstu sjást ekki en þarf þó að telja með.



Heilabrot

1. Þór, Hallur og Sveinn eru fjórir frískir strákar. Hvernig?
2. Hvaða garður er alltaf blautur?
3. Hvað er það sem brosir við öllum, en hlær þó ekki að neinum?
4. Hvaða blað er ekki hægt að rífa?
5. Stundum hef ég höfuð, stundum ekki, stundum er ég með tagl en stundum ekki. Hver er ég?
6. Hvort er þyngra: eitt kíló af blýi eða eitt kíló af dúni?
7. Ég sé það en þú sérð það ekki, samt er það mun nær þér en mér. Hvað er það?
8. Hvers vegna er flóðhesturinn ekki hræddur við tígrisdýrið?

SVÖR

1. Þórhallur er sá fjórði. 2. Tanngarður. 3. Sólín. 4. Hrífsblað. 5. Hárkolla. 6. Jafnpungt, eitt kíló í 7. Hnakkinn á þér. 8. Þeir eru ekki í sama heimshluta.

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Bollur, át og aska

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur marka upphaf lönguföstu en þá mátti ekki borða kjöt í fjörutíu daga.

Langafasta hefst á öskudegi, miðvikudegi í sjöundu viku fyrir páska. Föstuinnangangur stendur frá sunnudeginum á undan og getur borið upp á 1. febrúar til 7. mars og fara þeir víðast hvar í hinni vestrænu kirkju fram með fögnuði fyrir föstutím-ann. Hér á landi er ekki haldið upp á sunnudaginn lengur en haldið er upp á mánudaginn með bolludegi, þriðjudaginn með sprengidegi og svo hefst langafasta á miðvikudeginum með öskudegi.

Bolludagur, sem væntanlega fékk ekki nafnið fyrir en snemma á 20. öld, og öskudagur hafa að nokkru leyti skipt um hlutverk. Lengi vel var mánudagurinn í sjöundu viku fyrir páska hefðbundinn frídagur barna í skólum og þá tíðkaðist víða um landið að ganga í skrúðgöngu í grímubúningum og að slá köttinn úr tunnunni. Þeir siðir hafa væntanlega borist frá Danmörku eða Noregi. Árið 1917 hafði frídagurinn verið færður



yfir á öskudaginn víðast hvar á landinu og siðirnir fluttust með. Að ganga í skrúðgöngu og slá köttinn úr tunnunni datt þó víðast hvar upp fyrir á 20. öld, en hélst þó við á Akureyri og hefur þaðan smám saman aftur verið að breiðast út á ný.



BARBIE Í SJÓRÆNINGJAHLUTVERKI Jóhanna með Barbie-dúkkunni sem komin er í hlutverk sjóræningja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Setur upp leikrit með Barbie-dúkkunum

Jóhanna Björg Baldursdóttir er mikill leikhúsunnandi þrátt fyrir ungan aldur. Henni þykir mjög gaman að fara í leikhús og ekki síðra að setja upp leikrit þar sem Barbie-dúkkurnar hennar eru í aðalhlutverki en hún höfundur og leikstjóri.

Hvað heitir þú? Jóhanna Björg Baldursdóttir.

Hvað ertu gömul? Ég er sex ára, á afmæli í september og verð því sjö ára á þessu ári.

Í hvaða skóla ertu? Ég er í Ísaksskóla.

Hvað er skemmtilegast að gera í skólanum? Það er mest gaman í heimilisfræði.

Hvaða áhugamál áttu? Leiklist, lita, fönndra og leika með Barbie.

Hvað er besta leiksýning sem þú hefur séð? Gulleyjan, ég sá

hana í Borgarleikhúsinu í haust.

Áttu þér uppáhaldsleikara og -leikkonu? Já, Selma Björns, Þórunn Erna Clausen og Björn Jörundur eru í uppáhaldi.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að setja upp leikrit með Barbie-dúkkunum mínum, bæði leikrit sem ég hef séð og svo bý ég líka til leikrit sjálf, t.d. Ævintýraruglið. Þá læt ég Barbie-dúkkurnar leika hin ýmsu hlutverk og útbý búninga með smá hjálp frá mömmu og farða þær ef þarf. Svo finnst mér auðvitað

mjög gaman að fara í leikhús.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin stór? Ég ætla að verða leikkona.

Krakkasíðan frétti að þú hefðir troðið upp í Hörpunni, geturðu sagt mér frá því? Selma Björns bauð mér að vera með í krakkakór á Abba-tónleikum í Hörpunni síðasta sumar. Við sungum „I have a dream“ ásamt Jóhönnu Vigdís á stóra sviðinu í Eldborg fyrir fullu húsi. Það var mjög gaman, ég var þínu kvíðin fyrir tónleikana en svo gekk þetta mjög vel.

ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í NETTÓ



GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐKÖNNUN!

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

Rafmagnsrúm
á verði frá
190.049



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

Tvívreið heilsurúm á
verði frá **129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.7**

JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla úmið upp nýtt!

FRAMLENGJUM

FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNNI UM NOKKRA DAGA!
ÞÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu

Janúartilboð á arineldstæðum
20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FROSIN JARÐARBER 1.2 KG

459
KR. 1.2 KG



LÍFRÆNT KÓKOSVATN 330ml

198
KR. 330ml



ENGIFERDRYKKUR

198
KR. 330ml



LÍFRÆNT SPELTHVEITI
FÍNT OG GRÓFT

398
KR. 1 kg



FROSID MANGÓ Í BITUM 1 KG

598
KR. 1 KG



MAUKAÐIR TÓMATAR

198
KR. 425g



HNETUSMJÖR FÍNT OG GRÓFT

398
KR. 340g



AGAVE SÍRÓP

598
KR. 425ml



TRÖLLAHAFRAR

298
KR. 500g



BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.

229
KR. 1 kg



2 STK. BÓNUS FERSKAR RJÓMABOLLUR

359
KR. 2 stk



BÓNUS HAFRAKÖKUR

159
KR. 1 stk



KLEINUR 10 STK.

259
KR. 10 stk



NAUTAVEISLU NAUTGRIPA-HAMBORGARAR m/brauði 4 stk./80g

695 KR.PK



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

659 KR. KG



NAUTAVEISLU NAUTGRIPAHAKK

1295 KR.KG



EUROSHOPPER
900 gr frosnar
KJÚKLINGABRINGUR
1579 KR. 900gr




AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00



BLANDAÐ SALTSKERT-SALTKJÖT



998
KR. KG

ÍSLANDSLAMB: **BLANDAÐ SALTKJÖT SALTSKERT**

Gott verð í Bónus



195
KR. KG

ÍSLENSKAR **GULRÓFUR**

| | | | | |
|--|--|---|---|------------------------------------|
| | | | | |
| 298 KR. KG | 1898 KR. KG | 498 KR. KG | 1798 KR. KG | 598 KR. KG |
| KJÖTVINNSLA AKUREYRAR SALTAÐIR SIÐUBITAR | SLÁTURFÉL. SUÐURLANDS VALIÐ SALTKJÖT | KJARNAFÆÐI SALTKJÖT BLANDAÐ 2. FL | KJARNAFÆÐI SÉR VALIÐ SALTKJÖT | BÚRFELL BLANDAÐ SALTKJÖT |

Gott verð í Bónus **BOLLUDAGUR 11 FEB. SPRENGIDAGUR 12 FEB.** **Gott verð í Bónus**



259
KR. STK

KJARNA **SULTUR** 400gr



198
KR. 280gr

BÓNUS **BOLLUGLASSÚR**



398
KR. STK

SÍRÍUS **KONSÚM SÚKKULAÐI** 300gr



295
KR. STK

GÓÐ-KAUP **SUÐUSÚKKULAÐI** 300gr



198
KR. 250ml

EUROSHOPPER **PEYTI RJÓMI** 250ml



398
KR. 14 STK

BÓNUS **TILBÚNAR VATNSDEIGSBOLLUR** 14 STK.



359
KR. 2 stk

TILBÚNAR RJÓMABOLLUR
2 STK. BÓNUS **FERSKAR RJÓMABOLLUR**



268
KR. 400ml

BÓNUS **RJÓMI** 400ml

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00



MERKISATBURÐIR

- 1959** Togarinn Júlí ferst við Nýfundnaland og með honum þrjátíu manna áhöfn.
- 1964** Bítarnir koma í fyrsta skipti fram í The Ed Sullivan Show.
- 1982** Sjór flæðir um Pósthússtræti og Austurstræti í Reykjavík snemma morguns.
- 1984** Bankarín er framið í útibúi Iðnaðarbankans í Breiðholti í Reykjavík.
- 1991** Litháar velja sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslendingar eru fyrstir þjóða til að viðurkenna það.
- 2001** Bandarískur kafbátur sökkvir óvart japönsku fiskiskipi.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

DÍSA SIGFÚSDÓTTIR
Austurbyggð 17, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 1. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Öldrunarheimili Akureyrarbæjar.



| | |
|--|--|
| <p>Hreinn Grétarsson Heiða Grétarsdóttir Líney Grétarsdóttir Jóhanna Grétarsdóttir Rósant Grétarsson Sigmar Grétarsson barnabörn og barnabarnabörn Haraldur Sigfússon</p> | <p>Margrét G. Magnúsdóttir Jón Sveinbjörnsson</p> <p>Edda J. Baldursdóttir</p> |
|--|--|



Ástkær vinur minn og sálufélagi, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

HÖRÐUR VICTORSSON

andaðist laugardaginn 2. febrúar á heimili sínu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hans ósk.



Ragnheiður Anna Friðriksdóttir
Róbert Lagerman Harðarson
Jóhann Eysteinnsson
Ragnheiður Elísabet Harðardóttir
tengdabörn og barnabörn.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA ELÍSBET NORÐDAHL

lést á Dvalarheimilinu Grund laugardaginn 2. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju 14. febrúar kl. 13.00.



Guðrún Lilja Norðdahl
Hrönn Guðjónsdóttir
Anna Signý Guðbjörnsdóttir

Guðbjörn Magnússon
Björn Baldvinsson og börn
Kristján Eypór Eyjólfsson

WWW.VIÐJAS.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNSS



771 8222 · 820 1919 SVAFAR · 820 3918 HERMANN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlífið 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is
Allan sólarhringinn Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



HÁTIÐARSTUND Bjarni tekur við silfurpeningi úr hendi Kerstin Niblaeus, forseta akademíunnar, sem táknar þess að hann sé tekinn inn í stjórn.

Ég er bara sveitalarfur

Í hinum gyllta sal ráðhússins í Stokkhólmi var dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, náttúrufræðingur og prófessor á Hvanneyri, settur í stjórn konunglegu sænsku landbúnaðar- og skógræktarakademíunnar á hátíðarfundum í lok janúar. Þar voru líka kóngur og drottning.

Hin konunglega akademía KSLA

Kongliga Svenska Lantbruks-Academien var formlega stofnuð 28. janúar 1813 af þáverandi krónprinsi, Carl Johan, sem síðar varð konungur landsins. Hann var franskur ættar og akademían var gerð að franskri fyrirmynd. Á þessum tíma var Svíþjóð fátækt ríki en akademían varð leiðandi afl í landbúnaði og skógrækt. Hugmyndin var sú að stefna saman hugsuðum, rannsakendum og framleiðendum og það skilaði góðum árangri. Í tímans rás breyttist akademían í vísindaakademíu með 80 stjórnarmönnum, 60 sænskum og 20 erlendum.



breytingar sem hér eru að verða í náttúrunni vegna hlýnunar á síðustu árum.

Bjarni ólst upp á Hofsnesi í Öræfum. „Ástæða þess að ég er það sem ég er, er sú að Hálfán Björnsson, náttúruvísindamaður á Kvískerjum, kveikti í mér óslökkvandi bál,“ segir Bjarni, sem fór í líffræði við HÍ og starfaði um tíma á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Hann vann að doktorsverkefni í Gunnarsholti og lauk því námi í Uppsöllum í Svíþjóð, þar sem hann kveðst hafa komist í góð tengsl við vísindamenn bæði vestan hafs og austan.

Auk þess að standa fyrir áhuga-verðum fundum fyrir vísindamenn og almenning veitir konunglega sænska

akademían nokkur hundruð milljarða af rannsóknarfé árlega. Bjarni kveðst vonast til að seta hans í stjórn hjálpi til að fá fjármagn hingað til Íslands. Auk þess verði hann starfsmaður þessa „apparats“ um allan heim. „Þetta er í raun og veru herkvæðing en ég er þó ekkert skyldugur til að draga þyngri vagn en ég vil. Heimurinn er bara orðinn svo lítill að þegar verið er að fást við rannsóknir í stóru samhengi vinna menn saman þvert á öll landamæri. Það er í raun ekkert meira mál að skreppa til Svíþjóðar eða Kanada í dag en að fara austur í Suðursveit þegar ég var að alast upp í Öræfum og miklu minna fyrirtæki en að fara á ball út að Kirkjubæjar-klaustri.“

gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

HÉDINS ÁGÚSTSSONAR
Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítala í Kópavogi.



| | |
|---|--|
| <p>Gylfi Ómar Héðinsson Hörður Héðinsson Rut Marsibil Héðinsdóttir Páll Vignir Héðinsson Ágúst Héðinsson barnabörn og langafabörn.</p> | <p>Svava Árnadóttir Berglind Bendtsen Porkell Einarsson Gunnhildur Kjartansdóttir Baldvina Snælaugsdóttir</p> |
|---|--|



Innilegar þakkir fyrir vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskelegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

GUÐMUNDAR ÞÓRS
SIGURBJÖRNSSONAR.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Höfða og Sjúkrahúss Akraness.



| | |
|--|---|
| <p>Sigurður Villi Guðmundsson Þórunn Guðmundsdóttir Vilhjálmur Þór Guðmundsson Salvör Guðmundsdóttir Sigurbjörn Guðmundsson barnabörn og langafabörn.</p> | <p>Dagbjört Friðriksdóttir Bjarni Ásmunds Guðrún Jónsdóttir Stefán H. Stefánsson Svandís Ásgeirsdóttir</p> |
|--|---|

Upplifun fyrir alla fjölskylduna

UTmessan

Í DAG Í HÖRPU FRÁ KL. 10–16

Tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga skemmtilegan dag saman, skoða glæsilega sýningu helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins og kynna sér hvað upplýsingatæknigeirinn hefur fram að færa.

DAGSKRÁ:

- Getraunir og leikir í gangi allan daginn með flottum vinningum
- **APPmessa:** Hvað verður valið flottasta og besta appið?
- Spennandi erindi um tölvutækni á hálf tíma fresti
- Vertu með þeim fyrstu í heiminum til að spila **DUST 514**
- Einstakt „Hackathon“
- Prófaðu að forrita með aðstoð barna
- Kíktu á vinnustofu og sjáðu hvað hægt er að gera með tölvutækni
- Spilaðu **Minecraft** tölvuleik með örsmáum tölvum

ALLIR VELKOMNIR

Enginn aðgangseyrir og ókeypis í bílastæðahús Hörpu á meðan húsrúm leyfir.

Nánari dagskrá á UTmessan.is

// Twitter: @UTmessan // #UTmessan // Facebook: UTmessan



UTmessan.is

Ský, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands og Samtök iðnaðarins ásamt Platinum samstarfsaðilunum CCP, Microsoft Ísland, Opnum kerfum og Nýherja



Innilegar þakkir fyrir sýndan samhug, vegna fráfalls systkinanna Hreins og Herminu.

**HREINN HERMANNSSON
HERMÍNA HERMANNSDÓTTIR**

Sú nánd og umhyggja sem fjölskyldum okkar hefur verið veitt hefur reynst ómetanleg og án hennar værum við öll fátækari. Yndisleg systkini sem snertu tilveru svo margra með fallegu hjartalagi. Minning ykkar lifir um ókoma tíð í hugum okkar og hjörtum. Sérstakar þakkir fær krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut.

**Hrefna Haraldsdóttir og fjölskylda
Kári Jónsson og fjölskylda**



Ástkær móðir okkar,
UNNUR GUÐBJÖRG ÞORKELSDÓTTIR
hárgreiðslumeistari,
Smáratúni 8, Álftanesi,

lést á líknardeild Landspítalans þann 4. febrúar sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Margrét Þóra Gylfadóttir
Kristín Edda Gylfadóttir
Unnur Kristbjörg Gylfadóttir
Freyja Gylfadóttir
Þorkell Snorri Gylfason**



BRYNJÓLFUR JÓNSSON
frá Lækjarbotnum í Landsveit,
til heimilis í Nestúni 15,
Hellu,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 4. febrúar sl. Útför auglýst síðar.

Aðstandendur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
TÓMAS ALBERT HOLTÓN

lést fimmtudaginn 31. janúar á Hjúkrunarheimilinu Mörk. Útför hans fer fram frá Friðkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Katrín Vilhelmina Tómasdóttir
Róbert Vinsent Tómasson
Jóhann Valur Holton
Tómas Albert Holton
og barnabörn.** **Ásdís Jóna B. Arnkelsdóttir
Anna Björk Bjarnadóttir**



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og jarðarför ástkærrar móður, ömmu og langömmu,

ÓLAFUR ÞÓRINNI JÓHANNSDÓTTUR
ljósmóður,
Ljósheimum 6, Reykjavík.

**Þórhildur Hinriksdóttir
Sigurjón Þórðarson
Ólöf Dís Þórðardóttir
Harpa Rún Þórðardóttir
Þórðu Ingi, Ari, Björn Hinrik, Daniel Snær** **Þórður Sigurjónsson
Jóhanna Jakobsdóttir
Birgir Örn Björnsson
Romain Buchholtz**



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,

HULDA MARÍA HRAFNSDÓTTIR

andaðist föstudaginn 1. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ljósið, styrktarstöð krabbameinsveikra.

**Björn H. Herbertsson
Viktor Hrafn Guðmundsson
Zophanías Björnsson
Fjölín Þór Björnsson
Ester Hulda Tyrfringsdóttir
Agnes Huld Hrafnisdóttir
Berglind Hrönn Hrafnisdóttir
tengdafólk, fjölskyldur og vinir.**

Sextíu keppendur frá sex löndum



Á BIFRÖST Norðurlandamótið í skólaskák stendur yfir á Bifröst. Þar sitja 60 keppendur frá sex löndum að tafla í hátíðarsalnum og keppa í fimm flokkum. Alls eru gestir mótsins yfir 100 og setja þeir svip á háskólaborpið á Bifröst. Verðlaunaafhending fer fram í lok móts á morgun.

MYND/DAVÍÐ ÞORSTEINN OLGEIRSSON



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR
Klapparstíg 5a,

andaðist á Landakotspítala fimmtudaginn 7. febrúar. Jarðarförin verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Þórunn Ingólfsdóttir
Georg Heide Gunnarsson
Hinrik Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.** **Hilda G. Birgisdóttir
Guðrún Sigurðardóttir**



Okkar elskulegi,
ÓTTAR EINARSSON
Klausturvammi 13,
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 7. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Steinunn Inga Óttarsdóttir
Guðrún Arnbjörg Óttarsdóttir
Þuríður Óttarsdóttir
og barnabörn** **Brynjar Ágústsson
Haraldur Eiríksson
Hannes Steinar Guðmundsson**
Jóhanna Þuríður Þorsteinsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn og faðir,
GUÐJÓN HELGASON
húsasmiðameistari,
Hlíðarvegi 11, Njarðvík,

lést 5. febrúar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Jarðsungið verður frá Ytri-Njarðvíkurkirkju miðvikudaginn 13. febrúar kl. 14.00.

Sveinborg Daniélsdóttir og Sunneva Guðjónsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,
STEFÁN RAGNARSSON

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 13. febrúar nk. klukkan 13.00.

**Agnes Erna Estherardóttir
Íris Stefánsdóttir
Fríða Stefánsdóttir
Ragnar Bjarni Stefánsson
Sara Helena Bjarnadóttir** **Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir**



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,
ÓLAFUR GUÐJÓNSSON
Skúlagötu 40b, Reykjavík,

sem lést á Droplaugarstöðum 31. janúar sl. verður jarðsungið frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. febrúar klukkan 15.00 Þeim, sem vildu minnst hans, er bent á Barnaspítalaljósið Hringins, símar 543-3022 og 543-3025.

**Gísli Ólafsson
Viðar Ólafsson
Þórunn Ólafsdóttir
Sveinn Ingi Ólafsson
og fjölskyldur.** **Elísabet Solveig Pétursdóttir
Birna Björnsdóttir
Gyða Þórðardóttir**



Þökkum innilega auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför dóttur okkar, systur og mágkonu,

HEKLU SIGMUNDSDÓTTUR
dósent,
Löngumýri 26, Garðabæ,

sem andaðist fimmtudaginn 17. janúar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 11 E Landspítalanum við Hringbraut og Heimahlyningunni fyrir alúð og góða umönnun.

**Margrét Þorvaldsdóttir
Snorri Sigmundsson
Logi Sigmundsson
Ægir Guðbjarni Sigmundsson** **Sigmundur Guðbjarnason
Sara Jewett Sigmundsson
Anna Linda Bjarnadóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir og afa,

HAFSTEINS GUÐMUNDSSONAR
rafvirkja, Ofanleiti 5.

Sérstakar þakkir færum við dr. Guðmundi Rúnarssyni, hjúkrunarfólki á deildum 11B og 11G á Landspítalanum við Hringbraut og heimahjúkrun Karítasar fyrir góða umönnun.

**Sólveig Þóra Ragnarsdóttir
Helgi Hafsteinsson
Guðmundur Hafsteinsson
Elfar Þór Helgason
Birna Ósk Helgadóttir
Karen Guðmundsdóttir
Íris Guðmundsdóttir** **Hildur Elfa Björnsdóttir
Stefanía Björnsdóttir**



Okkar elskulegi
MAGNÚS H. GÍSLASON
Frostastöðum

andaðist sunnudaginn 3. febrúar. Útför hans fer fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður að Flugumýri. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir, sem vilja minnst hins látna, eru beðnir að láta Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.

**Jóhanna Þórarinsdóttir
Gísli Magnússon
Þórarinn Magnússon
Ólafur Magnússon
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.** **Ólöf Arngrímsdóttir
Sara Regína Valdimarsdóttir
Sigurlína Alexandersdóttir
Gísli Salómonsson**



GJESTAL®

NORSKA GARNIÐ FRÁ **GJESTAL®** FÆST NÚNA Í HAGKAUP

599
kr/dokkan



SUPERWASH SPORT

100% ull • 50gr = ca. 100m
Prjónastærð 3,5-4 • 32 litir

599
kr/dokkan



SILJA SUPERWASH

80% ull / 20% nælon • 50gr = ca. 150m
Prjónastærð 3-3,5 • 38 litir

499
kr/dokkan



GULLGARN

50% ull / 50% akrýl • 50gr = ca. 58m
Prjónastærð 6-7 • 13 litir

699
kr/dokkan



BABY ULL

100% merino ull • 50gr = ca. 175m
Prjónastærð 2,5-3 • 32 litir

499
kr/dokkan



RAGG SOFT

60% ull / 20% nælon / 20% akrýl
50gr = ca. 100m
Prjónastærð 3,5-4 • 14 litir

399
kr/dokkan



FREJA

100% akrýl • 50gr = ca. 130m
Prjónastærð 4 • 43 litir

179
kr/dokkan



CANDY

100% bómull • 10gr = ca. 34m
Prjónastærð 3 • 18 litir



UPPSKRIFTABLÖÐ FYRIR CANDY

verð 1299 kr.



MIKIÐ ÚRVAL AF PRJÓNABLÖÐUM

verð 1299 kr.

Allt úrvalið er til í Skeifunni, Kringlunni og Smáralind. Minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KROSSGÁTA

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2. sæti, 6. ógrynni, 8. hvers vegna, 9. hlé, 11. öfug röð, 12. skran, 14. hökutoppur, 16. drykkur, 17. frjó, 18. pota, 20. til, 21. steypuefni.

LÓÐRÉTT

1. líkami, 3. skammstöfun, 4. svelgja, 5. persónufornafn, 7. formaður, 10. hald, 13. gras, 15. auðga, 16. taumur, 19. frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sess, 6. of, 8. hví, 9. lot, 11. on, 12. drasl, 14. skegg, 16. te, 17. fræ, 18. ota, 20. að, 21. gífs.
LÓÐRÉTT: 1. hald, 3. eh, 4. svölgra, 5. sln, 7. forseti, 10. tak, 13. sef, 15. gæða, 16. tog, 19. af.

Árni Páll og smalahundarnir

BAKPANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Árni minn, ég er ósköp ánægður með þennan friðartón í þér. Mig langar því að segja þér hundasögu eina til að styrkja þig enn fremur í þeirri trú að best sé að ræða álitamál á friðsamlegum nótum.

Á HAUSTDÖGUM byrjaði ég að skokka á morgnana. Var það nokkur raun hinn fyrsta dag því þolið var lítið en svo er þar ófrýnilegur hundagarður á leiðinni. Þar eru ófáir hundar af ýmsum gerðum, kannski ekki svo ósvipað Samfyrkingunni. Þegar ég skokka fram hjá þessum ferfætlingaflokki hefjast upp þessi ægilegu ýlfur, gelt og gól. Mér var brugðið enda ekki vanur því að standa frammi fyrir heilum flokki sem virðist hafa það efst á stefnuskránni að rífa mig í sig.



EN AUÐVITAÐ

skildi ég líka þessi viðbrögð. Það er eflaust óskemmtilegt að vera með næmt þefskyn og fá svo bullsveitta mannskeppu í grenndina. Þegar ég fór að skokka í annað sinn bar ég nokkurn kvíðboga fyrir því að fara fram hjá þessum óvinum mínum. En viti menn, einungis einn hundur fór að gelta alveg upp á sitt einsdæmi en hinir

stóðu með skottið milli lappanna meðan ég dreifði svitalyktinni við túnfóttinn.

PANN þriðja skokkdag mætti ég skelfilega illa lyktandi enda var ég í sömu sokkunum þessa þrjá daga. En hundarnir lágu bara í leti og skelltu skollaeyrum við þessari lyktarmengun. Þeir hefðu örugglega ekki einu sinni gelt þó ég hefði hent óhreina tauinu inn til þeirra.

PETTA minnti mig nokkuð á viðbrögð mannfólksins hér á Spáni við þeim skít sem nú hefur borist út. El País sagði á dögunum frá hliðarreikningum Lýðflokksins þar sem svartar greiðslur fóru til Mariano Rajoys forsætisráðherra og annarra frammámannanna flokksins. Fyrstu viðbrögð voru álíka viðtökum hundanna á mínu fyrsta skokki. Menn sýndu í sér vígtennurnar og geltu hátt en nú eru flestir komnir í sínar venjulegu hundastellingu og taka lífinu með ró eða öllu heldur láta lífið taka sig í ró.

PETTA er alveg rétt hjá þér, Árni, að grafa stríðsöxina. Þú sem varst vitni að því þegar fólk reifst eins og smalahundar og kettir á þínu stjórnarheimili. Nú þegar þú ert orðinn húsbóndi í flokknum skaltu brýna fyrir fólki að skella ekki skolti um leið og það finnur skítalykt né vera að elta ólar á hverjum ketti. Minnugur þess að þeir sem stökva strax upp á nef sér með ýlfri og galti eru venjulegast ósköp fljóttir að setja skottið á milli lappanna.



Skeifan

fasteignasala

Eysteinn Sigurðsson / Löggitur fasteignasali

FÖSTLÁG
SÖLUPÓKNUN

Glæsibær 18 - Árbær

Einbýlishús á einni hæð

Opið hús í dag laugardag á milli kl. 14 og 15



Um er að ræða glæsilegt 156 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 28 fm bílskúr. Samtals 184 fm á þessum frábæra stað í Árbænum. 5 svefnherbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Glæsilegar stofur með arni. Mjög fallegur garður með stórra timburverönd og skjólveggjum. Á pallinum er heitur pottur og sturtuadstaða með heitu og köldu vatni. Góð aðstaða til að setjast niður og njóta útsýnis yfir Elliðaáarnar. Flott eign á fallegum stað. Hiti í gangstígum og bílplani. **Verð 55,9 millj.**

Gerið svo vel að líta inn sölumaður frá Skeifunni verður á staðnum og tekur á móti ykkur.

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46
108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is

FAGRÍHJALLI 9 - Kópavogi

OPIÐ HÚS sunnudag 10. febrúar frá kl 15:00 - 17:00



Sérlega fallett 233,4 fm einbýlishús á tveim hæðum með fimm góðum svefnherbergjum, bílskúr og glæsilegum suðurgarði með sólverönd og heitum potti. Möguleiki er að nýta hluta neðri hæðar sem aukaíbúð.

Sjöfn (GSM 899-3183) og Jón (GSM-861-6030) taka þá vel á móti gestum og sýna húsið.

FBJ Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar
Sími 511 1555


MYNDASÖGUR

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNID




Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissuðu að...
BÖRN EIGA RÉTT Á VERNINGU GEGN OFBELDNI?

MAX ÚTSALA

ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI



Mikill
afsláttur af
kæliskápum



Upphvottavélar
Verð frá
49.989



32" sjónvörp
Verð frá
59.989



50" sjónvörp
Verð frá
139.989



Fartölvur á
frábærum verðum



Heimabíókerfi með
miklum afslætti



**ÚTSÖLU
LOK
UM HELGINA**



Sjónvarpsflakkarar
15% afsl.



Heyrna
30% afsl.



Kamíólar
20% afsl.



Vöflujárn
25% afsl.



Sjálfvirkar kaffivélar
20% afsl.



Hljómborð
30% afsl.



Sjónaukar
25% afsl.



Fartölvutöskur
35% afsl.



Hárblásarar
30% afsl.



Ryksugur
15% afsl.



Safapressur
20% afsl.



Saumavélar
25% afsl.



Samlokugrill
25% afsl.



Sléttu- og krullujárn
40% afsl.

Síðustu eintök og útlitsgölluð
tæki með miklum afslætti

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX
RAFTÆKI



HARPA ÞÓRSDÓTTIR forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, Sigrún Einarsdóttir grafískur hönnuður, og Inga Ragnarsdóttir, myndlistarmaður. Sigrún og Inga eru dætur frumkvöðlanna.



VASAR ROTH Vasar sem voru á sýningu í Ásmundarsal 1960, sameiginleg hönnun Ragnars og Dieters Roth.

Íslenskt jarðefni í hávegum haft

Í Hönnunarsafni Íslands hefur verið opnuð sýning á völdum munum úr sögu leirbrennslunnar Glits hf. Þar sést hönnun frá þeim tíma sem íslenskur listiðnaður var í frumbersku.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



hafa varðveist sem við sem tengjumst Gliti höfum bara séð á myndum. Við vitum að miklu hefur verið hent því þessir hlutir fóru úr tísku um tíma en undanfarið hefur fólk farið að meta þá á ný.

Sýningin mun leitast við að kynna hversu fjölbreytt og metnaðarfull sú hönnun var sem fram fór í Gliti. Ég held ég megi fullyrða að margt kemur þar á óvart," segir Inga Ragnarsdóttir myndlistarmaður um sýninguna. Innlit í Glit sem opnuð verður í Hönnunarsafninu á Garðatorgi í Garðabæ í dag.

Inga er dóttir Ragnars Kjartanssonar, sem stofnaði Glit með þeim Einari Elíassyni og Péttri Sæmundsen. Hún segir sýninguna nú ekki síst börnum Einars að þakka og margir hafi komið að undirbúningnum.

Listmunir frá Gliti voru áberandi á íslenskum heimilum á sínum tíma en síðan hurfu þeir úr tísku. Hvernig gekk að safna sýningargripum nú? „Það gekk furðu vel," segir Inga. „Bæði eiga aðstandendur þeirra sem stofnuðu Glit ýmislegt og einnig var lýst eftir munum með góðum árangri. Það er frábært hvað fólk er tilbúið til að lána og við erum alltaf glöð þegar hlutir

Inga segir hlutina frá Gliti misjafna eftir efni, hönnun og framleiðslu. „Eftir 1971, þegar fyrir-tækið flyst upp á Höfða, stækkar það mikið og verður verksmiðju-framleiðsla," lýsir Inga sem vann eitt ár á Höfðanum. „Ég var í akkordsvinnu við að renna í mót," segir hún en kveðst líka muna eftir Gliti á Óðinsgötunni þar sem það var stofnað. „Þar voru margir listamenn í vinnu við hönnun og framleiðslu," rifjar hún upp og nefnir sem dæmi Jón Gunnar Arnason, Dieter Roth, Eddu Óskarsdóttur, Steinunni Marteinsdóttur, Hauk Dór, Hring Jóhannesson og Sigurjón Jóhannsson. „Faðir minn var listrænn stjórnandi í Glit og um leið kennari í Myndlistarskólanum svo hann var í miklu sambandi við myndlistarmenn. Þeir fóru margir að vinna hjá honum í Gliti," segir Inga og bætir því við að eftirtektarvert sé hversu frumkvöðlarnir voru einbeittir í því að nota íslenskan leir og íslenska hraunið í framleiðsluna.

KUNNUG-LEGT Munir sem margir tengja við Glit enda voru þeir aðalframleiðsluvara fyrirtækisins um og eftir 1970.



MUNIR FRÁ 1963-1965 Renndir og skreyttir af Ragnari Kjartanssyni.



VASI Vasi eftir Ragnar Kjartansson frá 1960.



→ Það er frábært hvað fólk er tilbúið til að lána og við erum alltaf glöð þegar hlutir hafa varðveist sem við sem tengjumst Gliti höfum bara séð á myndum. Við vitum að miklu hefur verið hent því þessir hlutir fóru úr tísku um tíma en undanfarið hefur fólk farið að meta þá á ný.

NOVEXPERT-LEIÐIN | NÝJAR HÚÐVÖRUR

Þú nýtur góðs af frönskum vísindum

■ Húðin er stærsta líffæri líkamans og við treystum ekki hverjum sem er fyrir húð okkar. Hjá Novexpert er neytandinn alltaf meðvitaður um hvaða vísindamaður þróaði viðkomandi vöru.



Dr. D'Anna



Dr. Lectere



Dr. Coletta



Dr. Lintner



100% náttúrulegar vörur
Án Parabena
Án mineral olíu

1. Sameina tvær hugmyndir um fegurð
2. Leiða saman tvær kynslóðir vísindamanna
3. Samtvinna hugsjónir, raunsæi og árangur

LABORATOIRES
NOVEXPERT
PARIS

20% kynningar afsláttur
á Novexpert í Lyfju um land allt
8. feb. – 12. feb.



- Lífið heil

SÍÐASTA
BÓKIN Í
ÞRÍLEIKNUM
KOMIN Á
ÍSLENSKU



Fimmtíu skuggar frelsis

MARGFALDAR
METSÖLUBÆKUR
- LESTU ÞÆR
ALLAR

eftir metsöluhöfundinn
EL James



Aðalfundur

Stangaveiðifélags Reykjavíkur verður fimmtudaginn 21. febrúar 2013

Fundurinn verður haldinn að Rafstöðvarvegi 14 kl. 17.00.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 9. FEBRÚAR 2013

Leiklist

16.00 Möguleikhúsið sýnir einleikinn Aðventu í Hlóðunni í Gufunesbæ. Aðgangur er ókeypis.

Sýningar

15.00 Irene Ósk Bermundez opnar sýningu sína Grow Lucky í Listasal Mosfellsbæjar.

15.00 Þóra Karlsdóttir opnar málverkasýninguna Back to the Roots í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

15.00 Sýning Álfheiðar Ólafsdóttur, Línar, opnar í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5.

Hátíðir

12.00 Vetrarhátíðin Magnað myrkur heldur áfram í Reykjavík. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni vetrarhatid.is.

13.00 Heimsdagur barna verður haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og frístundamiðstöðinni Miðbergi. Aðgangur er ókeypis. Nánari dagskrá má finna á heimasíðunni gerduberg.is.

20.00 Nýstofnað Brasilufélag á Íslandi heldur Kjötkveðjuhátíð á Classic Sportbar í Ármúla 5.

Tónlist

17.00 Hátíð tileinkuð kammertónlist eftir Felix Mendelssohn heldur áfram í Salnum, Kópavogi. Ari Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir

Agnarsson og Nína Margrét Grímsdóttir spila lög hans á tónleikum dagsins sem bera yfirskriftina Ástfangið tónskáld.

20.00 Víkingarokksveitin Skálmöld heldur útgáfutónleika í Háskólabíói. Tilefni tónleikanna er útkoma plötunnar Börn Loka sem kom út fyrir jólin.

21.00 Hljómsveitirnar Grísalappalísa og Skelk í Bringu halda tónleika í Stúdentakjallaranum. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Anna Mjöll og Luca Ellis halda tónleika á Café Rosenberg.

22.00 Hljómsveitin Mannakorn heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900.

23.00 Hljómsveitin Homo and the Sapiens skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Fyrirlestrar

13.00 Grísk-breski heimildaljósmyndarinn

DÓMAR 02.02.2013 → 08.02.2013



BÍÓ

★★★★★

Lincoln

Leikstjóri: Steven Spielberg
Spielberg fyrirgefst hestamyndin en hann getur gert betur en þetta. - hva



TÓNLIST

★★★★★

Sin Fang

Flowers
Sindri í Sin Fang með sína bestu og aðgengilegustu plötu til þessa. - tj



TÓNLEIKAR

★★★★★

Mögnuðustu og mest hugvikkandi tónleikarnir sem undirritaður sótti á Myrkum músíkdögum.

Megumi Masaki ásamt fleirum á Myrkum músíkdögum

★★★★★

The Bootleg Beatles

Framúrskarandi hljómsveit sem fangaði góða Bítlastemningu í Hörpu. - fb

★★★★★

Caput-hópurinn á Myrkum músíkdögum

Prír af fjórum nýjum einleikskonsertum voru skemmtilegir. - js

★★★★★

Sinfónihljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum

Myrkir músíkdagar fóru vel af stað, sumt var óneitanlega magnað. - js

★★★★★

Nordic Affect á Myrkum músíkdögum

Tónleikarnir byrjuðu ekki vel en svo réttist úr þeim. - js



BÆKUR

★★★★★

Appelsínur frá Abkasíu. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu

Jón Ólafsson
Mikilvæg og fróðleg bók um einn stærsta harmleik tuttugustu aldarinnar, sannleika og lygi. - jyj



LEIKHÚS

★★★★★

Nóttin nærast á deginum.

Höfundur: Jón Atli Jónasson. Leikstjóri: Jón Páll Eydólfsson.
Tákn saga sem býður upp á fátt óvænt. - ap



TÖLVULEIKIR

★★★★★

DmC: Devil May Cry Capcom.

DmC er hraður og fjölbreyttur hjakk- og högggleikur sem býður upp á myndna frasa, góða sögu og enn betri spilun. - bjj

Saltkjöt frá Íslandslambi

Skert innihald salts

45%

minna salt - sama bragð njóttu þess...



Sérverkað saltkjöt

Höfleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem af einhverjum orsökum þurfa að passa uppá saltneyslu.

Sérverkað saltkjöt frá Íslandslambi er með **45% minna salti** án þess að það komi niður á bragðgæðum

Fæst í:

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BONUS

George Georgiou heldur fyrirlestur um ljósmyndun sína í Norræna Húsinu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

13.15 Fræðslufundur um örnefni í sólkerfinu verður haldinn hjá Nafnfræðifélaginu. Sævar Helgi Bragason flytur fyrirlestur á fundinum sem fer fram í stofu 196 í Odda, húsi Háskóla Íslands.

SUNNUDAGUR 10. FEBRÚAR 2013

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Hátíðir

11.00 Síðasti dagur vetrarhátíðarinnar

Magnað myrkur í Reykjavík. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni vetrarhatid.is.

14.00 Í tilefni af komu árs snáksins, 2013, verður boðið til kínverskrar nýárs hátíðar á Háskólatorgi. Á dagskrá verður meðal annars drekadans, tónlistaratriði og kínversk bardagalist, auk þess sem boðið verður upp á kínverskan mat og te. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Kvikmyndir

15.00 Kvikmyndin ENIGMA verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Myndin gerist á dögum síðari heimsstyrjaldarinnar. Enskt tal og aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttu danstónlist til kl. 23.00. Aðgangseyrir fyrir

félaga FEB í Reykjavík er kr. 1.500 og kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

Tónlist

14.00 Hátíð tileinkuð kammertónlist eftir Felix Mendelssohn í Salnum, Kópavogi, lýkur með tónleikunum Listin og Lífið. Ari Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Agnarsson og Nína Margrét Grímsdóttir spila lög hans.

16.00 Hljómsveitin Pamyua heldur tónleika á heimili Uni og Jóns Tryggva að Merkigili á Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög vel þegin.

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



Hugarró og vellíðan í staðinn fyrir áhyggjur og streitu

Nýtt 6 vikna námskeið hefst þriðjudaginn 19. feb. Einu sinni í viku frá 20.15–21.45. Verð: 24.500.- Mikil áhersla er lögð á hagnýtar æfingar og virkni þátttakenda. Námskeiðinu fylgir hugleiðsludiskur.

MINDFULNESS (núvitund) gegn streitu með ÁSDÍSI OLSEN

ANDARTAK Jóga og heilsustöð

Skipholti 29A / andartak@andartak.is / www.andartak.is / Ásdís 898 9830 / Guðrún 896 2396

Purfa að verða ástfangin

Rokkarinn Dave Grohl úr Foo Fighters og fyrrum trommari Nirvana, telur að söngvarar sem verða frægir í hæfileikabáttum í sjónvarpinu séu að missa af mikilvægri reynslu.

„Það er mikilvægt fyrir næstu kynslóð að vita að þetta snýst ekki um að taka þátt í raunveruleikabætti og fá athygli þar. Þú þarft að verða ástfanginn af tónlist og upplifa það. Að vilja stofna hljómsveit og allt sem því fylgir.“

sagði Grohl við The Sun en hann er að kynna heimildarmynd sína Sound City.



DAVE GROHL
Rokkarinn hefur ekki miklar mætur á raunveruleikabáttum.

Stendur með Stewart

Leikkonan Emma Watson kemur Kristen Stewart til varnar í nýju viðtali við ítalska Vanity Fair. Watson segir Stewart hafa fengið slæma útreið í fjölmiðlum eftir að hún varð uppvís að framhjáaldi.

„Fólkið sem gagnrýndi hana er sama fólk og heldur að líf fræga fólksins sé fullkomið. Því finnst

Kristen eiga allt illt skilið því fram að því átti hún fullkomið líf og hún eyðilagði það allt,“ segir Watson um málið.



STENDUR MEÐ KRISTEN Emma Watson finnur til með Kristen Stewart.

NORDICPHOTOS/GETTY

NÚ ER AÐ HRÖKKVA EÐA STÖKKVA

Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð.

Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger.

Það er líka einstaklega bragðgott!

Það er engin tilviljun að BURGER er vinsælasta hrökkbrauðið á Íslandi.



BURGER

HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!

Enginn viðbættur sykur, ekkert ger.

Vinsæl vöðvabúnt

Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone eru báðir komnir vel yfir sextugt. Þrátt fyrir það eru þeir báðir í sviðsljósinu í tveimur nýjum hasarmyndum.

Vöðvabúntin og testósteróntröllin Arnold Schwarzenegger og Sylvester Stallone virðast eiga nfu líf í kvikmyndabransanum. Þrátt fyrir að vera komnir vel á sjötugsaldurinn leika þeir báðir í nýjum hasarmyndum sem eru komnar í bíó hérlendis. Schwarzenegger í The Last Stand og Stallone í Bullet to the Head.

Hér áður fyrr voru þeir tvær af heitustu hasarmyndhetjum heimsins eftir að hafa túlkað Rocky, Rambó, Tortímandann og villimanninn Conan eins og þeim einum er lagið. Núna, rúmum fjörutíu árum eftir að þeir hófu feril sinn, eru þeir enn að og virðast ekkert ætla að slaka á í bráð.

Báðir gengu þeir í gegnum þurrkatímabil. Hjá Stallone stóð það yfir í rúman áratug, eða til ársins 2006 þegar hann ákvað að draga upp boxhanskana að nýju í sjöttu myndinni um Rocky. Síðan þá hefur honum

gengið allt í haginn. Endurkoma Rambo 2008 gekk vel og The Expendables-myndirnar hans tvær hafa báðar hitt í mark. Sú þriðja er einmitt í undirbúningi



SAMHERJAR Vel fór á með Stallone og Schwarzenegger á frumsýningu The Expendables 2 í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

Stallone

Fæddur: 1946 í New York

Hæð: 177 cm

Fyrsta mynd: The Party at Kitty and Stud's (1970)

Sló í gegn: Rocky (1976)

Mesta klúðrið: Oscar (1991)

en Schwarzenegger lék einmitt nokkuð stórt hlutverk í henni.

Schwarzenegger átti erfið ár frá 1997 þegar hann lék í hinni misheppnuðu Batman

FYRIR TUTTUGU ÁRUM Stallone og Schwarzenegger bitust um bíógestina hér á landi fyrir tuttugu árum þegar Cliffhanger og The Last Action Hero voru samtímis í bíó.

Schwarzenegger

Fæddur: 1947 í Austurríki

Hæð: 188 cm

Fyrsta mynd: Hercules In New York (1970)

Sló í gegn: Conan the Barbarian (1982)

Mesta klúðrið: Last Action Hero (1993)

& Robin þangað til árið 2003 er hann lék Tortímandann í þriðja sinn við góðar undirtektir. Eftir að hafa tekið sér hlé frá kvikmynda-leik til að sinna starfi ríkisstjóra Kaliforníu sneri Schwarzenegger aftur. Að sjálfsgöðu eru gamlir kunningjar handan við hornið hjá honum því The Legend of Conan á að koma út á næsta ári, auk þess sem hann hefur verið orðaður við hlutverk í Terminator 5.



THE LAST STAND „Það er töggur í gamla þó skrokkurinn sé farinn að láta á sjá ...“

Eldhress endurkoma

BÍÓ ★★★★★

The Last Stand

Leikstjórn: Kim Ji-woon. **Leikarar:** Arnold Schwarzenegger, Forest Whitaker, Johnny Knoxville, Luis Guzmán, Jaimie Alexander, Eduardo Noriega, Peter Stormare, Génesis Rodríguez.

Það eru liðin tíu ár síðan Arnold Schwarzenegger var síðast í stóru hlutverki í kvikmynd, en hann eyddi megninu af síðasta áratug í að safna spiki í ríkisstjórastól Kaliforníufylkis Bandaríkjanna. En kjörtímabilinu er lokið og þessi gamli harðjagl er mættur aftur á hvíta tjaldið í kvikmyndinni The Last Stand.

Segir hún frá lögreglustjóra í smábæ einum, rétt norðan við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó, sem þarf að taka á honum stóra sínum þegar lífshættulegur eiturlyfjavarón er væntanlegur í gegnum bæinn. Sá er á flotta undan lögreglu og freistar þess að komast yfir landamærin. Skerfarinn er ekki með marga lögreglumenn á sínum snærum og þarf hann því að grípa til ýmissa óhefð-

bundinna ráða til þess að eiga roð í skúrkinn.

Myndin er þrælskemmtileg og sérstaklega vel sniðin að þörfum hinnar öldnu hasarhetju. Það er töggur í gamla þó skrokkurinn sé farinn að láta á sjá og fimmaura-brandarar um elli Arnolds undirstrika það að hann gerir sér fulla grein fyrir því að hans bestu ár eru að baki. Leikhópurinn virðist skemmta sér vel og það er kærkomið að sjá hinn frábæra Luis Guzmán í nokkuð stóru hlutverki, aldrei þessu vant. Það verður þó að segjast að Forest Whitaker er lítið sannfærandi sem FBI-hörkutól.

The Last Stand mun seint teljast til lykilmýnda Svakanaggsins en er eldhress endurkomumynd og stendur undir öllum þeim væntingum sem til hennar eru gerðar. Bílaeltingarleikirnir, handalögmálin og blóðugir byssu-bandagarnir standast ströngustu gæðakröfur hasarhundsins og ljóst er að Arnold kann þetta enn þá.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Schwarzenegger stenst endurtökuprófið með glæsibrag.



Glímuskjálfti eftir Dag Sigurðarson

BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur



Það eru ótal bækur sem hafa breytt lífi mínu en kannski eru fáar sem skiptu jafn miklum sköpum og ljóðasafnið Glímuskjálfti, ritsafn Dags Sigurðarsonar. Ég vissi ekki hvað ljóð gætu verið fyrir en ég las Dag – vissi ekki að orð gætu orðið neitt í líkingu við Kvíabryggjukantötuna, að þessi leikur, þessi gleði og þessi gredda gæti verið uppistaðan og undirstaðan í bókmenntum. Í Glímuskjálfta er líka að finna þýðingar, meðal annars á Ameríku eftir Allen Ginsberg, sem ég þýddi svo aftur sjálfur seinna (og fannst og finnst enn vera hálfgerð helgisþjöll að þýða það upp á nýtt). Ginsberg opnaði síðan dyrnar að enn fleiri og magnaðri bókmenntum – ég held áfram að fleyta kerlingar skáld af skáldi, þetta er keðjuverkun sem sér ekki enn fyrir endann á. Það er verst að ég man ekkert hvernig ég komst yfir þessa bók, kannski ég hafi keypt hana á bókamarkaði í Hnífsdal í misgrípum fyrir einhverjar kommúnista-bókmenntir (sem voru mínar ær og kúr á fyrstu menntaskólaárunum).

12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

PAR Á MEDAL

BESTI LEIKAR ÁRSINS - BESTI LEIKSTJÓRI ÁRSINS - BESTA MYND ÁRSINS

GOLDEN GLOBE - BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
DANIEL DAY-LEWIS



MYND EFTIR STEVEN SPIELBERG

LINCOLN

DANIEL DAY-LEWIS



-R.P. MBL



-EMPIRE



-ROGER EBERT

MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI - NÚ Í BÍÓ

ÚTSALA

Lokadagur

EKKI MISSA AF LOKADÖGUM ÚTSÖLUNNAR MEÐ 25% OUTLET AFSLÆTTI!

ALLT AÐ

80%

AFSLÁTTUR

AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*

Nike • Adidas • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly • Arena
Zara • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix • Imac
Bullboxer • Kaffe • Veto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU
OUTLET



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



SLEPPTU DÝRINU LAUSU
Í ÞÉR

DÚ BORGAR KR. 2990 OG FÆRÐ

15 KLST. GILDIR FYRIR 1 EINSTAKLING
TÍMAKORT Safnar ekki tívalípunktum
1,5 klst í öllum takjunum nema tæki sem gefa vinninga

TILBOÐ KR. 150 Í BRAUÐFORMI

DÚ BORGAR KR. 3000 OG FÆRÐ

4000 KR. INNEIGNARKORT
Safnar tívalípunktum og allir fá vinning

Nú er tilvalið að koma með alla fjölskylduna í Skemmtigarðinn og hafa gaman saman

DÚ BORGAR KR. 6000 OG FÆRÐ

10.000 KR. INNEIGNARKORT
Safnar tívalípunktum og allir fá vinning

TILBOÐ KR. 150 FALLTURNINN

pepsi

BETRI STOFAN

Skemmtigardurinn
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna
www.skemmtigardur.is



GOTT AÐ DÝFA Í

Brauð eins og bagettur, tortillur, flatkökur eða önnur góð og heimabökuð krefjast yfirleitt einhvers meðlætis. Hér eru hugmyndir að góðum ídýfum fyrir brauðmeti, hvort sem þær eru bornar fram fyrir máltíð eða með henni.

Halla Bára Gestsdóttir
Gunnar Sverrisson
homeanddelicious.com

1. Dukkah

Frábært til að nota með góðri ólífuolíu – dýfa í olíu og þá í dukkah.

1½ dl heslihnetur eða möndlur
1/3 dl kóríanderfræ
3 msk. sesamfræ
2 msk. broddkúmenfræ
1 msk. svört piparkorn
1 tsk. fennelfræ eða þurrkað rósmarín
1 tsk. þurrkuð mynta
1 tsk. sjávarsalt
1 tsk. hrásykur

Ristið hnetur, fræ, pipar og þurrkrydd á pönnu til að draga fram bragðið. Gætið að því að hafa hráefnin ekki of lengi á pönnunni svo þau brenni ekki. Látið kólna. Setjið í matvinnsluvél ásamt salti og hrásykri og maukið fínt. Gætið þess að mauka ekki of mikið því þá verður blandan blaut. Geymist allt að mánuð í kæli.

2. Heit ostaidýfa

Góðgæti sem þetta er alltaf vel þegið! Ljúffengt að dýfa í og tilvalið að bera fram á sneiðum af bagettu eða tortillu.

2 msk. ólífuolía
4 sneiðar beikon, skorið í bita
2 dl blaðlaukur eða vorlaukur, smátt saxaður
2 dl rauð paprika, smátt skorin
200 g spínat, saxað
3 hvítlauksrif, marín
2 dl hreinn rjómaostur
2 dl rifinn ostur eða parmesanostur
1½ dl sýrður rjómi
¼ tsk. salt
¼ tsk. chilipipar

Hitið ofn í 200 gráður. Steikið beikonbitana vel í olíunni, þerrið á eldhúspappír að því loknu. Notið olíuna af beikoninu á pönnunni og mýkið lauk og papriku í um fimm mínútur. Bætið þá spínati og hvítlauk á pönnuna og mýkið í aðrar tvær mínútur. Setjið rjómaost og rifinn ost á pönnuna og látið bráðna saman við grænmetisblönduna. Bætið beikoninu saman við. Smakkið til með salti og chilipipar. Setjið í eldfast mót og í ofn í tíu mínútur. Berið fram heitt.

3. Mangó-chutney

Mangó-chutney hefur mjög mikla möguleika í matargerð. Það er hægt að bera fram eitt og sér, með tortillum, setja ofan á ost sem stungið er í heitan ofn, hræra saman við rjómaost og að sjálfsögðu nota með mat á borð við kjúkling og svínakjöt.

2 mangó, afhýdd og skorin niður í bita
2 dl vatn
3 hvítlauksrif
2 msk. hvítvinsedik
1 dl rúsínur
1 tsk. salt
2 cm fersk engiferrót
3 msk. hrásykur
1 tsk. chiliduft
1 tsk. garam masala
1 tsk. karrí

Setjið allt hráefnið í pott, hrærið vel saman. Látið suðuna koma upp. Lækkið hitann og látið malla í um klukkustund eða þar til blandan tekur að þykkna. Hrærið reglulega í maukinu á meðan það mallar. Stappið blönduna aðeins til að leysa upp mangóið ef þið kjósið. Einnig er hægt að nota töfrasprotu.

HIN EINA SANNA SKÓSPRENGJA

OPIÐ ALLA HELGINA

50%

ásamt öðrum
tilboðum

90%

AFSLÁTTUR

Opnunartími Grafarholti

Virka daga milli kl. 11 og 18

Laugardaga milli kl. 11 og 16

Sunnudaga milli kl. 13 og 17

Opnunartími Smáratorgi

Virka daga milli kl. 11 og 18

Laugardaga milli kl. 11 og 18

Sunnudaga milli kl. 11 og 18

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

eCCO®
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

.....*Toppskórinn*.....
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109 **Outlet**

.....*Toppskórinn*.....
Markaður

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us

www.skor.is


Gráminn ræður ríkjum

Gráir litir og leður verða áberandi næsta haust.

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór fram í síðustu viku og þar sýndi fjöldi hönnuða haust- og vetrarlínur sínar fyrir 2013. Vivienne Westwood var á meðal hönnuða tískuvikunnar og sýndi þar Anglomania-línu sína. Sé tekið mið af línunum norrænu hönnuðanna sem sýndu á tískuvikunni munu gráir tónar og leður vera áberandi næsta haust.



IVAN GRUNDAHL



NOA NOA



BAUM UND PFERDGARTEN

ANNE SOFIE MADSEN



MALENE BIRGER




BRUUNS BAZAAR

FALLEGU FÆREYJAR Á FRÁBÆRU VERÐI

SMYRIL LINE 30 ÁRA

FÆREYJAR
2 fullorðnir + 2 börn
(3-11 ára) með bil
verð frá **104.000**
smyrilline.is/
færeyjar-með-bilinn



GRUNDVALLARREGLA Christopher Walken segir fólki að nota ætíð bílbelti.
NORDICPHOTOS/GETTY

Notið bílbeltin

Leikarinn Christopher Walken var gestur í kvikmyndabættinum *Off the Cuff*. Í þættinum gaf Walken aðdáendum sínum gott ráð sem gæti gagnast þeim í gegnum lífið.

Stjórnandi þáttarins, Peter Travers, spurði leikarann hvort hann gæti deilt með áhorfendum. „Mín ráð eru nokkuð hefðbundin. Jafnvel í limmósiunni festi ég sætisbeltið mitt. Ég er búinn að festa beltíð áður en bíllinn ekur af stað. Það er grundvallarregla fyrir lífið,“ sagði leikarinn sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Nick Chevotarevich í myndinni *The Deer Hunter*.




YODA Hinn forni Jedi-meistarinn á marga aðdáendur.

Unnið að sérmyndum um Stjörnustríðspersónur

Bob Iger, yfirmaður hjá Walt Disney-kvikmyndafyrirtækinu, hefur staðfest að handritshöfundarnir Larry Kasdan og Simon Kinberg séu báðir að vinna að myndum sem fjalla um einstakar persónur úr Stjörnustríði.

„Ætlu okkar er að gera *Star Wars VII*, *VIII* og *IX* á um það bil sex árum og sú vinna hefst árið 2015. En það verða líka aðrar myndir gerðar á þeim tíma,“ sagði Iger í samtali við CNBC.

Eðlilega hafa Stjörnustríðs-aðdáendur um allan heim velt fyrir sér hvaða persónur séu líklegar til að fá sínar eigin myndir utan þrileiksins. Vefsíðan Ain't It Cool News greindi fyrst frá því að aldri Jedi-meistarinn Yoda verði ein þeirra og samkvæmt Entertainment Weekly er einnig verið að vinna að myndum um Han Solo, eða Hans Óla, á yngri árum




PAKKAFERÐ – HÓTEL FÆREYJAR

Hótel Færeyjar er rétt fyrir utan Þórshöfn aðeins í um 25 mín. göngufæri eða 5 mín. með bíl. Fallegt og friðsælt umhverfi með frábæru útsýni yfir Þórshöfn. Velkomin til Þórshafnar – minnsta höfuðstaðar í heimi!

2 fullorðnir:

4 nætur í vor, frá **85.560** á mann
08.05-22.05

7 nætur í sumar, frá **134.940** á mann
27.06-08.08



SUMARHÚS Í FÆREYJUM

Komdu með fjölskylduna eða vinina til Færeyja, leigðu sumarhús eða íbúð og taktu bílinn með. Njóttu þess að ferðast á eigin bíl og skoða þessar fallegu eyjar í norðri.

2 fullorðnir og 2 börn (3-11 ára):

4 nætur frá **44.100** á mann
01.05-05.06 & 28.08-16.10

7 nætur frá **61.880** á mann
27.06-08.08



MEÐ HÚSBÍLINN

Fallegu Færeyjar – heimili fjölskyldunnar í næsta sumarfríi. Komdu með húsbílinn og ferðastu um fallegu Færeyjar. Við þekkjum Færeyjar vel og aðstoðum við að skipuleggja ferðina.

2 fullorðnir og 2 börn (3-11 ára):

Lágannatímabil, frá **27.250** á mann
03.04-20.06 & 15.08-23.10

Háannatímabil, frá **45.500** á mann
26.06-14.08

570-8600 / 472-1111 · www.smyrilline.is

Ólíkir bakgrunnar eru mikill kostur

Lísa, Anthony og Ýr reka Reykjavík Trading Co. sem framleiðir umhverfisvænar vörur fyrir heimilið.

„Við Lísa kynntumst í Menntaskólanum við Hamrahlíð og höfum verið bestu vinkonur síðan þá. Það var mjög „kreatíft“ andrúmsloft í MH og okkur langaði mikið að gera eitthvað skapandi saman. Eftir útskrift fór Lísa út til Nýja-Sjálands í nám í innanhússarkitektúr en þegar hún flutti aftur heim árið 2010 fórum við aftur að ræða möguleikann á því að hanna saman,“ segir Ýr Káradóttir sem rekur Reykjavík Trading Co. ásamt

Lísu Kjartansdóttur og Anthony Bacigalupo. Þremmenningarnir hanna umhverfisvænar vörur fyrir heimilið.

Bakgrunnur þríeykisins er ólíkur. Ýr er ferðamálafræðingur að mennt, Lísa er hálfur Nýsjálandingur og innanhússarkitekt að mennt og Anthony er listamaður ættaður frá Kaliforníu. Að sögn Ýrar er þetta þó ekki til vandræða heldur þeirra helsti styrkur því úr verður skemmtileg blanda sem ekki á sér hliðstæðu hér á landi.

Meðal þess sem fyrirtækið framleiðir eru skurðbretti í tveimur stærðum. Önnur hlið þess er hugsað sem skurðbretti og hin til framleiðslu og er sagan á bak við tilurð þess nokkuð skemmtileg. „Við Anthony áttum stórt skurðbretti úr Ikea sem datt óvart út um eldhúsgluggann og brotnaði í tvennt. Annar hlutinn var mjórri en hinn og við enduðum á því að nota þann hluta mjög mikið. Það var ekki hægt að kaupa þessa stærð af brettum hér og það varð

hvatinn að brettunum,“ segir Ýr hlæjandi. Vörur fyrirtækisins fást nú þegar í einni verslun í Kaliforníu og í annarri í Kaupmannahöfn og verða brátt einnig fáanlegar í Epal. „Við fáum að sýna nýjar vörur í Epal í tengslum við Hönnunarmars, svo kemur framhaldið í ljós síðar,“ segir hún.

Hægt er að skoða vörurnar frá Reykjavík Trading Co. nánar á Facebook síðu fyrirtækisins og heimasíðu þess www.reykjaviktrading.com.



PREMENNINGARNIR Lísa Kjartansdóttir, Anthony Bacigalupo og Ýr Káradóttir reka saman Reykjavík Trading Co. MYND/ANTHONY BACIGALUPO



Á SÉR MARKMIÐ Pink segir hamingju vera hennar helsta markmið í lífinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Pink vill vera hamingjusöm

Bandaríska söngkonan Pink segir að markmið sitt í lífinu sé að vera hamingjusöm. Hún ræddi ástina, ferilinn og ýmislegt annað í viðtali við tímaritið Redbook.

„Ég hef alltaf verið talin karlmannleg í vexti. Fegurð hefur aldrei verið eitt af markmiðum mínum, en hamingja er það. Ég vil vera heilbrigð, kraftmikil, nytsamleg, vel gefin og ástfangin. Þetta er spurning um hamingju og ég upplifi slíka hamingju núna,“ sagði söngkonan, sem er gift mótorkrosskappanum Carey Hart og á með honum dótturina Willow.

APP VIKUNNAR



Hello Vino

Góð vín geta verið óhóflega góð í góðu hófi. Það hafa hins vegar ekki allir nógu mikinn áhuga á góðum vínum til þess að þekkja þau frá vondum. Og þegar vínneyslan er aðeins örfáum sinnum á ári getur verið erfitt að átta sig á góðum tilboðum þegar þau gefast.

Snjallsíminn á auðvitað ráð við þessu því Hello Vino-appið veitir þér allar þær upplýsingar sem þú þarft að hafa þegar þú velur þér vín í vínbúð eða á veitingastað. Forritið lætur þig vita þegar góð tilboð eru í nágrenninu og þú getur tekið mynd af merkingum á flöskunni sem appið greinir og flettir upp í gagnagrunni sínum. Þegar appið er búit að átta sig á hvaða vín er til skoðunar færðu allar upplýsingar sem góður vínráðgjafi gæfi þér. Hentugt app fyrir sælkeri.

Skýringar:

- 🍏 App fyrir Apple-tæki
- 🤖 App fyrir Android-tæki
- 🪟 App fyrir Windows



Potta

OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

NÝ
VEFVERSLUN

Yfir
100
tegundir

15-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

Tilboðið gildir aðeins í nokkra daga
Sparaðu þúsundir!

STÓRIR POTTAR
LITLIR POTTAR
SKAFTPOTTAR
PRÝSTIPOTTAR
PÖNNUKÖKUPÖNNUR
STEIKINGARPOTTAR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
GRUNNAR PÖNNUR
GRILLPÖNNUR
WOK-PÖNNUR

Merki:

EVA TRIO / JAMIE OLIVER / TEFAL
FISSLER / TRISTAR / BEKA / SWAN
GRUNWERG / MUST / ROASTER
NORPRO / SCHOU OG FLEIRI OG FLEIRI

ÖTRÚLEGT ÚRVAL

bygggtogbúið

568 9400 bygggtogbuid.is | Kringlunni

Líkir Sólveigu við Pattie Boyd

The Daily Mail líkir Sólveigu Káradóttur við fyrrum eiginkonu George Harrison.

Vefsíðan Dailymail.co.uk birti langa grein um Sólveigu Káradóttur og eiginmann hennar, tónlistarmanninn Dhani Harrison, á fimmtudag. Greinin snýst að mestu um hversu mikill svipur sé með hjónunum og föður Dhanis, Bítlinum George Harrison, og fyrrum konu hans, Pattie Boyd. Sólveig og Harrison voru viðstödd frumsýningu kvikmyndarinnar Beautiful Creatures í Los Angeles en Harrison samdi tónlist myndarinnar ásamt hljómsveit sinni TheNewno2.



Á RAUDA DREGLINUM Blaðamaður The Daily Mail segir Sólveigu Káradóttur sláandi líka Pattie Boyd.

„Er Dhani og eiginkona hans, fyrrverandi fyrirsæta sem gerðist sálfræðingur, gengu rauða dreglinn þóttu þau sláandi lík George og fyrstu eiginkonu hans, Boyd,“ stóð meðal annars í greininni.

Blaðamaðurinn rifjar einnig upp brúðkaup Sólveigar og Harrison og segir það hafa verið sannkallaða rokk- og rólsamkomu.

Samkvæmt greininni býr parið í Los Angeles en á einnig heimili á Hawaii.

Vill ekki vera Annie

Willow Smith hætti við að leika í myndinni Annie.

Will Smith sagði fyrst frá því í janúar 2011 að hann ætlaði að framleiða endurgerð söngvamyndarinnar Annie og átti dóttir hans, Willow Smith, að fara með hlutverk hinnar munaðarlausu Annie. Nú hefur hins vegar komið í ljós að Willow mun ekki leika í kvikmyndinni.

Will Gluck hefur verið fenginn til að leikstýra myndinni og sagði í viðtali við Deadline.com að Willow væri orðin of gömul til að fara með hlutverk Annie. Faðir söng- og leikkonunnar segir þó aðra ástæðu

fyrir því að dóttir hans hafi dregið sig í hlé.

